



## Verðbréfalýsing skuldabréfa

VIS 16 1

20. júlí 2016

Verðbréfalýsing þessi er gefin út af Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík (einnig nefnt „útgefandi“ í verðbréfalýsingu þessari). Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefandans dagsettri 20. júlí 2016 og samanstendur af verðbréfalýsingu þessari dagsettri 20. júlí 2016 og útgefandalýsingu dagsettri 20. júlí 2016.

Lýsingin er gefin út vegna fyrirhugaðrar umsóknar útgefanda um að skuldabréf útgefin af Vátryggingafélagi Íslands hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland (með „Nasdaq Iceland“ er í verðbréfalýsingu þessari átt við Kauphöll Íslands hf., skráð hjáheiti NASDAQ Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, Reykjavík) sem er skipulegur verðbréfamarkaður. Lýsingin tekur til allra skuldabréfa sem verða gefin út hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. undir auðkenninu VIS 16 1 (einnig nefnd „skuldabréfin“ og „skuldabréfaflokkurinn“ og „VIS 16 1“ í verðbréfalýsingu þessari).

Lýsingin er birt á vef útgefanda, [www.vis.is/fjarfestar](http://www.vis.is/fjarfestar), og má nálgast hana þar rafrænt. Auk þess má óska eftir henni á prentuðu formi hjá útgefanda.

ARCTICA FINANCE

## Efnisyfirlit

|   |           |
|---|-----------|
| <b>1. ÁHÆTTUÞÆTTIR</b> .....  | <b>4</b>  |
| 1.1. Almenn áhætta skuldabréfa.....   | 4         |
| 1.2. Lagaumhverfi skráðra verðbréfa á skipulegum verðbréfamarkaði og töku til viðskipta .....   | 4         |
| 1.3. Áhætta tengd skuldabréfaflokknum .....   | 5         |
| 1.3.1. Markaðsáhætta .....  | 5         |
| 1.3.2. Seljanleikaáhætta.....   | 5         |
| 1.3.3. Lausafjáraáhætta .....   | 5         |
| 1.3.4. Áhætta við gjaldþrot .....   | 6         |
| 1.3.5. Sérstök skilyrði .....   | 6         |
| 1.3.6. Breyting á skilmálum háð samþykki ákveðins hlutfalls skuldabréfaeigenda .....  | 6         |
| 1.3.7. Áhætta vegna vísitölu neysluverðs.....   | 7         |
| 1.3.8. Uppgreiðsluáhætta .....  | 7         |
| 1.3.9. Uppgjörsáhætta .....   | 7         |
| <b>2. UPPLÝSINGAR UM SKULDABRÉFIN OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA</b> .....   | <b>8</b>  |
| 2.1. Útgefandi.....   | 8         |
| 2.2. Heimild skuldabréfaútgáfu.....   | 8         |
| 2.3. Ábyrgð á endurgreiðslu útgáfu .....  | 8         |
| 2.4. Löggjöfin sem skuldabréfin eru gefin út í samræmi við.....   | 8         |
| 2.5. Útgáfuform skuldabréfanna og greiðslufyrirkomulag .....  | 8         |
| 2.6. Framsal.....   | 9         |
| 2.7. Hlunnindi.....   | 9         |
| 2.8. Skattamál.....   | 9         |
| 2.9. Ágreiningsmál.....   | 9         |
| 2.10. Auðkenni skuldabréfa Vátryggingafélags Íslands hf., nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda ..... | 9         |
| 2.11. Viðskipti með skuldabréfin á skipulegum verðbréfamarkaði.....   | 13        |
| 2.11.1. Umsókn um töku til viðskipta.....   | 13        |
| 2.11.2. Tilgangur .....   | 14        |
| 2.11.3. Umsjónaraðilar og aðrir ráðgjafar.....  | 14        |
| <b>3. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA</b> .....  | <b>15</b> |
| 3.1. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar .....  | 16        |
| 3.2. Skilgreiningar og tilvísanir .....   | 16        |
| 3.3. Aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis.....   | 17        |
| 3.4. Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar fyrir hönd útgefanda .....  | 17        |
| <b>4. ÚTGÁFULÝSING VIS 16 1</b> .....   | <b>18</b> |

Þessi síða er vísitandi höfð auð.

# 1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Fjárfesting í skuldabréfum felur í sér ýmsa áhættuþætti. Verðmæti skuldabréfanna getur lækkað jafnt sem hækkað. Fjárfestar geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í skuldabréfunum eða eftir atvikum hluta hennar.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í skuldabréfum sem Vátryggingafélag Íslands hf. gefur út í flokknum VIS 16 1 er mikilvægt að fjárfestar leggi sjálfir mat á þá áhættu sem felst í að fjárfesta í skuldabréfunum. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á skuldabréfunum kunna að hafa og eru hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða ráðgjöf. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í útgefandalýsingu dagsettri 20. júlí 2016 og verðbréfalýsingu þessari, sérstaklega um þá áhættu- og óvissuþætti sem lýst er í kafla um áhættuþætti og gætu haft veruleg áhrif á Vátryggingafélag Íslands hf. og fjárfestingar í skuldabréfum útgefnum af félaginu.

Hér á eftir fer umfjöllun um þá áhættuþætti sem útgefandi telur samkvæmt bestu vitund að eigi sérstaklega við um skuldabréf útgefin af honum svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim og getu útgefandans til að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum í tengslum við skuldabréfin, en þeim er ekki skipað í röð eftir mikilvægi.

Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að aðrir þættir en þeir sem eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um, geti haft áhrif á getu útgefanda til að uppfylla skyldu sína samkvæmt skuldabréfunum.

## 1.1. Almenn áhætta skuldabréfa

Fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu og þrátt fyrir að standa framar í röð kröfuhafa en t.a.m. eigendur hlutabréfa, geta eigendur skuldabréfa tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í skuldabréfunum, að heild eða hluta. Margvísleg atriði geta valdið verðbreytingum á fjármálagerningum og þá skuldabréfum útgefanda, s.s. almennt efnahagsástand, vaxtaákvæðanir Seðlabanka Íslands, breytingar á lögum og reglum fjármálamarkaða, skattalöggjöf og aðrir ófyrirséðir atburðir. Einnig má nefna áhættuþætti á borð við markaðs- og verðbólguáhættu, seljanleikaáhættu auk þátta er snúa að skilmálum og réttindum skuldabréfa útgefanda.

Fjárfesting í skuldabréfum felur einnig í sér markaðs-, seljanleika- og mótaðilaáhættu. Markaðsáhætta skapast af verðbreytingum á tilteknum skuldabréfamarkaði í heild sinni sem rekja má til óvæntra atburða og breytinga á ytri skilyrðum sem hafa áhrif á rekstur fyrirtækja og þjófdráðsins í heild. Seljanleikaáhættan felst í því að eftirspurn eftir skuldabréfum útgefanda getur verið mismikil frá einum tíma til annars. Mótaðilaáhætta felst í því að við kaup eða sölu skuldabréfa eða gerð annarra samninga um fjármálagerninga er hugsanlegt að samningsaðili efni ekki samninginn þegar að uppgjöri kemur.

Þeir sem hafa í hyggju að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af útgefanda þurfa að hafa í huga að ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfestingin muni reynast arðsöm. Þá skulu væntanlegir fjárfestar einnig hafa það hugfast að þrátt fyrir að fjárfesting í skuldabréfum kunni að skila góðri ávöxtun almennt er sú hætta ávallt fyrir hendi að skuldabréf útgefin af einstökum félögum reynist óarðbær. Af þeim sökum er væntanlegum fjárfestum bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér fjárfestingarráðgjafar.

Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem opinber yfirvöld skapa fyrirtækjum. Umfangsmiklar breytingar á þeim lagaramma sem gildir um fjármálamarkaði geta haft neikvæð áhrif og skapað óróa á mörkuðum.

## 1.2. Lagaumhverfi skráðra verðbréfa á skipulegum verðbréfamarkaði og töku til viðskipta

Lýsing, sem verðbréfalýsing þessi er hluti af, er birt í tengslum við umsókn um að skuldabréfaflokkur verði tekinn til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ Iceland hf, kennitala 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi. Útgefandi og fjármálagerningar sem hann gefur út falla undir ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfavíðskipti, samanber lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Um útgáfu skuldabréfanna gilda íslensk lög og eru þau verðbréf í skilningi 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Um skuldabréfin gilda enn fremur lög nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa og óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf.

Tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 og tilskipun 2010/73/ESB um lýsingar og undirgerðir þeirra hefur verið innleidd í íslenskan rétt með ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglugerðum settum á grundvelli þeirra, þ.e. reglugerðar nr. 837/2013 um almennt útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og reglugerðar nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga, allt með áorðnum breytingum. Lýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum IX og XIII við fylgiskjal I við reglugerð nr. 243/2006. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga* sem gefnar voru út af NASDAQ Iceland hf. 17. desember 2013.

Um útgefandann og verðbréfin útgefin af honum gilda reglur Fjármálaeftirlitsins (einnig nefnt „FME“ í verðbréfalýsingu þessari) nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik auk reglugerðar nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Útgefandinn lýtur einnig *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga* sem gefnar voru út af NASDAQ Iceland hf. þann 17. desember 2013 í samræmi við lög nr. 110/2007 um kauphallir. Skuldabréfin sem útgefandinn gefur út lúta sömu reglum.

Útgefanda ber að fara eftir framangreindum lögum og reglum, sem meðal annars fela í sér upplýsingaskyldu. Brot á þeim kunna að hafa fjárhagsleg áhrif á útgefanda. Alvarleg brot á þessum reglum kunna að hafa það í för með sér að NASDAQ Iceland hf. taki skuldabréf útgefanda úr víðskiptum um tiltekinn tíma eða endanlega. Brjóti útgefandi framangreindar reglur kann það enn fremur að hafa áhrif á orðspor útgefanda og getur það haft þær afleiðingar að skuldabréf útgefanda falli í verði.

Þeir sem fjárfesta í skuldabréfum útgefanda falla undir lög og reglur sem varða verðbréfavíðskipti, s.s. reglur um víðskipti innherja vegna verðbréfa félaga sem tekin hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Brot gegn tilteknum ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, framin af ásetningi eða gáleysi, varða sektum eða fangelsi allt að tveimur eða sex árum.

### 1.3. Áhætta tengd skuldabréfaflokknum

#### 1.3.1. Markaðsáhætta

Skuldabréfamarkaðir eru næmir fyrir ýmsum áhrifaþáttum sem geta án fyrirvara leitt til lækkunar eða hækkunar skuldabréfaverðs. Markaðsáhætta skuldabréfanna felur í sér þá áhættu að verð fjármálagerninga sveiflist almennt séð á markaði. Virði skuldabréfanna getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum, en ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði bréfanna og á hinn bóginn ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði bréfanna.

#### 1.3.2. Seljanleikaáhætta

Skuldabréfin VIS 16 1 hafa ekki áður verið tekin til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þrátt fyrir að sótt verði um töku skuldabréfanna til víðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ Iceland hf. er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með skuldabréfin. Þá hvílir engin skylda á útgefanda til að viðhalda slíkum skilvirkum markaði. Ekki hefur verið samið um víðskiptavakt með skuldabréfin og er víðskiptavakt ekki fyrirhuguð fyrir tilstuðlan útgefandans.

Seljanleikaáhætta er áhættan á að ekki reynist unnt að selja skuldabréf þegar vilji stendur til. Áhættan birtist bæði með þeim hætti að markaðurinn geti ekki tekið við því magni sem til stendur að selja þar sem kaupendur vantar, en einnig er verðmyndun oft með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi og því næst ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið.

#### 1.3.3. Lausafjáráhætta

Útgefandi getur lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga. Með skuldabréfunum skuldbindur útgefandi sig til að greiða skuldabréfin á fyrir fram

ákveðnum gjalddögum og ber einn ábyrgð á þeirri skuldbindingu. Útgefandi fjármagnar það með tekjum sínum eða lántöku.

Stýring lausafjánhættu útgefanda og samstæðu hans felst meðal annars í því að tryggja að nægilegt laust fé sé til staðar á hverjum tíma til að standa við allar skuldbindingar þess og að sem best jafnvægi sé á milli skuldbindinga og vænts sjóðstreymis. Útgefandi ber ábyrgð á því að eiga nægilegt laust fé til að greiða af skuldabréfunum á gjalddögum þeirra.

#### **1.3.4. Áhætta við gjaldþrot**

Kröfur samkvæmt skuldabréfunum eru víkjandi og skulu víkja fyrir öllum almennum kröfum á hendur útgefanda. Við gjaldþrot eða slit útgefanda endurgreiðist krafa um greiðslu samkvæmt skuldabréfunum á eftir öllum almennum kröfum, samhliða kröfum samkvæmt öðrum víkjandi skuldum, en á undan kröfum til endurgreiðslu hlutafjár og öðrum kröfum sem njóta sömu réttihæðar (þ.e. eru pari passus) og kröfur um endurgreiðslu hlutafjár.

#### **1.3.5. Sérstök skilyrði**

Útgefanda er heimilt hvenær sem er að fresta greiðslu vaxta samkvæmt skuldabréfunum. Þá er útgefanda heimilt hvenær sem er að inna af hendi vaxtagreiðslu, að hluta eða í heild, sem frestað hefur verið. Frestaðar vaxtagreiðslur bera enga vexti og eru ekki verðtrygðar.

Allar vaxtagreiðslur sem frestað hefur verið í samræmi við framangreint, gjaldfalla og ber að greiða í eftirfarandi tilvikum:

- a. Um leið og ákvörðun hefur verið tekin eða úrskurður eða dómur fallið um töku útgefanda til gjaldþrotaskipta eða slit á útgefanda.
- b. Um leið og ákvörðun hefur verið tekin um að útgefandi greiði arð, lækki hlutafé í útgefanda eða kaupi eigin hluti.
- c. Um leið og heimild til innágreiðslu eða uppgreiðslu samkvæmt skuldabréfum þessum er nýtt.

Skylda útgefanda til greiðslu frestaðrar vaxtagreiðslu skal, þrátt fyrir framangreint, ekki vera til staðar á þeim tímapunkti ef:

- a. Útgefandi uppfyllir ekki ákvæði laga um gjaldþol eða mun ekki uppfylla þau ákvæði í kjölfar greiðslu frestaðrar vaxtagreiðslu, eða
- b. Útgefanda er skylt að fresta áfram greiðslu vaxta skuldabréfanna til að skuld samkvæmt skuldabréfunum uppfylli skilyrði laga til að mynda grunn að útreikningi gjaldþols útgefanda.

Kröfuhafar skuldabréfanna fá greiddar frestaðar vaxtagreiðslur við formleg slit á útgefanda í sömu kröfuröð og aðrar kröfur á grundvelli skuldabréfanna, enda sé að öðru leyti innistæða fyrir slíkri útborgun í þrotabúi útgefanda þegar að útborgun úr þrotabúi kemur.

Með gjaldþoli er átt við gjaldþol váttryggingafélaga eins og það er skilgreint og reiknað út á grundvelli ákvæða laga og reglugerða á hverjum tíma, við útgáfu skuldabréfanna samkvæmt 31. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi, eða eins og þeim kann síðar að verða breytt, t.a.m. við innleiðingu annarrar gjaldþolstilskipunar ESB (Solvency II) samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins, Commission Delegated Regulation (EU) nr. 2015/35.

#### **1.3.6. Breyting á skilmálum háð samþykki ákveðins hlutfalls skuldabréfueigenda**

Breytingar á skilmálum skuldabréfaflokksins eru háðar samþykki útgefanda, Fjármálaeftirlitsins og 2/3 þeirra skuldabréfueigenda (að fjárhæð en ekki höfðatölu) sem mæta á fund skuldabréfueigenda. Við útreikning skal miða við stöðu krafna á þeim degi sem boðað er til fundar. Litið skal á þá, sem ekki gefa upp afstöðu sína eða mæta ekki á fund skuldabréfueigenda, sem þeir hafi gefið vilyrði sitt fyrir þeirri tillögu sem útgefandi leggur fyrir fundinn. Til fundar skuldabréfueigenda skal boðað með sama hætti og hluthafafundi í útgefanda.

### **1.3.7. Áhætta vegna vísitölu neysluverðs**

Skuldabréfin eru verðtryggð. Viðmiðunarvísitala er dagvísitala sem er reiknuð út frá vísitölu neysluverðs á Íslandi (NEY), sem gefin er út af Hagstofu Íslands. Grunnvísitala bréfanna er dagvísitalan 29. febrúar 2016, sem er 428,46667. Breyting á vísitölunni getur haft áhrif á virði skuldabréfanna, ýmist til hækkunar eða lækkunar.

Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á dagvísitölunni frá útgáfudegi til þess dags sem skuld samkvæmt skuldabréfinu hefur verið greidd upp að fullu.

### **1.3.8. Uppgreiðsluáhætta**

Útgefanda er hvenær sem er heimilt, án sérstaks gjalds og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að greiða höfuðstól og vexti skuldabréfanna upp í heild, en ekki að hluta, fyrir gjalddaga þeirra ef skuldabréfin mynda ekki grunn að útreikningi gjaldþols útgefanda, s.s. að mati eða úrskurði dómstóla, Fjármálaeftirlitsins eða annarra opinberra eftirlitsaðila, t.d. með vísan til 1. mgr. 31. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi, eins og löggin eru við útgáfu skuldabréfanna eða eins og þeim kann síðar að verða breytt, til að mynda við innleiðingu annarra gjaldþolstilskipunar ESB (Solvency II) samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins, Commission Delegated Regulation (EU) nr. 2015/35. Útgefandi skal senda tilkynningu um uppgreiðslu til eigenda skuldabréfanna í gegnum kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Útgefanda er heimilt, án sérstaks gjalds og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að greiða skuld samkvæmt skuldabréfum þessum upp að hluta eða í heild frá og með 1. mars 2026. Tilkynna skal eigendum skuldabréfanna um innágreiðslur eða uppgreiðslu með minnst eins mánaða fyrirvara. Innágreiðslur og uppgreiðsla samkvæmt framangreindri heimild skulu fara fram á vaxtagjalddögum skuldabréfanna.

Að öðru leyti en að framan greinir er útgefanda óheimilt að greiða höfuðstól eða vexti skuldabréfa þessara upp að hluta eða í heild fyrir gjalddaga þeirra.

### **1.3.9. Uppgjörsáhætta**

Í tengslum við möguleg viðskipti með skuldabréfin er sú áhætta til staðar að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki greiðslu eða skuldabréf á réttum tíma.

## 2. UPPLÝSINGAR UM SKULDABRÉFIN OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA

Lýsing þessi er birt í tengslum við umsókn um töku flokks skuldabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ Iceland hf. Upphafleg höfuðstólsfjárhæð útgefinna skuldabréfa í flokknum og heildarheimild útgáfu í flokknum nemur 2.500.000.000 kr. að nafnverði. Í kjölfar þess að lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi mun NASDAQ Iceland hf. fara yfir umsókn félagsins og tilkynna opinberlega hvort hún verði samþykkt og þá að skuldabréfin verði tekin til viðskipta. Tilkynningin mun einnig greina frá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verði með skuldabréfin á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en NASDAQ Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Auðkenni flokksins er VIS 16 1 í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. og verður óskað eftir sama auðkenni í kerfum Kauphallarinnar.

Markmiðið með því að fá skuldabréf Vátryggingafélags Íslands hf. tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ Iceland hf. er að stuðla að auknum seljanleika og markaðshæfi bréfanna auk þess að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um m.a. fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefna af NASDAQ Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma.

Útgefandi ber allan kostnað sem hlýst af því að fá skuldabréf félagsins tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ Iceland hf. og er heildarkostnaður félagsins áætlaður um 50 milljónir króna. Þar er um að ræða kostnað við yfirferð og staðfestingu lýsingar samkvæmt gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins, kostnað við töku skuldabréfa til viðskipta samkvæmt gjaldskrá NASDAQ Iceland hf., kostnað vegna rafrænnar útgáfu skuldabréfanna, þóknun til umsjónaraðila fyrir að hafa umsjón með því ferli að skuldabréf félagsins verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ Iceland hf., kostnað vegna umsjónar með gerð lýsingar og ýmsa aðra smávægilega kostnaðarliði sem til falla við undirbúning á því að fá skuldabréf félagsins tekin til viðskipta á Aðalmarkað NASDAQ Iceland hf.

### 2.1. Útgefandi

#### Vátryggingafélag Íslands hf.

Kennitala: 690689-2009

Stofndagur 5. febrúar 1989.

Heimilisfang: Ármúli 3, 108 Reykjavík, Ísland

Sími: +354 560 5000.

Vefsíða: www.vis.is

### 2.2. Heimild skuldabréfaútgáfu

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. samþykkti þann 23. febrúar 2016 að gefa út og selja verðtryggð víkjandi skuldabréf að fjárhæð ISK 2.500.000.000.

### 2.3. Ábyrgð á endurgreiðslu útgáfu

Útgefandi ber einn ábyrgð á endurgreiðslu skuldabréfanna.

### 2.4. Löggjöfin sem skuldabréfin eru gefin út í samræmi við

Um skuldabréfin gilda meðal annars lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa, lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og jafnframt óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar.

Kröfur samkvæmt skuldabréfunum fýrnast á tíu árum frá gjalddaga, nema kröfur um vexti og verðbætur skuldabréfanna fýrnast á fjórum árum, samkvæmt 3. og 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

### 2.5. Útgáfuform skuldabréfanna og greiðslufyrirkomulag

Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamiðstöðinni hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi. Skilmálar skuldabréfanna eru samkvæmt kafla 2.2 í Útgáfulýsingu, dagsettri 26. febrúar 2016, sem má finna í kafla 4 í verðbréfalýsingu þessari.



Útgefandi mun með milligöngu Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. greiða af skuldabréfunum höfuðstól, vexti og verðbætur á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa falið vörslu á skuldabréfum sínum. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á reikninga eigenda.

## 2.6. Framsal

Engar hömlur eru á framsali skuldabréfanna, en eingöngu er heimilt að framselja þau til nafngreinds aðila. Eignaskráning rafbréfa hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. veitir skráðum eigenda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður að. Er reikningsstofnunum eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim.

## 2.7. Hlunnindi

Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.

## 2.8. Skattamál

Um skattalega meðferð skuldabréfanna fer samkvæmt gildandi skattalögum á hverjum tíma. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skuldabréfaeigendur bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af skuldabréfunum. Sá aðili sem varslar skuldabréf fyrir skuldabréfaeiganda annast útreikning og staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna.

## 2.9. Ágreiningsmál

Um skuldabréf þessi gilda íslensk lög. Rísi dómsmál útaf skuldabréfunum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

## 2.10. Auðkenni skuldabréfa Vátryggingafélags Íslands hf., nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda

|                    |   |
|--------------------|---|
| Auðkenni:          | VIS 16 1  |
| ISIN:              | IS0000026755.   |
| Tegund bréfs:      | Vaxtagreiðslubréf. Skuldabréfin eru gefin út til 30 ára með einum gjalddaga höfuðstóls í lokin. Vextir reiknast frá fyrsta vaxtadegi skuldabréfanna og greiðast þann 1. mars og 1. september ár hvert, fyrst þann 1. september 2016 og síðast 1. mars 2046. |
| Gjaldmiðill:       | ISK – íslenskar krónur.   |
| Heildarheimild:    | ISK 2.500.000.000,-   |
| Útgefið nú:        | ISK 2.500.000.000,-   |
| Nafnverðseiningar: | ISK 20.000.000,-  |
| Útgáfudagur:       | 29. febrúar 2016.   |
| Lokagjalddagi:     | 1. mars 2046. Endurgreiðsla skuldabréfsins á lokagjalddaga skal þó vera háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.  |
| Verðtrygging:      | Skuldabréfin eru verðtryggð. Viðmiðunarvísitala er dagvísitala sem er reiknuð út frá vísitölu neysluverðs á Íslandi (NEY), sem gefin er út af Hagstofu Íslands. Vísitölu neysluverðs má finna á   |

|                              |   |
|------------------------------|---|
|                              | <p>síðu Hagstofunnar <a href="http://www.hagstofa.is">www.hagstofa.is</a>. Grunnvísitala bréfsins er dagvísitalan 29. febrúar 2016, sem er 428,46667.</p> <p>Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á dagvísitölunni frá útgáfudegi til þess dags sem skuld samkvæmt skuldabréfinu hefur verið greidd upp að fullu. Verðbættur höfuðstóll skuldabréfsins reiknast samkvæmt eftirfarandi formúlu:</p> <p>Verðbættur höfuðstóll = Verðbótastuðull x upphaflegur höfuðstóll</p> <p>Ef dagsvísitalan á uppgjörssdegi er lægri en grunnvísitalan, þá skal höfuðstóll skuldar samkvæmt skuldabréfunum samt sem áður nema upphaflegum höfuðstól skuldarinnar.</p> <p>Verðbótastuðull:</p> $\text{Verðbótastuðull} = \frac{\text{Dagvísitala uppgjörssdags}}{\text{Grunnvísitala}}$  |
| Dagvísitala:                 | <p>Dagvísitala reiknast línulega samkvæmt eftirfarandi reiknireglu:</p> <p>Viðmiðunartala fyrir fyrsta daginn í mánuði (m) er NEY (vísitala neysluverðs) tveimur mánuðum áður (m-2); Til dæmis er viðmiðunartalan fyrir 1. maí NEY fyrir marsmánuð. Viðmiðunin fyrir einhvern annan dag í mánuði m reiknast línulega milli NEY fyrir mánuðinn m-2 og NEY einum mánuði áður (m-1), samkvæmt eftirfarandi reiknireglu:</p> $\text{Dagvísitala} = \text{NEY}_{m-2} + \left[ \frac{d-1}{D} X (\text{NEY}_{m-1} - \text{NEY}_{m-2}) \right]$ <p>NEY<sub>m-1</sub> er NEY fyrir fyrsta daginn í mánuði m-1.<br/> NEY<sub>m-2</sub> er NEY fyrir fyrsta daginn í mánuði m-2.</p> <p>Þar sem d er mánaðardagur uppgjörs og D er fjöldi daga í uppgjörsmánuðinum. Dagaregla við útreikning miðast við 30E/360.</p> <p>Dagvísitalan, þ.m.t. grunnvísitalan, námundast með fimm aukastöfum. Sama regla á við um verðbótastuðulinn.</p> |
| Fjöldi gjalddaga höfuðstóls: | Einn, á lokagjalddaga.  |
| Vextir:                      | <p>Skuldabréfin bera 5,25% fasta ársvexti. Vextir hækka um 1% að liðnum 10 árum frá útgáfudegi skuldabréfanna og verða þá 6,25% fastir ársvextir.</p> <p>Verðbótum er bætt við höfuðstól áður en vextir eru reiknaðir út. Nánar tiltekið reiknast vextir á skuld af skuldabréfum þessum samkvæmt eftirfarandi formúlu:</p> <p>Greiddir vextir = Vextir x (dagvísitala á greiðsludegi / grunnvísitala) x Höfuðstóll.</p>   |
| Dagaregla:                   | 30E/360.  |
| Fyrsti vaxtadagur:           | 29. febrúar 2016.   |
| Fyrsti gjalddagi vaxta:      | 1. september 2016.  |
| Fjöldi gjalddaga vaxta:      | Tveir gjalddagar á ári, 1. mars og 1. september ár hvert, fyrst þann 1. september 2016.   |

|                            |   |
|----------------------------|---|
| Greiðsla á lokagjalddaga:  | Á lokagjalddaga greiðist höfuðstóll ásamt verðbótum og vöxtum. Endurgreiðsla skuldabréfsins á lokagjalddaga er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.   |
| Greiðslustaður:            | Útgefandi mun með milligöngu Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. greiða af skuldabréfunum höfuðstól, verðbætur og vexti á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS-reikning (með VS-reikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa). Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á reikninga eigenda.  |
| Viðtökudráttur og vanskil: | <p>Ef ekki er tengdur bankareikningur við VS-reikning eigenda skuldabréfs, sbr. 5. tl. 9. gr. reglugerðar 397/2000, um rafræna eignaskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð, skal eigandinn snúa sér til útgefanda til að móttaka greiðslu og framvísa viðeigandi eignarréttindum. Verði greiðslu ekki vitjað hjá útgefanda á réttum gjalddaga mun útgefandi hvorki greiða dráttarvexti né verðbætur af viðkomandi greiðslu frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist og hún fer fram.</p> <p>Greiði útgefandi ekki á gjalddaga, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannanlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS-reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttavaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni upphæð. Undantekning er ef gjalddagi skuldabréfanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir. Bankadagur er virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.</p> |
| Rétthæð (pari passu):      | Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfunum eru ávallt jafn réttháar (pari passu) innbyrðis og skulu á hverjum tíma vera jafnréttháar öðrum ótryggðum víkjandi skuldbindingum útgefanda, öðrum en kröfum og skuldbindingum sem samkvæmt lögum njóta forgangs umfram aðrar ótryggðar víkjandi skuldbindingar. Óheimilt er að inna af hendi greiðslu til skuldabréfaeigenda á grundvelli skuldabréfanna nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda í skuldabréfaflokknum.  |
| Víkjandi skuld:            | Kröfur samkvæmt skuldabréfunum eru víkjandi og skulu víkja fyrir öllum kröfum á hendur útgefanda eins og nánar er tilgreint í lið þessum. Við gjaldþrot eða slit útgefanda endurgreiðist krafa um greiðslu samkvæmt skuldabréfunum á eftir öllum almennum kröfum, samhliða kröfum samkvæmt öðrum víkjandi skuldum, en á undan kröfum til endurgreiðslu hlutafjár og öðrum kröfum sem njóta sömu rétthæðar (þ.e. eru pari passu) og kröfur um endurgreiðslu hlutafjár.   |
| Heimild til uppgreiðslu:   | Útgefanda er hvenær sem er heimilt, án sérstaks gjalds og að fengnu samþykki fjármálaeftirlitsins, að greiða höfuðstól og vexti skuldabréfanna upp í heild, en ekki að hluta, fyrir gjalddaga þeirra ef skuldabréf útgefanda mynda ekki grunn að útreikningi gjaldþols útgefanda, s.s. að mati eða úrskurði dómstóla, Fjármálaeftirlitsins eða annarra opinberra eftirlitsaðila, t.d. með vísan til 1. mgr. 31. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi, eins og löggin eru við útgáfu  |

|                   |   |
|-------------------|---|
|                   | <p>skuldabréfanna eða eins og þeim kann síðar að verða breytt, til að mynda við innleiðingu annarra gjaldþolstilskipunar ESB (Solvency II) samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins, Commission Delegated Regulation (EU) nr. 2015/35. Útgefandi skal senda tilkynningu um uppgreiðslu til eigenda skuldabréfanna í gegnum kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. með minnst eins mánaðar fyrirvara.</p> <p>Útgefanda er heimilt, án sérstaks gjalds og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að greiða skuld samkvæmt skuldabréfum þessum upp að hluta eða í heild frá og með 1. mars 2026. Tilkynna skal eigendum skuldabréfa um innágreiðslur eða uppgreiðslu með minnst eins mánaða fyrirvara. Innágreiðslur og uppgreiðsla samkvæmt framangreindri heimild skulu fara fram á vaxtagjalddögum skuldabréfanna.</p> <p>Að öðru leyti en að framan greinir er útgefanda óheimilt að greiða höfuðstól eða vexti skuldabréfa þessara upp að hluta eða í heild fyrir gjalddaga þeirra.</p>   |
| Sérstök skilyrði: | <p>Útgefanda er heimilt hvenær sem er að fresta greiðslu vaxta samkvæmt skuldabréfunum. Þá er útgefanda heimilt hvenær sem er að inna af hendi vaxtagreiðslu, að hluta eða í heild, sem frestað hefur verið. Frestaðar vaxtagreiðslur bera enga vexti og eru ekki verðtryggðar.</p> <p>Allar vaxtagreiðslur sem frestað hefur verið í samræmi við framangreint, gjaldfalla og ber að greiða í eftirfarandi tilvikum:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Um leið og ákvörðun hefur verið tekin eða úrskurður eða dómur fallið um töku útgefanda til gjaldþrotaskipta eða slit á útgefanda.</li> <li>Um leið og ákvörðun hefur verið tekin um að útgefandi greiði arð, lækki hlutafé í útgefanda eða kaupri eigin hluti.</li> <li>Um leið og heimild til innágreiðslu eða uppgreiðslu samkvæmt skuldabréfum þessum er nýtt.</li> </ol> <p>Skylda útgefanda til greiðslu frestaðrar vaxtagreiðslu skal, þrátt fyrir framangreint, ekki vera til staðar á þeim tímapunkti ef:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Útgefandi uppfyllir ekki ákvæði laga um gjaldþol eða mun ekki uppfylla þau ákvæði í kjölfar greiðslu frestaðrar vaxtagreiðslu, eða</li> <li>Útgefanda er skylt að fresta áfram greiðslu vaxta skuldabréfanna til að skuld samkvæmt skuldabréfunum uppfylli skilyrði laga til að mynda grunn að útreikningi gjaldþols útgefanda.</li> </ol> <p>Kröfuhafa skuldabréfanna fá greiddar frestaðar vaxtagreiðslur við formleg slit á útgefanda í sömu kröfuröð og aðrar kröfur á grundvelli skuldabréfa þessara, enda sé að öðru leyti innistæða fyrir slíkri útborgun í þrotabúi útgefanda þegar að útborgun úr þrotabúi kemur.</p> <p>Með gjaldþoli er átt við gjaldþol vátryggingafélaga eins og það er skilgreint og reiknað út á grundvelli ákvæða laga og reglugerða á hverjum tíma, við útgáfu skuldabréfa þessara samkvæmt 31. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi, eða eins og þeim kann síðar að verða breytt, t.a.m. við innleiðingu annarrar gjaldþolstilskipunar EXB (Solvency II)</p> |

|                          |   |
|--------------------------|---|
|                          | samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins, Commission Delegated Regulation (EU) nr. 2015/35.   |
| Gjaldfellingarheimildir: | Engar.  |
| Breytingar á skilmálum:  | Breytingar á skilmálum skuldabréfaflokksins eru háðar samþykki útgefanda, Fjármálaeftirlitsins og 2/3 skuldabréfaeigenda (að fjárhæð en ekki höfðatölu) á fundi skuldabréfaeigenda. Við útreikning skal miða við stöðu krafna á þeim degi sem boðað er til fundar og litið skal á þá sem ekki gefa upp afstöðu sína eða mæta ekki á fund skuldabréfaeigenda, sem þeir hafi gefið vilyrði sitt fyrir þeirri tillögu sem útgefandi leggur fyrir fundinn. Til fundar skuldabréfaeigenda skal boðað með sama hætti og hluthafafundi í útgefanda.<br><br>Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um hvers kyns breytingar á skilmálum hinna útgefna skuldabréfa  |
| Framsal:                 | Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. og er reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Eignaskráning rafréfa hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. veitir skráðum eigenda hennar lögformlega heimild fyrir réttindum sem hann er skráður eigandi að. Yfirlit Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. um eigendur skuldabréfanna skal skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi skuldabréfa. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréfunum. |
| Gjöld:                   | Útgefanda ber að greiða öll opinber gjöld sem leiða af útgáfu skuldabréfanna.   |
| Ágreiningsmál:           | Um skuldabréfin gilda íslensk lög. Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, samkvæmt ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.  |
| Fyrning:                 | Um fyrningu krafna samkvæmt skuldabréfunum fer að lögum nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda.  |
| Upplýsingaöflun:         | Til að tryggja réttindi skuldabréfaeigenda og upplýsingagiöf til þeirra skal útgefanda vera heimilt að afla upplýsinga hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um skráða skuldabréfaeigendur á hverjum tíma.  |
| Upplýsingaskylda:        | Eigendur skuldabréfanna eiga rétt á því að fá aðgang að árs- og árshelmingauppgjöri útgefanda þegar þau liggja fyrir.   |

## 2.11. Viðskipti með skuldabréfin á skipulegum verðbréfamarkaði

### 2.11.1. Umsókn um töku til viðskipta

Í kjölfar þess að lýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi mun stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. óska eftir að öll skuldabréf í flokkinum VIS 16 1, samtals 125 einingar, samtals að nafnverði 2.500.000.000 kr., verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ Iceland hf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík. Í kjölfar þess að lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi mun Kauphöllin fara yfir umsókn félagsins og tilkynna opinberlega ef skuldabréfin verða tekin til viðskipta

og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verði með bréfin á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en Kauphöllin tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

### **2.11.2. Tilgangur**

Tilgangur með því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ Iceland hf. er að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um m.a. fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefna af NASDAQ Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma, svo og að auka markaðshæfi skuldabréfanna.

### **2.11.3. Umsjónaraðilar og aðrir ráðgjafar**

Arctica Finance hf., Höfðatorgi, 105 Reykjavík, hefur fyrir hönd útgefanda umsjón með því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ Iceland hf. Umsjónaraðilarnir hafa verið ráðgjafar útgefanda við ferlið og þar með talið við gerð þessarar lýsingar. Mandat lögmannsstofa slf. hefur unnið að gerð lýsingarinnar í samráði við forsvarsmenn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá félaginu.

### 3. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefanda, dagsettri 20. júlí 2016 ásamt útgefandalýsingu dagsettri 20. júlí 2016, sem birt er í tengslum við umsókn um töku skuldabréfaflokks til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ Iceland hf. Skuldabréfin eru gefin út af Vátryggingafélagi Íslands hf. Höfuðstólsfjárhæð útgefinna skuldabréfa nemur 2.500.000.000 kr. að nafnverði. Auðkenni flokksins er VIS 16 1 hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. og hefur verið óskað eftir sama auðkenni hjá NASDAQ Iceland hf. Lýsingin er gefin út á íslensku.

Lýsingin er gerð í samræmi við íslensk lög og reglugerðir. Ákvæði VI. kafla laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, taka til almennra útboða verðbréfa og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Ítarlegri reglur er að finna í reglugerð nr. 837/2013 um almennt útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og reglugerðar nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga, allt með áorðnum breytingum. Verðbréfalýsingin uppfyllir ákvæði XIII. viðauka reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 sem varðar lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í verðbréfalýsingu fyrir afleidd verðbréf þar sem nafnvirði hverrar einingar er a.m.k. 100.000 evrur. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga* sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland 17. desember 2013. Lýsingin er á íslensku og samanstendur af tveimur sjálfstæðum skjölum; verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, sem bæði eru dagsett 20. júlí 2016. Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi í samræmi við 52. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Lýsing þessi, dagsett 20. júlí 2016, inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda. Leitast hefur verið við að setja upplýsingarnar fram á skýran og greinargóðan hátt. Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel lýsingu þessa, dagsetta 20. júlí 2016 og má nálgast hana á vef félagsins [www.vis.is/fjarfestar](http://www.vis.is/fjarfestar). Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér sérstaklega kafla um áhættuþætti. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er dagsett og geta breyst frá því að lýsingin er staðfest og þar til viðskipti hefjast með skuldabréfin á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ Iceland hf., en ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum, koma fram á þessu tímabili, skal útbúa viðauka við lýsinguna í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Viðaukinn skal staðfestur innan sjö virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin.

Eftir birtingu lýsingarinnar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af Vátryggingafélagi Íslands hf. eða varða félagið.

Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyrja lýsingu útgefanda, sem dagsett er 20. júlí 2016, má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, umsjónaraðila eða annarra aðila. Kaup á skuldabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting og ekki er víst að skuldabréfin séu hentugur fjárfestingarkostur fyrir alla fjárfesta. Fjárfestar ættu ekki að fjárfesta í skuldabréfunum nema þeir búi yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að leggja mat á áhættuna sem fylgir kaupum á skuldabréfunum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestar ættu að hafa aðgang að og búa yfir þekkingu á viðeigandi greiningartækjum til að meta, út frá eigin fjárhag, fjárfestingu í skuldabréfunum og áhrifin sem slík fjárfesting hefði á heildar fjárfestingasafn viðkomandi. Einnig ættu fjárfestar að hafa nægilega sterka fjárhags- og lausafjástöðu til að geta staðið undir allri þeirri áhættu sem er samfara fjárfestingu í bréfunum. Fjárfestar ættu að hafa fullan skilning á þeim skilmálum sem gilda um skuldabréfin (sjá kafla 2 í verðbréfalýsingu þessari) og geta metið (hvort sem er sjálfstætt eða með aðstoð fjármálaráðgjafa) mögulega þróun efnahags-, vaxta- og annarra þátta sem kunna að hafa áhrif á fjárfestinguna, auk þess að hafa eigið hæfi til að bera tengda áhættu.

Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í skuldabréfum Vátryggingafélags Íslands hf. og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfayfirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á verðbréfum útgefanda sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup í verðbréfum útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Verðbréfalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingu útgefanda, dagsettri 20. júlí 2016, skal ekki dreifa (hvorki senda í pósti né dreifa á annan hátt) til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótar skráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðkomandi landa. Verðbréfalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingunni skal ekki dreifa á neinn hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japan. Vátryggingafélag Íslands hf. og Arctica Finance hf. eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar til þriðja aðila á lýsingunni.

Þar sem verðbréf útgefanda verða tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ Iceland hf. lýtur útgefandinn upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt lögum, birtir tilkynningar opinberlega og lýtur reglum NASDAQ Iceland hf. Núgildandi Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefna af NASDAQ Iceland hf. 17. desember 2013, kveða m.a. á um að auk opinberrar birtingar allra fjárhagsupplýsinga í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sem gilda um félagið á hverjum tíma (þ.e. birting ársreikninga og árshlutareikninga) beri útgefanda verðbréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta, eins fljótt og unnt er, að birta upplýsingar um ákvarðanir eða aðrar forsendur og aðstæður sem eru verðmótandi, þ.e. upplýsingar sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð verðbréfanna. Opinber birting telst vera þegar upplýsingar hafa verið birtar almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til FME í samræmi við lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, auk þess sem þær skulu vera sendar til NASDAQ Iceland hf. í eftirlitsskyni í samræmi við reglur NASDAQ Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga. Meðan verðbréf Vátryggingafélags Íslands hf. eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði mun útgefandinn birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef félagsins, á slóðinni [www.vis.is/fjarfestar](http://www.vis.is/fjarfestar).

### 3.1. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Engin hagsmunatengsl eru á milli útgefandans og umsjónaraðila svo vitað sé, nema að útgefandi greiðir umsjónaraðila þóknun fyrir umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar og ráðgjöf við gerð lýsingarinnar. Umsjónaraðili er Arctica Finance hf., Höfðatorgi, 105 Reykjavík, en gerð lýsingarinnar fyrir umsjónaraðila annaðist Mandat lögmannsstofa sf., Ránargötu 18, 101 Reykjavík, sem undirverktaki. Engin hagsmunatengsl eru á milli útgefanda og Mandat lögmannsstofu slf.

### 3.2. Skilgreiningar og tilvísanir

Vísun til „útgefanda“, „VÍS“ eða „félagsins“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Vátryggingafélags Íslands hf., kennitala 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík, og dótturfélaga þess, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vátryggingafélag Íslands hf. er lögformlegt heiti útgefandans.

Vísun til „skuldabréfanna“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til skuldabréfaflokks Vátryggingafélags Íslands hf., hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. með auðkennið VIS 16 1 og ISIN-númerið IS0000026755, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „skuldabréfaeigenda“ eða „skuldabréfaeigendanna“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun í eigendur skuldabréfaflokks Vátryggingafélags Íslands hf. með auðkennið VIS 16 1 og ISIN-númerið IS0000026755, eins og þeir eru á hverjum tíma, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „lýsingarinnar“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til lýsingar útgefanda, sem samanstendur af tveimur sjálfstæðum skjölum; verðbréfalýsingu dagsettri 20. júlí 2016 og útgefandalýsingu dagsettri 20. júlí 2016 og er birt í tengslum við umsókn um töku skuldabréfaflokks Vátryggingafélags Íslands hf., VIS 16 1, til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ Iceland hf., nema annað megi skilja af samhengi textans. Framangreind skjöl má finna á vef félagsins, [www.vis.is/fjarfestar](http://www.vis.is/fjarfestar).

Vísun til „umsjónaraðila“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Arctica Finance hf., Höfðatorgi, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „FME“ eða vísun til „Fjármálaeftirlitsins“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Fjármálaeftirlitsins á Íslandi, kennitala 541298-3209, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „NASDAQ Iceland hf.“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Kauphallar Íslands hf., erlent aukaeiti NASDAQ Iceland hf., kennitala 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.



Vísun til „verðbréfamiðstöðvar“ eða „Nasdaq verðbréfamiðstöðvar“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf., kennitala 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Hugtakið „króna“ eða skammstöfunina „kr.“ eða „ISK“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til gjaldmiðilsins íslenskrar krónu. Skammstöfunina „m.kr.“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljóna króna. Skammstöfunina „ma.kr.“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljarða króna.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í verðbréfalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

### 3.3. Aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis

Aðgengi að verðbréfalýsingu þessari og Útgáfulýsingu skuldabréfa í flokknum VIS 16 1 verður tryggt meðan lýsingin er í gildi. Það verður gert með birtingu á vef félagsins, á slóðinni [www.vis.is/fjarfestar](http://www.vis.is/fjarfestar) og hjá útgefanda í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3 í Reykjavík.

### 3.4. Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf., kennitala 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd VÍS, sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hefur verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 20. júlí 2016

Fyrir hönd Vátryggingafélags Íslands hf.

**Herdís Dröfn Fjeldsted**

*formaður stjórnar*

**Sigrún Ragna Ólafsdóttir**

*forstjóri*

## 4. ÚTGÁFULÝSING VIS 16 1

# VIS 16 1

**Vátryggingafélag Íslands hf.**

Útgáfulýsing  
Febrúar 2016

**ARCTIC**AFINANCE

## ÚTGÁFULÝSING

RAFRAEN ÚTGÁFA SKULDABRÉFA HJÁ NASDAQ VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐ HF.

### 1. kafli

#### ***Almennar upplýsingar um útgefanda:***

1.1 *Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.*

|                            |   |
|----------------------------|---|
| <b>Nafn útgefanda:</b>     | Vátryggingafélag Íslands hf.  |
| <b>Kennitala:</b>          | 690689-2009   |
| <b>Heimild til útgáfu:</b> | Stjórn Vátryggingafélag Íslands hf. samþykkti þann 23. febrúar 2016 að gefa út og selja verðtryggð víkjandi skuldabréf að fjárhæð ISK 2.500.000.000 |
| <b>Stofndagur:</b>         | 5. febrúar 1989   |
| <b>Aðsetur:</b>            | Ármúli 3, 108 Reykjavík   |

1.2 *Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefenda.*

|                        |   |
|------------------------|---|
| <b>Forstjóri:</b>      | Sigrún Ragna Ólafsdóttir, kt. 180863-3629 |
| <b>Fjármálastjóri:</b> | Guðmar Guðmundsson, kt. 010168-3339       |

#### Stjórn

|                          |  |
|--------------------------|--|
| <b>Stjórnarformaður:</b> | Herdís Dröfn Fjeldsted, kt. 210971-4329  |
| <b>Varaformaður:</b>     | Jostein Sorvoll, 221149-2039             |
| <b>Meðstjórnandi:</b>    | Helga Jónsdóttir, kt. 231267-5309        |
| <b>Meðstjórnandi:</b>    | Bjarni Brynjólfsson, kt. 161266-2999     |
| <b>Meðstjórnandi:</b>    | Guðmundur Örn Þórðarson, kt. 100372-5259 |

1.3 *Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.*

Útgefandi starfar samkvæmt lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og nr. 56/2010, um vátryggingastarfsemi („Lögin“). Að öðru leyti gilda engin sérlög um starfsemi útgefanda.

## 2. kafli

### Upplýsingar um útgáfuna:

2.1 *Viðtakandi greiðslna og annarra upplýsinga hjá útgefanda sem varða útgáfuna, nafn/nöfn, kennit. og netfang.*

Fyrir hönd Vátryggingafélags Íslands hf., kt. 690689-2009, fjármálastjóri Vátryggingafélags Íslands hf., Guðmar Guðmundsson, kt. 010168-3339, gudmar@vis.is.

2.2 *Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda.*

|                                     |   |
|-------------------------------------|---|
| <b>Auðkenni:</b>                    | VIS 16 1.   |
| <b>ISIN:</b>                        | IS0000026755.   |
| <b>Tegund bréfs:</b>                | Vaxtagreiðslubréf. Skuldabréfin eru gefin út til 30 ára með einum gjalddaga höfuðstóls í lokin. Vextir reiknast frá fyrsta vaxtadegi skuldabréfanna og greiðast þann 1. mars og 1. september ár hvert, fyrst þann 1. september 2016 og síðast 1. mars 2046. |
| <b>Gjaldmiðill:</b>                 | ISK – íslenskar krónur.   |
| <b>Heildarheimild skv. samningi</b> | ISK 2.500.000.000,-.  |
| <b>Útgefið nú:</b>                  | ISK 2.500.000.000,-.  |
| <b>Nafnverðseiningar:</b>           | ISK 20.000.000,-.   |
| <b>Útgáfudagur:</b>                 | 29. febrúar 2016.   |
| <b>Lokagjalddagi:</b>               | 1. mars 2046. Endurgreiðsla skuldabréfsins á lokagjalddaga skal þó vera háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.  |
| <b>Verðtrygging:</b>                | Skuldabréfin eru verðtryggð. Viðmiðunarvísitala er Dagvísitala sem er reiknuð út frá vísitölu neysliverðs á Íslandi (NEY), sem gefin er út af Hagstofu Íslands. Grunnvísitala skuldabréfanna er Dagvísitalan 29. febrúar 2016, sem er 428,46667.            |

Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á dagvísitölunni frá útgáfudegi til þess dags sem skuld samkvæmt skuldabréfunum hefur verið greidd upp að fullu. Nánar tiltekið reiknast verðbættur höfuðstóll skuldabréfa samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$\text{Verðbættur höfuðstóll} = \text{Verðbótastuðull} \times \text{Upphaflegur höfuðstóll}$$

Ef dagvísitalan á uppgjörstigi er lægri en grunnvísitalan, þá skal höfuðstóll skuldar samkvæmt skuldabréfum þessum samt sem áður nema upphaflegum höfuðstól skuldarinnar.

**Verðbótastuðull:**

$$\text{Verðbótastuðull} = \frac{\text{Dagvísitala}_{\text{uppgjörsdags}}}{\text{grunnvísitala}}$$

**Dagvísitala:**

Dagvísitala reiknast línulega samkvæmt eftirfarandi reiknireglu: Viðmiðunartala fyrir fyrsta daginn í mánuði  $m$  er NEY (vísitala neysluverðs) tveimur mánuðum áður ( $m-2$ ); til dæmis er viðmiðunartalan fyrir 1. maí NEY fyrir marsmánuð. Viðmiðunin fyrir einhvern annan dag í mánuði  $m$  reiknast línulega milli NEY fyrir mánuðinn  $m-2$  og NEY einum mánuði áður ( $m-1$ ), samkvæmt eftirfarandi reiknireglu:

$$\text{Dagvísitala} = \text{NEY}_{m-2} + \left[ \frac{d-1}{D} \times (\text{NEY}_{m-1} - \text{NEY}_{m-2}) \right]$$

NEY <sub>$m-1$</sub>  er NEY fyrir fyrsta daginn í mánuði  $m-1$ ,

NEY <sub>$m-2$</sub>  er NEY fyrir fyrsta daginn í mánuði  $m-2$ ,

Þar sem;

$d$  er mánaðardagur uppgjörs,

$D$  er fjöldi daga í uppgjörsmánuðinum,

Dagaregla við útreikning miðast við 30E/360.

**Námundun**

Dagvísitalan, þ.m.t. grunnvísitalan, námundast með fimm aukastöfum. Sama regla á við um verðbótastuðulinn.

**Fjöldi gjalddaga höfuðstóls:**

Einn, á lokagjalddaga.

**Vextir:**

5,25% fastir ársvextir. Framangreindir vextir skulu hækka um 100 (eitt hundrað) punkta (1,00%) að liðnum 10 (tíu) árum frá útgáfudegi skuldabréfa þessara og verða þá 6,25% fastir ársvextir.

**Útreikningur vaxtagreiðslu:**

Verðbótum er bætt við höfuðstól áður en vextir eru reiknaðir út. Nánar tiltekið reiknast vextir á skuld af skuldabréfum þessum samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$\text{Vextir}_{\text{greiddir}} = \text{Vextir} \times \frac{\text{Dagvísitala}_{\text{á greiðsludegi}}}{\text{grunnvísitala}} \times \text{höfuðstóll}$$

**Dagaregla:**

Dagaregla við útreikning er 30E/360.

**Fyrsti vaxtadagur:**

29. febrúar 2016.

**Fyrsti gjalddagi vaxta:**

1. september 2016.

**Fjöldi gjalddaga vaxta:**

Tveir gjalddagar á ári, 1. mars og 1. september ár hvert, fyrst þann 1. september 2016.

**Greiðsla á lokagjalddaga:**

Á lokagjalddaga greiðist höfuðstóll ásamt verðbótum og vöxtum. Skal endurgreiðsla skuldabréfsins á lokagjalddaga þó vera háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.

**Greiðslustaður:**

Útgefandi mun með milligöngu Nasdaq verðbréfamistöðvar hf. greiða af skuldabréfum þessum höfuðstól, verðbætur og vexti á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur

skuldabréfanna hafa VS-reikning (með VS-reikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa). Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á reikninga eigenda.

**Viðtökudráttur og vanskil:**

Ef ekki er tengdur bankareikningur við VS-reikning eiganda skuldabréfs, sbr. 5. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 397/2000, um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamistöð, skal eigandinn snúa sér til útgefanda til að móttaka greiðslu og framvísa viðeigandi eignarréttindum. Verði greiðslu ekki vitjað hjá útgefanda á réttum gjalddaga mun útgefandi hvorki greiða dráttarvexti né verðbætur af viðkomandi greiðslu frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist og hún fer fram.

Greiði útgefandi ekki á gjalddaga, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannanlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS-reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni upphæð. Undantekning er ef gjalddagi skuldabréfanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir. Bankadagur er virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.

**Rétthæð (pari passu):**

Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfum þessum eru ávallt jafn réttháar (pari passu) innbyrðis og skulu á hverjum tíma vera jafnréttháar öðrum ótryggðum víkjandi skuldbindingum útgefanda, öðrum en kröfum og skuldbindingum sem samkvæmt lögum njóta forgangs umfram aðrar ótryggðar víkjandi skuldbindingar. Óheimilt er að inna af hendi greiðslu til eigenda skuldabréfa þessara nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda í skuldabréfaflokki þessum.

**Víkjandi skuld**

Kröfur samkvæmt skuldabréfum þessum eru víkjandi og skulu víkja fyrir öllum kröfum á hendur útgefanda eins og nánar er tilgreint í ákvæði þessu. Við gjaldþrot eða slit útgefanda endurgreiðist krafa um greiðslu samkvæmt skuldabréfunum á eftir öllum almennum kröfum, samhliða kröfum samkvæmt öðrum víkjandi skuldum, en á undan kröfum til endurgreiðslu hlutafjár og öðrum kröfum sem njóta sömu rétthæðar (þ.e. eru pari passu) og kröfur um endurgreiðslu hlutafjár.

**Heimild til uppgreiðslu:**

Útgefanda er hvenær sem er heimilt, án sérstaks gjalds og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að greiða höfuðstól og vexti skuldabréfanna upp í heild, en ekki að hluta, fyrir gjalddaga þeirra ef skuldabréf þessi mynda ekki grunn að útreikningi gjaldþols útgefanda, s.s. að mati/úrskurði dómstóla, Fjármálaeftirlitsins eða annarra opinberra eftirlitsaðila, t.d. með vísan til 1. mgr. 31. gr. Laganna, eins og Lögin eru við útgáfu skuldabréfanna eða eins og þeim kann síðar að verða breytt, t.a.m. við innleiðingu annarrar



gjaldþolstilskipunar ESB (Solvency II) samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins, Commission Delegated Regulation (EU) nr. 2015/35. Útgefandi skal senda tilkynningu um uppgreiðslu til eigenda skuldabréfanna í gegnum kerfi Nasdaq verðbréfamistöðvar hf. með minnst 1 (eins) mánaðar fyrirvara.

Útgefanda er heimilt, án sérstaks gjalds og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að greiða skuld samkvæmt skuldabréfum þessum upp að hluta eða í heild frá og með 1. mars 2026. Tilkynna skal eigendum skuldabréfa þessara um innágreiðslur eða uppgreiðslu með minnst 1 (eins) mánaðar fyrirvara. Innágreiðslur og uppgreiðsla samkvæmt framangreindri heimild skulu fara fram á vaxtagjalddögum skuldabréfanna.

Útgefanda er óheimilt, að öðru leyti en að framan greinir, að greiða höfuðstól eða vexti skuldabréfa þessara upp að hluta eða í heild fyrir gjalddaga þeirra.

#### Sérstök skilyrði:

##### Frestun vaxtagreiðslu

Útgefanda er heimilt hvenær sem er að fresta greiðslu vaxta samkvæmt skuldabréfum þessum. Þá er útgefanda heimilt hvenær sem er að inna af hendi vaxtagreiðslu, að hluta eða í heild, sem frestað hefur verið. Frestaðar vaxtagreiðslur bera enga vexti og eru ekki verðtryggðar.

Allar vaxtagreiðslur sem frestað hefur verið í samræmi við framangreint, gjaldfalla og ber að greiða í eftirfarandi tilvikum:

- a Um leið og ákvörðun hefur verið tekin eða úrskurður eða dómur fallið um töku útgefanda til gjaldþrotaskipta eða slit á útgefanda.
- b Um leið og ákvörðun hefur verið tekin um að útgefandi greiði arð, lækki hlutafé í útgefanda eða kaupi eigin hluti.
- c Um leið og heimild um innágreiðslu eða uppgreiðslu samkvæmt skuldabréfum þessum er nýtt.

Skylda útgefanda til greiðslu frestaðrar vaxtagreiðslu skal, þrátt fyrir framangreint, ekki vera til staðar á þeim tímapunkti ef (i) útgefandi uppfyllir ekki ákvæði laga um gjaldþol eða mun ekki uppfylla þau ákvæði í kjölfar greiðslu frestaðrar vaxtagreiðslu, eða (ii) útgefanda er skylt að fresta áfram greiðslu vaxta skuldabréfa þessara til að skuld samkvæmt skuldabréfum þessum uppfylli skilyrði laga til að mynda grunn að útreikningi gjaldþols útgefanda. Til að taka af allan vafa, þá fá kröfuhafar skuldabréfa þessara greiddar frestaðar vaxtagreiðslur við formleg slit á útgefanda í sömu kröfuröð og aðrar kröfur á grundvelli skuldabréfa þessara, enda sé að öðru leyti innstæða fyrir



slíkri útborgun í þrotabúi útgefanda þegar að útborgun úr þrotabúi kemur.

Með gjaldþoli er átt við gjaldþol váttryggingafélaga eins og það er skilgreint og reiknað út á grundvelli ákvæða laga og reglugerða á hverjum tíma, við útgáfu skuldabréfa þessara samkvæmt 31. gr. Laganna, eða eins og þeim kann síðar að verða breytt, t.a.m. við innleiðingu annarrar gjaldþolstilskipunar ESB (Solvency II) samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins, Commission Delegated Regulation (EU) nr. 2015/35.

**Framsal:**

Einungis er heimilt að framselja skuldabréf þessi til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. og er reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Eignaskráning rafréfa hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Yfirlit Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. um eigendur skuldabréfanna skal skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi skuldabréfa. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréf þessi.

**Gjöld:**

Útgefanda ber að greiða öll opinber gjöld er leiða af útgáfu skuldabréfa þessara.

**Ágreiningsmál:**

Um skuldabréf þessi gilda íslensk lög. Rísi mál út af skuldabréfum þessum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

**Taka til viðskipta (skráning) í kauphöll:**

Já, fyrir árslok 2016.

**Breytingar á skilmálum:**

Samþykki útgefanda, Fjármálaeftirlitsins og 2/3 skuldabréfaeigenda (að fjárhæð en ekki höfðatölu) á fundi skuldabréfaeigenda, þarf til að breyta skilmálum skuldabréfaflokks þessa. Við útreikning skal miða við stöðu krafna á þeim degi sem boðað er til fundar og litið skal á þá sem ekki gefa upp afstöðu sína eða mæta ekki á fund skuldabréfaeigenda, sem þeir hafi gefið vilyrði sitt fyrir þeirri tillögu sem útgefandi leggur fyrir fundinn. Til fundar skuldabréfaeigenda skal boðað með sama hætti og hluthafafundi í útgefanda.

Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um hvers kyns breytingar á skilmálum hinna útgefnu skuldabréfa.

**Fyrning:**

Um fyrningu krafna samkvæmt skuldabréfunum fer að lögum nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda.

**Upplýsingaöflun:**

Til að tryggja réttindi skuldabréfaeigenda og upplýsingagjöf til þeirra, skal útgefanda vera heimilt að afla upplýsinga hjá Nasdaq verðbréfamistöð hf. um skráða skuldabréfaeigendur á hverjum tíma.

**Upplýsingaskylda:**

Eigendur skuldabréfanna eiga rétt á því að fá aðgang að árs- og árhelmingauppgjörum útgefanda þegar þau liggja fyrir.

**2.3 Hlunnindi sem tengd eru skuldabréfunum, útreikningar þeirra og nýting.**

Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.

**2.4 Skattur á tekjur af skuldabréfum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.**

Um skattalega meðferð skuldabréfa fer samkvæmt gildandi skattalögum á hverjum tíma. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skuldabréfaeigendur bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af skuldabréfunum. Sá aðili sem varslar skuldabréf fyrir skuldabréfaeiganda annast útreikning og staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna.

**2.5 Nasdaq verðbréfamistöð hf. ráðstafar útgefnum skuldabréfum á VS-reikning útgefanda.**

Skuldabréfunum skal ráðstafað á reikning útgefanda kt. 660269-2079, í vörslu Arctica Finance hf., kt. 540509-1820.

**2.6 Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem Nasdaq verðbréfamistöð telur nauðsynlegar.**

Á ekki við.

### 3. kafli

#### **Upplýsingar um þá sem annast útgáfulýsingu og ábyrgjast endurskoðun ársreikninga:**

##### 3.1 Nöfn, kennitölur, netföng og sími þeirra sem annast útgáfulýsingu.

Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009  
Ármúla 3, 108 Reykjavík  
Sími: 560 5000  
Sigrún Ragna Ólafsdóttir, kt. 180863-3629

Arctica Finance hf., kt. 540509-1820  
Katrínartúni 2 – 15. hæð, 105 Reykjavík  
Sími: 513 3300  
Agnar Hansson, agnar@arctica.is

##### 3.2 Nöfn, kennitölur, netföng og sími löggiltra endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.

KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík  
Hlynur Sigurðsson, kt. 270971-4909, hlynursigurds@kpmg.is, s. 545-6000  
Sæmundur Valdimarsson, kt. 070263-4409, svaldimarsson@kpmg.is, s. 545-6000

##### 3.3 Nöfn, netföng og símar starfsmanna þeirrar reikningsstofnunar sem annast útgáfulýsingu.

Arctica Finance hf., kt. 540509-1820  
Katrínartúni 2 – 15. hæð, 105 Reykjavík  
Sími: 513 3300  
Agnar Hansson, agnar@arctica.is

### 4. kafli

#### **Fylgigögn með útgáfulýsingu:**

##### 4.1 Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.

Meðfylgjandi er útprentun úr Hlutafélagaskrá.

##### 4.2 Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lútandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna.

Meðfylgjandi er staðfest afrit af fundargerð um samþykkt stjórnar á útgáfu skuldabréfa þessara.

4.3 Afrit af kvittun frá sýslumanni um að stimpilgjöld, þar sem við á, hafi verið greidd.

Á ekki við.

4.4 Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.

Arctica Finance hf., kt. 540509-1820, Katrínartúni 2, 15. hæð, 105 Reykjavík, annast frumsölu skuldabréfanna.

4.5 Óski Nasdaq verðbréfamíðstöð eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.

Á ekki við.

4.6 Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Nasdaq verðbréfamíðstöð telur nauðsynleg.



Á ekki við.

**Reykjavík, 24. febrúar 2016**

**F.h. útgefanda  
Vátryggingafélags Íslands hf.**

  
Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun:

  
Þessu Guðrúnsson tel: 220573-4939  
  
Ólafur Pálsson 157775-5079

**F.h. Arctica Finance hf.,  
sem umsjónaraðila**

  
Agnar Hansson,  
forstöðumaður Markaðsviðskipta

## Skilmálar flokks

|  |  |
|--|--|
| Útgefandi                                | Vátryggingafélag Íslands hf.                             |
| Kennitala                                | 690689-2009  |
| Heimilisfang                             | Ármúli 3, 108 Reykjavík                                  |
| Skuldabréf/víxlar                        | Skuldabréf   |
| Auðkenni (Ticker)                        | VIS 16 1   |
| ISIN númer                               | IS0000026755   |
| CFI númer                                | D-B-F-U-F-R  |
| Skráð rafrænt                            | Já   |
| Tegund afborgana                         | Engar afborganir nema á lokagjalddaga                    |
| Útgáfuland                               | Ísland   |
| Gjaldmiðill                              | Íslenskar krónur (ISK)                                   |
| Dagsetning töku til viðskipta í Kauphöll | Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland                            |
| Orderbook ID                             | Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland                            |
| Undirflokkur                             | Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland                            |
| Markaður                                 | Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland                            |
| Veltulisti                               | Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland                            |
| Nafnverðseining í verðbréfaskráningu     | 20.000.000 ISK   |
| Heildarheimild sbr útgáfulýsingu         | 2.500.000.000 ISK  |
| Heildarútgáfa                            | 2.500.000.000 ISK  |
| Upphæð tekin til viðskipta nú            | 2.500.000.000 ISK  |
| Útgáfudagur                              | mánudagur, 29. febrúar 2016                              |
| Fyrsti gjalddagi höfuðstóls              | 1.3.2046   |
| Fjöldi gjalddaga höfuðstóls í heildina   | 1  |
| Fjöldi á ári                             | Á ekki við   |
| Lokagjalddagi höfuðstóls                 | fimmtudagur, 1. mars 2046                                |
| Vaxtaprósenta                            | 5,25% fastir flatir vextir (hækka í 6,25% þann 1.3.2026) |
| Vaxtaruna ef breytilegir vextir          | Á ekki við   |
| Álagsprósenta á vaxtarunu                | Á ekki við   |
| Reikniregla vaxta                        | Einfaldir  |
| Dagaregla                                | 30E/360  |

29. febrúar 2016

fimmtudagur, 1. september 2016

|   |                                |
|---|--------------------------------|
| Fyrsti vaxtadagur   | 29. febrúar 2016               |
| Fyrsti vaxtagjalddagi   | fimmtudagur, 1. september 2016 |
| Fjöldi vaxtagjalddaga á ári   | 2                              |
| Fjöldi vaxtagjalddaga í heildina  | 59                             |
| Vístölutrygging   | Já                             |
| Nafn vísitölu   | Vísitala neysluverðs (NEY)     |
| Dagvísitala eða mánaðarvísitala   | Dagvísitala                    |
| Grunngildi vísitölu   | 428,46667                      |
| Dags. grunnvísitölugildis   | 29.2.2016                      |
| Verð með áföllnum vöxtum/án áfallinna vaxta<br>(e. dirty price/clean price)                       | Verð án áfallinna vaxta        |
| Innkallanlegt   | Já                             |
| Innleysanlegt   | Á ekki við                     |
| Breytanlegt   | Á ekki við                     |
| Aðrar upplýsingar   | Á ekki við                     |
| Viðskiptavakt   | Á ekki við                     |
| Lánshæfismat (matsfyrirtæki, dags.)   | Á ekki við                     |
| Verðbréfamistöð   | Nasdaq verðbréfamistöð hf.     |
| Umsjónaraðili – taka til viðskipta  | Arctica Finance hf.            |
| Ef óreglulegt greiðsluflæði, þá hvernig   | Á ekki við                     |
| Ef afborgun lendir á helgi/frídegi, á að bæta við<br>vöxtum yfir þá daga sem afborgun seinkar um? | Já                             |



# Útgefandalýsing

20. júlí 2016

# EFNISYFIRLIT

|          |   |          |
|----------|---|----------|
| <b>1</b> | <b>ÁHÆTTUÞÆTTIR</b>                                     | <b>6</b> |
| 1.1      | Áhættustýring váttryggingafélaga                        | 8        |
| 1.2      | Áhætta tengd almennu efnahagssumhverfi                  | 8        |
| 1.3      | Váttryggingaáhætta                                      | 9        |
| 1.3.1    | Samningaáhætta  | 9        |
| 1.3.2    | Áhætta tengd sölu, endurnýjun og áhættumati             | 9        |
| 1.3.3    | Áhætta tengd vörustjórnun                               | 10       |
| 1.3.4    | Áhætta tengd vöruþróun og nýrri vöru                    | 10       |
| 1.3.5    | Áhætta tengd váttryggingaskuld                          | 10       |
| 1.3.6    | Áhætta tengd afgreiðslu og uppgjöri tjóna               | 11       |
| 1.3.7    | Endurtryggjendaáhætta                                   | 11       |
| 1.4      | Markaðsáhætta   | 12       |
| 1.4.1    | Vaxtaáhætta   | 12       |
| 1.4.2    | Hlutabréfaáhætta  | 13       |
| 1.4.3    | Verðbólguáhætta   | 13       |
| 1.4.4    | Gjaldmiðlaáhætta  | 13       |
| 1.4.5    | Lausafjáraáhætta  | 15       |
| 1.5      | Mótaðilaáhætta  | 15       |
| 1.6      | Samþjöppunaráhætta                                      | 16       |
| 1.7      | Orðsporsáhætta  | 17       |
| 1.8      | Stefnumótunaráhætta                                     | 17       |
| 1.9      | Rekstraráhætta  | 17       |
| 1.9.1    | Starfsfólk og skipulag                                  | 18       |
| 1.9.1.1  | Innri stjórnun og eftirlit                              | 18       |
| 1.9.1.2  | Áhætta vegna lykilstarfsmanna                           | 18       |
| 1.9.1.3  | Fylgni við reglur og sviksamleg háttsemi                | 19       |
| 1.9.2    | Skjölun og samningsgerð                                 | 19       |
| 1.9.2.1  | Endurtryggingasamningar                                 | 19       |
| 1.9.2.2  | Endurtryggingar umfram samningsmörk reglulegra samninga | 19       |
| 1.9.3    | Ytri atburðir   | 20       |
| 1.9.3.1  | Lagaleg áhætta  | 20       |
| 1.9.3.2  | Verðbréfalöggjöf  | 20       |
| 1.9.3.3  | Málaferli og ágreiningsmál                              | 21       |
| 1.9.3.4  | Vörumerki og hugverkaréttindi                           | 21       |
| 1.9.3.5  | Skattar   | 21       |
| 1.9.3.6  | Stjórn málaumhverfi                                     | 22       |
| 1.9.3.7  | Áhætta tengd reikningsskilastöðlum                      | 22       |
| 1.9.3.8  | Váttryggingar   | 22       |



|          |  |           |
|----------|--|-----------|
| 1.9.4    | Upplýsingatækni .....                                  | 22        |
| <b>2</b> | <b>TILKYNNING TIL FJÁRFESTA.....</b>                   | <b>23</b> |
| 2.1      | Yfirlýsingar ábyrgðaraðila útgefandalýsingar .....     | 24        |
| 2.2      | Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda .....               | 25        |
| 2.3      | Hugsanlegir hagsmunaárekstrar .....                    | 25        |
| 2.4      | Skilgreiningar .....                                   | 26        |
| 2.5      | Skammstafanir og hugtök.....                           | 26        |
| 2.6      | Hugtök í váttryggingastarfsemi .....                   | 27        |
| <b>3</b> | <b>UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN .....</b>                | <b>29</b> |
| 3.1      | Útgefandi .....  | 29        |
| 3.2      | Fjárhagsdagatal.....                                   | 29        |
| 3.3      | Tilgangur útgefanda og lög sem hann starfar eftir..... | 29        |
| 3.4      | Stofnun VÍS og ágríp af sögu félagsins .....           | 30        |
| 3.4.1    | Helsta þróun á eignarhaldi .....                       | 31        |
| 3.4.2    | Helsta þróun á samstæðu VÍS .....                      | 31        |
| <b>4</b> | <b>STARFSEMI .....</b>                                 | <b>33</b> |
| 4.1      | Samstæðan.....   | 33        |
| 4.2      | Skipulag.....  | 33        |
| 4.2.1    | Undirnefndir stjórnar.....                             | 34        |
| 4.2.2    | Innri endurskoðun .....                                | 34        |
| 4.2.3    | Skrifstofa forstjóra .....                             | 35        |
| 4.2.4    | Áhættustýring.....                                     | 35        |
| 4.2.5    | Tryggingastærðfræðistofa .....                         | 35        |
| 4.2.6    | Lögfræði/Regluvarsla.....                              | 35        |
| 4.2.7    | Fjárfestingar .....                                    | 35        |
| 4.2.8    | Mannauðssvið .....                                     | 35        |
| 4.2.9    | Einstaklingssvið .....                                 | 36        |
| 4.2.10   | Fyrirtækjasvið.....                                    | 36        |
| 4.2.11   | Tjónasvið .....  | 36        |
| 4.2.12   | Fjármálasvið .....                                     | 36        |
| 4.2.13   | Þróunarsvið.....                                       | 36        |
| <b>5</b> | <b>STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN.....</b>                 | <b>37</b> |
| 5.1      | Stjórn.....  | 37        |
| 5.2      | Framkvæmdastjórn.....                                  | 39        |
| <b>6</b> | <b>HLUTAFÉ OG HLUTHAFAR.....</b>                       | <b>41</b> |
| 6.1      | Hlutafé.....   | 41        |
| 6.2      | Hluthafar.....   | 41        |
| <b>7</b> | <b>FJÁRHAGSYFIRLIT.....</b>                            | <b>42</b> |
| 7.1      | Rekstrarreikningur 2014-2015.....                      | 42        |
| 7.1.1    | Starfsþáttayfirlit .....                               | 44        |

|          |  |           |
|----------|--|-----------|
| 7.1.2    | Afkoma greinaflokka .....                                  | 45        |
| 7.2      | Efnahagsreikningur .....                                   | 46        |
| 7.2.1    | Eignir .....   | 46        |
| 7.2.2    | Skuldir.....   | 49        |
| 7.3      | Sjóðstreymi.....   | 49        |
| 7.4      | Yfirlit um breytingu á eigin fé 1.1.2014-31.12.2015.....   | 50        |
| 7.5      | Fjármögnun .....   | 51        |
| 7.5.1    | Lausafjárstýring .....                                     | 51        |
| <b>8</b> | <b>AÐRAR UPPLÝSINGAR .....</b>                             | <b>52</b> |
| 8.1      | Upplýsingar um þróun.....                                  | 52        |
| 8.2      | Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu ..... | 52        |
| 8.3      | Skjöl felld inn með tilvísun .....                         | 52        |
| 8.4      | Skjöl til sýnis.....                                       | 52        |
| <b>9</b> | <b>SAMÞYKKTIR VÍS.....</b>                                 | <b>53</b> |

Þessi síða er vísitandi höfð auð.

# 1 ÁHÆTTUÞÆTTIR

Áhættuþættir þeir sem hér á eftir er lýst eru þeir sem Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík (einnig nefnt „VÍS“, „útgefandinn“ og „félagið“ í útgefandalýsingu þessari) er kunnugt um og telur að eigi sérstaklega við um félagið, þá atvinnugrein sem það starfar innan og virði verðbréfa útgefnum af félaginu.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í verðbréfum sem VÍS gefur út er mikilvægt að fjárfestar kynni sér og leggi sjálfstætt mat á allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu félagsins sem samanstendur af útgefandalýsingu þessari og viðeigandi verðbréfalýsingu útgefanda, sérstaklega um þá áhættu- og óvissuþætti sem lýst er í köflum um áhættuþætti og gætu haft veruleg áhrif á VÍS og fjárfestingar í verðbréfum félagsins.

Áhættuþáttur er atburður sem getur haft neikvæð eða jákvæð áhrif á félagið, hvort sem er rekstur þess, efnahag eða framtíðarhorfur og leitt til lakari eða betri stöðu en ef áhrifanna hefði ekki gætt. Ekki er hægt með neinni vissu að meta líkur þess að einhver tiltekinn atburður eigi sér stað, áhrif hans eða hvort hann geti haft keðjuverkandi áhrif og þannig orðið til þess að aðrir atburðir komi til sem valdið geta félaginu eða hluthöfum þess tjóni. Hver og einn neðangreindra áhættuþátta gæti haft ítrekuð áhrif á rekstur og efnahag VÍS og þar með á verðmæti verðbréfa útgefnum af VÍS. Ekki er hægt að segja til um umfang eða tímamörk slíkra áhrifa.

Afmörkun á áhættuþáttum getur verið með ýmsu móti og til eru ýmsar aðferðir við að flokka þá. Hér er reynt eftir fremsta megni að kortleggja alla þekktu áhættuþætti í starfi félagsins og afmarka þá þannig að skörun þeirra sé sem minnst. Áhrifa fleiri en eins áhættuþáttar getur gætt samtímis. Áhrifin felast stundum í einum tímabundnum atburði en í öðrum tilvikum er um langvinn áhrif að ræða. Flestir áhættuþættirnir geta komið fram í litlum eða ríkum mæli, áhrif þeirra eru oft á tíðum ekki einhlít og innbyrðis tengsl flókin. Hafa þarf í huga að ómögulegt getur reynst að spá fyrir um hversu mikil áhrif áhættuþátta verða og að áhrifin geta komið mjög seint fram.

Ekki er víst að hér sé fjallað um alla áhættuþætti sem gætu haft áhrif á félagið í framtíðinni, því áhættuþættir sem sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hefðu veruleg áhrif á félagið síðar. Eins gætu komið fram nýir áhættuþættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag.

Framsetning og uppröðun þeirra áhættuþátta sem hér er fjallað um fylgir hefðum í vátryggingastarfsemi en fer ekki eftir mikilvægi eða líkum á því að viðkomandi áhættuþáttur hafi áhrif á rekstur, efnahag og framtíðarhorfur. Það er á ábyrgð starfsmanna VÍS að hafa vakandi auga með áhættuþáttum sem tengjast starfi þeirra. Brugðist er við vísbendingum um breytta stöðu áhættuþátta með viðeigandi ráðstöfunum, eftir atvikum endurskoðun á verðlagningu, vörubrúun, markaðssetningu eða fjárfestingu.

Félagið undirbýr sig nú fyrir nýjar reglur um vátryggingastarfsemi sem kallast Solvency II og byggja á Evróputilskipun nr. 138/2009 eins og henni var breytt með tilskipun nr. 51/2014 EB. Reglur tilskipunarinnar hafa tekið gildi og er unnið að innleiðingu þeirra í íslenska löggjöf með endurskoðun á löggjöf um vátryggingastarfsemi. Í lok árs 2015 breytti félagið um reikningsskilaaðferð við mat á vátryggingaskuld í tengslum við innleiðingu á Solvency II.

Upptaka nýrrar löggjafar þýðir meðal annars að áhætta í rekstri félagsins er nú mæld með öðrum hætti en áður. Þessi nýja löggjöf kallar meðal annars á breyttar aðferðir við útreikning á gjaldþolskröfu félaganna. Útreikningur á gjaldþolskröfu verður áhættumiðaður og tekur á öllum helstu áhættuþáttum vátryggingafélaga. Líkanið (staðalregla Solvency II) sem útreikningurinn byggir á leggur mat á þessa áhættuþætti með 99,5% vágildi (e. Value at Risk) sem þýðir í raun að 0,5% líkur eru á því að félögin geti ekki staðið við skuldbindingar sínar næstu 12 mánuði eða í eitt ár af hverjum 200 árum.

Áhættustýring er eitt af lykilstarfssviðum vátryggingafélags samkvæmt Solvency II löggjöfinni og sér áhættustýring VÍS um að framfylgja þeim ákvæðum sem snúa að áhættustýringu. Samstæðan hefur, í samræmi við hana, sett sér stefnu um samhæfða áhættustýringu. Stefnan er samþykkt af stjórn og nær jafnt til móðurfélagsins VÍS og dótturfélags þess, Lífis. Í stefnunni er fjallað um skipulag og framkvæmd áhættustýringar, tilgreiningu áhættuþátta, skýrslu- og upplýsingagjöf og skyldur starfsmanna til að stuðla að framgangi stefnunnar. Þar kemur fram að samstæðan hefur skilgreint markaðsáhættu, vátryggingaáhættu og rekstraráhættu sem lykiláhættur í starfseminni auk þess sem samþjöppunar- og mótaðilaáhætta eru veigamiklir áhættuþættir. Í skýringunum sem hér koma á eftir er farið yfir þessar áhættur.

Samkvæmt Solvency II skulu váttryggingafélög framkvæma eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) þar sem meta skal heildarfjármagnsþörf félagsins miðað við áhættusamsetningu, áhættuþol og viðskiptaáætlun þess. ORSA er í raun allir þeir ferlar og aðferðir sem nýtast til að auðkenna, greina, vakta, stýra og skýra frá þeirri áhættu sem váttryggingafélag er útsett fyrir eða getur orðið útsett fyrir til bæði skemmri og lengri tíma og til að ákvarða það eigið fé sem nauðsynlegt er til að tryggja að félagið uppfylli gjaldþolskröfu sína á sérhverjum tíma, jafnvel þótt það verði fyrir verulegum áföllum. Samstæðan hefur í þessu sambandi sett sér stefnu um eigið áhættu- og gjaldþolsmat sem samþykkt hefur verið af stjórn hennar. Niðurstöður þessa ferlis veita stjórn og stjórnendum upplýsingar um áhættusnið og fjárhagsþörf samstæðunar miðað við gefnar forsendur. Stjórn og stjórnendur hafa niðurstöðurnar til hliðsjónar við allar stefnumarkandi ákvarðanir í samstæðunni, við gerð viðskipta- og rekstaráætlana, fjárstýringu og þróun nýrra vara.

Reiknað lágmarksgjaldþol samstæðunnar samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi (Solvency I) nam í árslok 2015 3.561 milljón króna, reiknað gjaldþol 13.649 milljónum króna og gjaldþolshlutfall 3,8. Á árinu 2014 nam reiknað lágmarksgjaldþol samstæðunnar 3.665 milljónum króna, reiknað gjaldþol samstæðunnar nam 11.391 milljón króna og gjaldþolshlutfallið var 3,11. Mismunur á reiknuðu gjaldþoli og bókfærðu eigin fé kemur þannig fram í eftirfarandi töflu:

**Tafla 1. Gjaldþol samstæðu (þús.kr.)**

|  | 2015              | 2014              |
|--|-------------------|-------------------|
| Eigið fé samkvæmt ársreikningum              | 17.552.048        | 15.956.483        |
| Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir    | (880.725)         | (2.054.227)       |
| Áhrif núvirðingar tjónaskuldar               | (943.984)         | 0                 |
| Gagnkvæm fjármögnun innan samstæðu           | (11.506)          | (11.506)          |
| Arðgreiðsla                                  | (2.067.000)       | (2.500.000)       |
| <b>Reiknað gjaldþol</b>                      | <b>13.648.833</b> | <b>11.390.750</b> |
| <b>Reiknað lágmarksgjaldþol samstæðunnar</b> | <b>3.560.598</b>  | <b>3.665.161</b>  |
| <b>Gjaldþolshlutfall</b>                     | <b>3,83</b>       | <b>3,11</b>       |
| Gjaldþol móðurfélagsins:                     |                   |                   |
| Reiknað gjaldþol móðurfélagsins              | 15.222.381        | 12.421.036        |
| Reiknað lágmarksgjaldþol móðurfélagsins      | 3.035.901         | 3.096.989         |
| Gjaldþolshlutfall móðurfélagsins             | 5,01              | 4,01              |

Gjaldþol samkvæmt Solvency II byggir á eigin fé félagsins að frádregnum óefnislegum eignum, væntanlegum arðgreiðslum og endurkaupum. Arðgreiðsla var ákveðin á aðalfundi félagsins þann 10. mars 2016 að fjárhæð 2.067 milljónir króna. Gjaldþol félagsins samkvæmt staðalreglu Solvency II er 14,6 milljarðar króna og Solvency II gjaldþolshlutfallið er 1,54.

**Tafla 2. Gjaldþol Solvency II (þús.kr.)**

|                                     | 2015              | 2014              |
|-------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi | 17.552.048        | 19.180.400        |
| Óefnislegar eignir                  | (880.725)         | (2.054.227)       |
| Arðgreiðsla                         | (2.067.000)       | (2.500.000)       |
| <b>Gjaldþol</b>                     | <b>14.604.323</b> | <b>14.626.173</b> |
| Gjaldþolskrafa                      | 9.455.248         | 9.081.828         |
| <b>Gjaldþolshlutfall</b>            | <b>1,54</b>       | <b>1,61</b>       |

## 1.1 Áhættustýring váttryggingafélaga

Undanfarin ár hafa váttryggingafélög hér á landi og Evrópska efnahagssvæðinu undirbúið sig fyrir nýja löggjöf um váttryggingastarfsemi sem á að innleiða tilskipun Evrópusambandsins nr. 2009/138/EB um stofnun og starfrækslu váttryggingafélaga (Solvency II tilskipunin). Í tilskipuninni er kveðið á um ítarlegri kröfur um áhættustýringu og upplýsingagjöf þar að lútandi hjá váttryggingafélögum. Þann 22. maí 2014 gaf Fjármálaeftirlitið (FME) út leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2014 um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá váttryggingafélögum. Þau byggðu að hluta til á eldri tilmælum frá 2011. Markmið þessara tilmæla var að leiðbeina váttryggingafélögum um bestu framkvæmd áhættustýringar. Félagið hefur innleitt samhæfða áhættustýringu í samræmi við þessi tilmæli. Þá hefur stýrihópur innan félagsins unnið að undirbúningi væntanlegrar löggjafar, en nú liggur fyrir á Alþingi frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi sem felur í sér innleiðingu á Solvency II tilskipuninni.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á umgjörð samhæfðrar áhættustýringar og að stefnu félagsins um samhæfða áhættustýringu sé fylgt. Stjórn ákvarðar áhættuvilja félagsins ásamt því að setja forstjóra umgjörð í samræmi við þau stefnumið sem stjórnin samþykkir.

Félagið hefur markað sér stefnu varðandi áhættustýringu þar sem farið er yfir hvernig einstökum tegundum áhættu er stýrt. Má þar nefna hámark eigin áhættu, gjaldþolskröfu, stýringu fjármuna og aðferðum við að fylgjast með áhættu. Þessa stefnu má meðal annars finna í innri reglum félagsins um fjárfestingarstarfsemi, lánveitingar, innra eftirlit, innri endurskoðun, viðskipti við tengda aðila, fjárfestingastefnu og endurtryggingastefnu félagsins.

## 1.2 Áhætta tengd almennu efnahagsumhverfi

Almennt ástand efnahagsmála á Íslandi, svo sem hagvöxtur, atvinnustig og verðbólga hefur áhrif á váttryggingamarkaðinn og viðskiptavini félagsins og þar með á VÍS. Umsvif í þjóðfélaginu og efnahagsástand ráða nokkru um bæði eftirspurn eftir váttryggingum og samkeppni á váttryggingamarkaði og þar með á afkomu, efnahag og framtíðarhorfur félagsins. Samkvæmt sögulegum gögnum félagsins hafa aukin umsvif í þjóðfélaginu áhrif á umferðarpunga sem leiðir m.a. til aukinnar tjónatíðni í ökutækjatrýggingum.

Efnahagsástand hefur mikil áhrif á stöðu eignamarkaða og þar með á ávöxtun fjárfestingasafns VÍS. Sérstaklega ber að nefna ávöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði, verðbólgu, verð hlutabréfa og fasteigna.

Verðbólga og launahækkningar hafa almennt neikvæð áhrif á fjárhæðir tjóna váttryggingafélaga og rekstrarkostnað en verðbólga getur haft jákvæð áhrif á fjárfestingatekjur þeirra.

Gjaldeyrishöft eru enn til staðar á Íslandi og á meðan þau eru til staðar þá hafa þau áhrif á gengi íslensku krónunnar. Slíkt getur haft áhrif á verðbólgu og þar með áhrif á starfsemi VÍS og viðskiptavini félagsins. Veiking krónunnar myndi að öllum líkindum hækka tjóna- og rekstrarkostnað félagsins en á móti myndi að hluta til vega á móti að erlendar eignir félagsins myndu hækka í verði. Gjaldeyrishöftin hafa komið í veg fyrir að VÍS geti bætt erlendum eignum við fjárfestingasafn sitt og gætu leitt til aukinnar samkeppni um íslenskar fjárfestingaeignir sem getur valdið hækkuð eignaverðs á Íslandi.

Árið 2015 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum.<sup>1</sup> Frumvarpið varð að lögum 23. maí 2016, nr. 37/2016. Markmið laganna er að stuðla að losun fjármagnshafna á Íslandi og skapa þannig grundvöll fyrir frjáls milliríkjavíðskipti með íslenskar krónur. Lögin byggja á því meginsjónarmiði að höftum verði aflétt í áföngum, án þess að jafnvægi í hagkerfinu verði raskað og án þess að ríkissjóður eða almenningur taki á sig auknar fjárhagslegar byrðar. Þegar fjármagnshöft hafa að fullu verið losuð getur VÍS notið þess ábata sem fylgt getur frjálsum fjármagnsflutningum, s.s. með áhættudreifingu í eignasöfnun og erlendum fjárfestingum. Þróun efnahagsmála erlendis hefur áhrif á efnahagsástand á Íslandi og á starfsemi og fjárhag viðskiptavina VÍS og þar með á VÍS. Þróun á erlendum fjármagnsmörkuðum getur sömuleiðis haft áhrif á innlendan fjármagnsmarkað og þar með á VÍS. Hún hefur jafnframt bein áhrif á erlendar verðbræfaeignir í fjárfestingasafni VÍS. Þættir tengdir almennu efnahagsumhverfi innanlands og erlendis eru utan áhrifasviðs stjórnar og ædstu stjórnenda VÍS.

<sup>1</sup> Alpt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1314 – 777. mál. Sjá: <http://www.althingi.is/altxt/145/s/1314.html>

### 1.3 Vátryggingaáhætta

Vátryggingaáhætta er hættan á tapi eða ófyrirséðri hækkun á vátryggingaskuldbindingum vegna ófullnægjandi verðlagningar eða mats á vátryggingaskuld.

Helstu þættir vátryggingaáhættu eru:

- Samningaáhætta.
- Sala- og áhættumat.
- Vörustjórnun.
- Vöruþróun og nýjar vörur.
- Vátryggingaskuld.
- Afgreiðsla og uppgjör tjóna.
- Endurtryggingavernd.

Tafla 3. Flokkar vátrygginga – Iðgjöld ársins (þús.kr.)

|                              | 2015              |               | 2014              |               |
|------------------------------|-------------------|---------------|-------------------|---------------|
| Eignatryggingar              | 3.714.075         | 22,4%         | 3.729.132         | 23,4%         |
| Sjó- og farmtryggingar       | 425.865           | 2,6%          | 413.095           | 2,6%          |
| Lögboðnar ökutækjatrýggingar | 5.308.057         | 32,0%         | 5.055.766         | 31,7%         |
| Aðrar ökutækjatrýggingar     | 2.239.505         | 13,5%         | 2.188.699         | 13,7%         |
| Ábyrgðartryggingar           | 912.766           | 5,5%          | 878.111           | 5,5%          |
| Slysa- og sjúkratryggingar   | 1.745.813         | 10,5%         | 1.575.378         | 9,9%          |
| Líf- og heilsutryggingar     | 1.010.929         | 6,1%          | 924.031           | 5,8%          |
| Endurtryggingar              | 1.239.728         | 7,4%          | 1.194.335         | 7,4%          |
| <b>Samtals</b>               | <b>16.596.739</b> | <b>100,0%</b> | <b>15.958.546</b> | <b>100,0%</b> |

#### Innlend og erlend starfsemi – Iðgjöld ársins

|                   |                   |               |                   |               |
|-------------------|-------------------|---------------|-------------------|---------------|
| Innlend starfsemi | 15.357.010        | 92,5%         | 14.767.260        | 92,5%         |
| Erlend starfsemi  | 1.239.728         | 7,5%          | 1.191.287         | 7,5%          |
| <b>Samtals</b>    | <b>16.596.739</b> | <b>100,0%</b> | <b>15.958.546</b> | <b>100,0%</b> |

#### 1.3.1 Samningaáhætta

Samningaáhætta er sú hættu tengd gerð vátryggingasamninga sem felst fyrst og fremst í röngum eða óskýrum upplýsingum á vátryggingaskírteinum eða á öðru formi sem lagalega telst sambærilegt. Áhættan tengist einnig því að gildissvið skilmála sé óskýrt. Áhætta tengd endurtryggingasamningum felst í að ekki sé til staðar vernd við tjóni.

#### 1.3.2 Áhætta tengd sölu, endurnýjun og áhættumati

Áhætta tengd sölu, endurnýjun og áhættumati felast í því að sú vátryggingavernd sem samstæðan selur sé undirverðlögð eða áhættumat sé ófullnægjandi. Hér undir fellur einnig áhætta vegna mistaka starfsmanna, vátryggingaráðgjafa, sölumanna og vátryggingamiðlara. Sama á við um meðferð persónuupplýsinga og samkeppnislög.

### 1.3.3 Áhætta tengd vörustjórnun

Áhætta tengd vörustjórnun felst í því að ekki sé nægjanlegt eftirlit með þróun og afkomu einstakra váttryggingagreina samstæðunnar og að ekki sé gripið inn í með iðgjaldabreytingum eða öðrum ráðstöfunum.

### 1.3.4 Áhætta tengd vöruþróun og nýrri vöru

Áhætta tengd vöruþróun og nýrri vöru felst í því að ekki er unnin tilskilin undirbúningsvinna, með þeim afleiðingum að áætlanir standast ekki og taprekstur verður.

### 1.3.5 Áhætta tengd váttryggingaskuld

Áhætta tengd váttryggingaskuld felst í því að skuldbindingar samstæðunnar vegna váttryggingasamninga séu vanmetnar, hvort sem um er að ræða iðgjalda- eða tjónaskuld. Iðgjaldaskuldin er áætluð skuldbinding vegna gildandi váttryggingasamninga fram að næstu endurnýjun þeirra. Tjónaskuldin er áætluð skuldbinding vegna orðinna óuppgerðra tjóna bæði þeirra sem samstæðunni hefur verið tilkynnt um og einnig þeirra tjóna sem orðið hafa en ekki hefur enn verið tilkynnt um. Við mat á váttryggingaskuld samstæðunnar eru aðferðir Solvency II notaðar.

**Tafla 4. Næmigreining (þús.kr.)**

Taflan sýnir hvaða áhrif 1% breyting á tjónsfjárhæðum, tjónaskuld og iðgjöldum hafa á afkomu og eigið fé samstæðunnar.

|   | 2015    | 2014    |
|---|---------|---------|
| Tjónsfjárhæðir  | 101.697 | 101.274 |
| Tjónaskuld  | 121.865 | 124.131 |
| Iðgjöld miðað við óbreytt tjóna- og kostnaðarhlutföll | 8.450   | 4.785   |

Váttryggingaskuld VÍS í árslok 2015 er ákvörðuð sem besta mat samkvæmt ákvæðum Solvency II löggjafarinnar. Váttryggingaskuld í árslok 2014 hefur verið umreiknuð samkvæmt ákvæðum Solvency löggjafarinnar til samræmis. Sundurliðun váttryggingaskuldar er með svofelldum hætti:

**Tafla 5. Sundurliðun váttryggingaskuldar (þús.kr.)**

|                                  | 2015              | 2014              |
|----------------------------------|-------------------|-------------------|
| Vegna tilkynntra tjóna           | 13.839.935        | 14.123.044        |
| Vegna ótilkynntra tjóna          | 2.535.233         | 2.502.571         |
| Tjónaskuld samtals               | 16.375.168        | 16.625.615        |
| Iðgjaldaskuld                    | 5.847.030         | 5.405.130         |
| Áhættuálag                       | 1.243.762         | 1.177.302         |
| <b>Váttryggingaskuld samtals</b> | <b>23.465.959</b> | <b>23.208.048</b> |
| <b>Hlutdeild endurtryggjenda</b> |                   |                   |
| Vegna tilkynntra tjóna           | 1.088.201         | 1.241.977         |
| Vegna ótilkynntra tjóna          | 53.789            | 53.753            |
| Tjónaskuld                       | 1.141.990         | 1.295.730         |
| Iðgjaldaskuld                    | 102.599           | 90.924            |



|  |                   |                   |
|--|-------------------|-------------------|
| <b>Hlutdeild endurtryggjenda samtals</b>     | <b>1.244.589</b>  | <b>1.386.654</b>  |
| <b>Vátryggingaskuld í eigin hlut</b>         |                   |                   |
| Vegna tilkynntra tjóna                       | 12.751.734        | 12.881.067        |
| Vegna ótilkynntra tjóna                      | 2.481.444         | 2.448.818         |
| Tjónaskuld                                   | 15.233.178        | 15.329.885        |
| Iðgjaldaskuld                                | 5.744.431         | 5.314.206         |
| Áhættuálag                                   | 1.243.762         | 1.177.302         |
| <b>Vátryggingaskuld í eigin hlut samtals</b> | <b>22.221.371</b> | <b>21.821.393</b> |

Tjónaskuld er reiknað besta mat VÍS samkvæmt Solvency II löggjöfinni á fjárhæð óuppgerðra tjónsatburða á uppgjörstigi sem hafa verið tilkynntir félaginu og einnig vegna tjónsatburða sem hafa átt sér stað á uppgjörstigi en ekki verið tilkynntir félaginu eða tilkynntir með ófullnægjandi hætti. Iðgjaldaskuld er mat félagsins á skuldbindingum vegna þess tímabils sem eftir er af gerðum vátryggingasamningum á uppgjörstigi.

### 1.3.6 Áhætta tengd afgreiðslu og uppgjöri tjóna

Helstu áhættuþættir sem felast í afgreiðslu og uppgjöri tjóna eru mistök, rangar ákvarðanir eða misferli starfsmanna. Einnig felst áhætta í að tjónþoli greini rangt frá eða ýki afleiðingar tjóns, þ.e. vátryggingasvik. Hér fellur einnig undir umsýsla viðkvæmra persónuupplýsinga og að verktakar á vegum samstæðunnar fari út fyrir verksvið sitt.

### 1.3.7 Endurtryggjendaáhætta

Áhætta tengd endurtryggingavernd er m.a. sú að endurtryggjandi standi ekki við skuldbindingar sínar, fjárhæð endurtryggingaverndar sé ekki nægjanleg, misræmi sé á milli frumtrygginga- og endurtryggingaverndar og mismunandi túlkun á milli frumtryggjanda og endurtryggjenda á endurtryggingarsamningi.

Í stefnu samstæðunnar er kveðið á um að endurtryggjendur skuli hafa öryggismat frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og sett eru mörk á hve mikla áhættu samstæðan endurtryggir hjá hverjum endurtryggjanda. Kröfur um öryggismat endurtryggjenda fara eftir áætluðum uppgjörstíma tjóna í viðkomandi samningi, en fjöldi endurtryggjenda á samningi og hámark áhættu hjá einum endurtryggjanda tekur auk þes mið af öryggismati þeirra. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu iðgjalda til endurtryggjenda eftir öryggismati þeirra árið 2015 og áætlaða skiptingu 2016.

**Tafla 6. Öryggismat endurtryggjenda**

|                | <b>2016</b>   | <b>2015</b>   |
|----------------|---------------|---------------|
| AAA            | 0,0%          | 0,0%          |
| AA+            | 5,5%          | 5,7%          |
| AA             | 0,0%          | 0,0%          |
| AA-            | 82,7%         | 82,1%         |
| A+             | 6,2%          | 6,6%          |
| A              | 0,8%          | 0,8%          |
| A-             | 4,8%          | 4,8%          |
| BBB            | 0%            | 0%            |
| <b>Samtals</b> | <b>100,0%</b> | <b>100,0%</b> |

## 1.4 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á tapi eða ófyrirséðri breytingu á fjárhagsstöðu, sem stafar af sveiflum á markaðsvirði eigna, skuldbindinga og fjármálagerninga. Stefnumótun um stýringu á markaðsáttu fer fyrst og fremst fram við endurskoðun á stefnu um fjárfestingar og samsetningu eignaflokka í eignasafni. Við gerð þeirrar stefnu er tekið mið af áhættuvilja samstæðunnar, væntingum um ávöxtun eigna og sögulegri greiningu á ávöxtun. Horft er til núverandi eignasafns og þess umhverfis og þeirra takmarkana sem taka þarf mið af. Með markvissri stýringu á eignasafni er hægt að jafna sveiflur og lágmarka áhættu tengda breytingu á markaðsvirði eigna samstæðunnar.

Fjárfestingastarfsemi er ein af undirstöðum í rekstri váttryggingafélaga. Markmið með henni er að ávaxta eigið fé félagsins á sem bestan og öruggastan hátt. Stærsti hluti eigna félagsins er til að mæta úppgerðum tjónum og öðrum skuldbindingum.

Fjárfestingaeignir í lok árs 2015 námu 33.634 milljónum króna og minnkuðu um 1.024 milljónir króna milli ára. Helstu skýringar á því að eignasafnið minnkaði á milli ára eru að greiddar voru 2.488 milljónir króna í arð á árinu og félagið keypti eigin hluti fyrir um 1.216 milljónir króna. Þá var dregið úr vægi ríkistryggðra skuldabréfa í eignasafninu og ríkisskuldabréf seld fyrir meira en 5 milljarða króna nettó. Þetta er í takt við þróun síðustu ára þar sem aukið hefur verið verulega við eign í öðrum skuldabréfum eins og sértryggðum skuldabréfum banka og annarra fyrirtækja.

Um áramótin 2015 – 2016 var hlutfall auðseljanlegra eigna í eignasafni félagsins 73,7%. Miklu skiptir að vera með hátt hlutfall auðseljanlegra eigna til þess að takast á við breytingar á eignamörkuðum og grípa þau tækifæri sem skapast á mörkuðum.

Helstu þættir markaðsáttu sem eru sérstaklega skoðaðir eru vaxtaáhætta, hlutabréfaáhætta, verðbólguáhætta, gjaldmiðlaáhætta og lausafjáraáhætta. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þessum áhættuþáttum og birtar ýmsar kennistærðir til skýringar.

### 1.4.1 Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vaxtaáhætta nær til vaxtaberandi eigna og skulda samstæðunnar. Vaxtaberandi eignir samstæðunnar skiptast milli fastra vaxta og breytilegra. Breytingar á vöxtum sem leiða til breytinga á gangvirði þeirra eigna hafa því ekki áhrif á bókfærða stöðu. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti. Samstæðan hefur ekki gert vaxtaskiptasamninga til þess að sporna við þeirri áhættu sem tengist breytingu á vaxtastigi, en stjórnendur fylgjast reglulega með þróun vaxta á heimamarkaði, sem og erlendis.

Í töflunni hér að neðan er sýnt hvaða áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á vaxtaberandi eignir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Tafla 7. Næmigreining vaxta (þús.kr.)

|                            | 2015           |                | 2014           |                |
|----------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Vaxtahækkun á              | 50             | 100            | 50             | 100            |
| vaxtaberandi eignir        | <i>punktur</i> | <i>punktur</i> | <i>punktur</i> | <i>punktur</i> |
| Áhrif á afkomu og eigið fé | 53.931         | 107.862        | 58.610         | 117.220        |

### 1.4.2 Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er hættan á tapi vegna verðbreytinga á hlutabréfum. Hlutabréf sem VÍS á í skráðum félögum eru bókuð á markaðsvirði og því hafa allar breytingar á markaðsvirði þeirra áhrif á eignir og afkomu félagsins. Hlutabréf í óskráðum félögum eru bókuð á gangvirði, en við ársuppgjör og árshlutauppgjör er farið yfir óskráðar eignir og virði þeirra endurmetið af starfsmönnum félagsins samkvæmt bestu upplýsingum sem liggja fyrir hverju sinni. Breytingar á gangvirði geta haft áhrif á eignir og afkomu félagsins. Samstæðan fjárfestir í hlutabréfum, bæði til að hámarka ávöxtun og dreifa áhættu til að jafna sveiflur í eignasafni.

Til að lágmarka áhættu af hlutabréfaeign samstæðunnar eru sett mörk í fjárfestingastefnu félagsins um hámark á vægi hlutabréfa í eignasafni, hámarkseignarhlut í skráðum og óskráðum innlendum hlutabréfum og hámark í hverri atvinnugrein. Undir hlutabréfaáhættu falla einnig eignir í hlutabréfasjóðum. Hjá félaginu eru sett viðmið um kaup í hlutabréfasjóðum til að tryggja áhættudreifingu og stöðugt er fylgst með aðstæðum á hlutabréfamörkuðum með það að markmiði að bregðast við breyttum aðstæðum, en slíkt eftirlit kemur þó ekki í veg fyrir tap af óhagstæðri þróun á hlutabréfamörkuðum. Samstæðan fjárfestir einnig í markaðsskuldabréfum til að dreifa áhættu og jafna sveifur.

Í árslok 2015 námu skráð hlutabréf og hlutabréfasjóðir 20,5% af fjárfestingasafni félagsins en óskráð hlutabréf 8,7%, sbr. árskýrslu með ársreikningi 2015. Í árslok 2015 hefði 5 og 10% hækkun á markaðsverði hlutabréfa og skuldabréfa á afkomu og eigið fé að teknu tilliti til 20% tekjuskatts sýnd í töflu 8 hér að neðan. 5 og 10% lækkun á markaðsvirði hefði sömu áhrif en í gagnstæða átt, sbr. skýringu 27.5 í ársreikningi 2015.

Tafla 8. Áhrif hækkunar á markaðsvirði hlutabréfa (þús.kr.)

|                             | 2015    |           | 2014    |           |
|-----------------------------|---------|-----------|---------|-----------|
|                             | 5%      | 10%       | 5%      | 10%       |
| Hlutabréf – áhrif á afkomu  | 520.676 | 1.041.352 | 418.210 | 836.420   |
| Skuldabréf – áhrif á afkomu | 696.967 | 1.393.933 | 820.635 | 1.641.270 |

### 1.4.3 Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta er hættan á tapi sem myndast vegna sveiflna á verðbólgu á verðtryggingarjöfnuð. Verðtryggingarjöfnuður er mismunur á milli verðtryggðra eigna og skulda. Stór hluti váttryggingaskuldar er í eðli sínu verðtryggður og hluti af eignum samstæðunnar eru verðtryggðar. Hætta er á að eignasafn samstæðunnar fylgi ekki verðlagsþróun með sama hætti og váttryggingaskuld. Til að lágmarka hættuna eru sett mörk um lágmark verðtryggðra eigna í fjárfestingastefnu félagsins. Með þessari stefnu dregur félagið úr mögulegum áhrifum vegna breytinga á verðlagi.

### 1.4.4 Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er hættan á tapi sem verður vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gjaldeyrisjöfnuður er mismunurinn á milli eigna og skulda eftir gjaldmiðlum. Hluti af verðbréfaeign samstæðunnar og hluti af váttryggingaskuld hennar er í erlendum gjaldmiðlum. Þegar viðmið eru sett um vægi eigna eftir gjaldmiðlum í fjárfestingastefnu félagsins er tekið mið af gjaldmiðlaáhættu samstæðunnar.

Gengisáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gengisáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Þegar viðmið eru sett um vægi eigna eftir gjaldmiðlum í stefnu um fjárfestingar er tekið mið af gjaldmiðlaáhættu samstæðunnar.

Gjaldeyrihöftin sem eru við lýði á Íslandi hafa nokkur áhrif á rekstur félagsins. Losun gjaldeyrihafta gæti haft sveiflur í för með sér á gengi krónunnar, sem gæti haft áhrif á afkomu og eigið fé félagsins þar sem það hefur takmarkaða möguleika til að nýta sér gengisvarnir eins og sakir standa, meðal annars vegna þess að skilvirkur markaður með framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga er varla til staðar á Íslandi um þessar mundir.

Meirihluti eigna og skulda samstæðunnar er í íslenskum krónum en þó á samstæðan nokkuð af erlendum fjáreignum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka tillit til meðalmeðgengisins Seðlabanka Íslands á árinu, en árslokagengi er meðgengi Íslandsbanka, sbr. skýring nr. 27.7 í ársreikningi samstæðunnar 2015.

**Tafla 9. Áhrif gjaldmiðla**

|     | Árslokagengi |        | Meðalgengi |        | Ársflökt |
|-----|--------------|--------|------------|--------|----------|
|     | 2015         | 2014   | 2015       | 2014   | 2015     |
| USD | 130,14       | 127,03 | 131,85     | 116,75 | 2,4%     |
| EUR | 141,30       | 154,60 | 146,30     | 154,86 | -8,6%    |
| GBP | 191,87       | 197,37 | 201,58     | 192,17 | -2,8%    |
| DKK | 18,93        | 20,77  | 19,62      | 20,77  | -8,9%    |
| NOK | 14,69        | 17,08  | 16,37      | 18,54  | -14,0%   |
| SEK | 15,41        | 16,23  | 15,64      | 17,03  | -5,1%    |

Gengisáhætta í árslok 2015 (þús.kr.)

|                | Eignir           | Skuldir          | Hrein staða      |
|----------------|------------------|------------------|------------------|
| USD            | 2.887.506        | 1.225.823        | 1.661.683        |
| EUR            | 970.990          | 325.304          | 645.686          |
| GBP            | 1.504.047        | 559.942          | 944.105          |
| DKK            | 26.485           | 0                | 26.485           |
| NOK            | 14.677           | 0                | 14.677           |
| SEK            | 1.056            | 0                | 1.056            |
| <b>Samtals</b> | <b>5.404.761</b> | <b>2.111.069</b> | <b>3.293.692</b> |

Gengisáhætta í árslok 2014 (þús.kr.)

|                | Eignir           | Skuldir          | Hrein staða      |
|----------------|------------------|------------------|------------------|
| USD            | 2.469.142        | 1.289.063        | 1.180.079        |
| EUR            | 1.011.709        | 389.762          | 621.947          |
| GBP            | 1.439.664        | 633.872          | 805.792          |
| DKK            | 39.183           | 0                | 39.183           |
| NOK            | 16.956           | 0                | 16.956           |
| SEK            | 1.105            | 0                | 1.105            |
| <b>Samtals</b> | <b>4.977.759</b> | <b>2.312.697</b> | <b>2.665.062</b> |

#### Næmigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hvaða áhrif 5% og 10% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði áhrif á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmigreiningin tekur til, en þær eru að verulegum hluta erlend verðbréf. Næmigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreytingar undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri

mynt eru ekki í neinum tilvikum færðar beint á eigið fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft í för með sér lækkun á hagnaði og eigin fé.

**Tafla 10. Áhrif gjaldmiðla á afkomu og eigið fé (þús.kr.)**

|     | 2015   |         | 2014   |        |
|-----|--------|---------|--------|--------|
|     | 5%     | 10%     | 5%     | 10%    |
| USD | 66.467 | 132.935 | 47.203 | 94.406 |
| EUR | 25.827 | 51.655  | 24.878 | 49.756 |
| GBP | 37.764 | 75.528  | 32.232 | 64.463 |
| DKK | 1.059  | 2.119   | 1.567  | 3.135  |
| NOK | 587    | 1.174   | 678    | 1.356  |
| SEK | 42     | 84      | 44     | 88     |

#### 1.4.5 Lausafjánhætta

Í lausafjánhættu felst hættan á að VÍS hafi ekki yfir nægum lausum fjármunum að ráða eða geti ekki selt eignir í tæka tíð til að mæta fjárhagslegum skuldbindingum þegar við á. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa. Sérstök áhersla er lögð á að til sé laust fé til að mæta þeim hluta tjónaskuldar sem væntanlegur er til greiðslu hverju sinni, sem og öðrum skuldum. VÍS hefur sett sér stefnu um lausafjánhættu og í henni kemur fram með hvaða hætti tryggt er að félagið hafi á hverjum tíma nægt laust fé til að standa straum af fjárútreymi. Samstæða VÍS hefur með stefnu sinni um lausafé sett sér stefnu um lágmarks handbært fé á hverjum tíma auk þess sem stóran hluta heildareigna hennar er hægt að innleysa tafarlaust. VÍS heyrir undir eftirlit ýmissa opinberra aðila á Íslandi. Lögum samkvæmt ber félaginu því að skila inn ýmsum tilteknum sundurliðunum, t.d. er varða lausafjárstöðu, til eftirlitsaðila. Eftirfarandi tafla sýnir greiningu á væntu fjárútreymi váttryggingaskuldar í lok árs 2014 og 2015.

**Tafla 11. Vænt sjóðflæði skulda (þús.kr.)**

|  | Innan árs | 2017      | 2018 og síðar | Samtals    |
|--|-----------|-----------|---------------|------------|
| <b>2015</b>                                |           |           |               |            |
| Tjónaskuld                                 | 6.265.515 | 2.902.722 | 7.206.931     | 16.375.168 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 1.193.374 | 0         | 0             | 1.193.374  |
|  | Innan árs | 2016      | 2017 og síðar | Samtals    |
| <b>2014</b>                                |           |           |               |            |
| Tjónaskuld                                 | 6.417.154 | 2.887.663 | 7.320.798     | 16.625.615 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 1.331.519 | 0         | 0             | 1.331.519  |

#### 1.5 Mótaðilaáhætta

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2014 um áhættustýringu og starfssvið tryggingasérfræðings hjá váttryggingafélögum er mótaðilaáhætta hættan á tapi eða ófyrirséðri breytingu á fjárhagsstöðu, sem stafar af sveiflum á lánshæfismati mótaðila. Í þessu felst sú áhætta að mótaðilar VÍS geti ekki

staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að VÍS tapar á fjármálagerningum sínum. Stjórnendur VÍS fylgjast reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast mótaðilaáhættu.

Rekstur samstæðu VÍS byggir á tveimur stoðum, váttrygginga- og fjárfestingstarfsemi og er áhættu gagnvart mótaðila að finna í hvorri starfsemi fyrir sig. Helstu þættir mótaðilaáhættu eru hættan á lækkun á styrkleikamati útgefanda skuldabréfa (e. spread risk) og hættan á að mótaðili geti ekki staðið við þær skuldbindingar sem samningar segja til um. Helstu upptök mótaðilaáhættu eru frumtryggingar, endurtryggingar, lánveitingar, skuldabréfakaup og innlán í bönkum.

**Tafla 12. Mótaðilaáhætta (þús.kr.)**

|  | 2015              | 2014              |
|--|-------------------|-------------------|
| Markaðsskuldabréf, lánshæfismat BBB+               | 5.557.880         | 0                 |
| Markaðsskuldabréf, lánshæfismat BBB-               | 4.101.214         | 6.394.262         |
| Markaðsskuldabréf, lánshæfismat BB+                | 0                 | 3.089.744         |
| Markaðsskuldabréf, lánshæfismat BB                 | 0                 | 364.121           |
| Markaðsskuldabréf, lánshæfismat BB-                | 2.494.611         | 6.037.429         |
| Markaðsskuldabréf, lánshæfismat BB+                | 0                 | 70.538            |
| Fjáreignir haldið til gjalddaga, lánshæfismat BBB+ | 2.745.796         | 0                 |
| Fjáreignir haldið til gjalddaga, lánshæfismat BBB- | 0                 | 2.700.199         |
| Fjáreignir haldið til gjalddaga, lánshæfismat BB-  | 1.574.029         | 1.584.639         |
| Önnur markaðsverðbréf                              | 5.270.458         | 4.559.785         |
| Veðlán og önnur útlán                              | 48.431            | 93.145            |
| Viðskiptakröfur                                    | 5.482.145         | 5.283.955         |
| Kröfur á endurtryggjendur                          | 10.620            | 4.851             |
| Aðrar kröfur                                       | 1.756.206         | 1.540.480         |
| Handbært fé  | 1.428.183         | 1.399.904         |
| <b>Samtals</b>                                     | <b>30.469.572</b> | <b>33.123.052</b> |

Hámarks mótaðilaáhætta VÍS nam 30.470 m.kr. í árslok 2015, samanber bókfærða stöðu sem sundurliðuð er hér að framan. Þar af námu markaðsverðbréf 71,4%, en stærstur hluti markaðsverðbréfa í eigu VÍS eru ríkistryggð eða um 64,7% af skuldabréfaeign félagsins.

Í stefnu og verklagsreglum félagsins um endurtryggingar eru tilgreind mörk eigin áhættu, kröfur um styrkleikamat endurtryggjenda, hámark áhættu hjá hverjum þeirra og fjölda á hverjum endurtryggingasamningi. Ennfremur er eftirlit með þessari áhættu tilgreint í stefnu um endurtryggingar. Með þessu er tryggt að mótaðilaáhættu félagsins gagnvart endurtryggingasamningum er stýrt með faglegum hætti. Viðskiptavinir VÍS í lok árs 2015 voru rúmlega 80.000 sem sýnir vel áhættudreifingu í stofninum auk þess sem félagið er ekki háð einstökum stórum viðskiptavinum og þar með þeirri áhættu sem getur falist í stórum einstökum váttryggingartökum. Hjá félaginu nema 20 stærstu viðskiptakröfur samtals um 348 m.kr. í lok árs 2015. Af því leiðir að lítil hætta er á að tap einstakra viðskiptavina hafi veruleg áhrif á afkomu og efnahagsreikning félagsins. Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna tiltekinnna viðskiptavina og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd ákveðnum viðskiptavinum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna. Afskriftareikningur viðskiptakrafna í lok árs 2015 nam 138 m.kr. samanborið við 225 m.kr. í lok árs 2014.

## 1.6 Samþjöppunaráhætta

Samþjöppunaráhætta er hættan á því að félagið fjárfesti of mikið í einstökum eignaflokkum og dreifingu eignasafnsins sé þannig ábótavant. Tap vegna slíkra fjárfestinga getur ógnað gjaldþoli og/eða fjárhagslegri stöðu

félagsins. Það myndi auka samþjöppunaráhættu ef VÍS væri bæði stór fjárfestir í félagi og ætti í viðskiptum við það um váttryggingar, enda gætu bæði viðskiptin og fjárfestingin tapast við slíkar aðstæður.

Þessi áhættuþáttur nær til samþjöppunar í váttryggingastofni, fjárfestingum og endurtryggingum, sem og til þátta samþjöppunar sem fylgni er á milli. VÍS hefur líkt og áður hefur komið fram dreifðan stofn váttryggingartaka, bæði meðal fyrirtækja og einstaklinga. Hvað varðar fjárfestingar þá hefur félagið markað sér fjárfestingastefnu og er í henni stuðlað að áhættudreifingu fjárfestinga félagsins.

Váttryggingafélögum er skylt að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 216/2011, um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld frumtryggingafélaga. Reglugerðinni er ætlað að tryggja að eignir séu nægar til að standa undir váttryggingaskuldbindingum og að eignasafn teljist bæði traust og vel dreift. Óskráð hlutabréfaeign getur sem dæmi mest talið 1% á móti váttryggingaskuld samkvæmt reglugerðinni en ef eignin er stærri þá nýtist ekki sá hluti hennar sem er umfram þau mörk á móti váttryggingaskuld. Reglugerðin stuðlar þannig að áhættudreifingu í eignasafni váttryggingafélaga og dregur úr samþjöppunaráhættu.

## 1.7 Orðsporsáhætta

Orðsporsáhætta er áhætta vegna þess skaða sem laskað orðspor váttryggingafélags hjá neytendum, mótaðilum, hluthöfum og stjórnvöldum getur valdið félaginu. Rangar ákvarðanir í starfsemi félagsins eða ef félagið eða aðilar því tengdir fara ekki eftir lögum og reglum eru dæmi um orsakir neikvæðrar umfjöllunar. Með það að markmiði að lágmarka hugsanleg áhrif orðsporsáhættu á félagið er leitast við að skýra starfsreglur en einnig eru reglulega haldin námskeið innan félagsins þar sem starfsmenn fá fræðslu um þau lög og reglur sem gilda um starfsemi váttryggingafélaga.

Hjá félaginu er fylgst náið með öllum helstu fréttu- og samskiptamiðlum á Íslandi. VÍS hefur í sama tilgangi sett sér reglur um samskipti við fjölmiðla. Atburðir eins og brot á lögum, rannsókn eða húsleit eftirlitsaðila eru líklegir til að hafa áhrif á mynd fyrirtækja. VÍS hefur gert viðbragðsáætlanir vegna slíkra atburða til þess að lágmarka áhrif þeirra.

Þrátt fyrir að VÍS leitist með þessum hætti við að takmarka orðsporsáhættu er ekki hægt að útiloka að félagið verði fyrir tjóni vegna slíkrar áhættu.

## 1.8 Stefnumótunaráhætta

Stefnumótunaráhætta er hættan á að viðskiptalegar ákvarðanir, framkvæmd þeirra eða skortur á viðbrögðum við breytingum í rekstrarumhverfi leiði til rekstrartaps eða lækkunar gjaldþols. Frá árinu 2012 hefur VÍS unnið í samræmi við stefnu þar sem áhersla er lögð á ánægju og tryggð viðskiptavina með einfaldleika að leiðarljósi. Stöðugt er leitað leiða til að gera reksturinn skilvirkari með betri þjónustu og lægri kostnaði.

Hætta er á að félaginu takist ekki að framkvæma yfirlýsta stefnu sína til hlítar, einkum í ljósi þess að reksturinn er næmur fyrir niðursveiflum í efnahagslífinu sem hafa áhrif á verðmæti fjárfestinga og neyslumynstur almennings. Félagið hefur það að markmiði að uppfylla þarfir viðskiptavina betur en keppinautarnir með því að skilja og bregðast við hegðun neytenda.

Ef viðskiptastefna félagsins reynist röng eða er ekki komið á framfæri með skilvirkum hætti er hættan á að reksturinn bíði skaða af. Nauðsynlegt er að félagið skilji og stýri viðskiptaáhættu með réttum hætti til að ná fram langtímaávöxtun hluthöfum til hagsbóta. Markmið félagsins er að vera í fremstu röð þjónustufyrirtækja og sífellt að leita leiða til að gera viðskipti við félagið þægilegri. Einnig er það stefna félagsins að bjóða viðskiptavinum sínum fjölbreytta og viðeigandi váttryggingavernd. Félagið starfar á váttryggingamarkaði, sem er háður sveiflum í eftirspurn og stöðu heimila og fyrirtækja.

## 1.9 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er öll áhætta sem bundin er við almennan rekstur samstæðunnar og er skilgreind sem hættan á beinu og óbeinu tapi í tengslum við innri starfsemi félagsins s.s. starfsfólk, skipulag, samningsgerð og skjölun,

verkferla, upplýsingatækni, ytri þætti, s.s. lagalega áhættu og viðskiptasambönd. Stefna félagsins er að draga úr rekstraráhættu að teknu tilliti til kostnaðar við fyrirbyggjandi aðgerðir.

Helstu þættir rekstraráhættu eru:

- Starfsfólk og skipulag
- Skjölun og samningsgerð
- Ytri atburðir
- Upplýsingatækni

Rekstraráhætta nær til allra rekstrareininga innan félagsins. Þrátt fyrir að VÍS hafi gripið til margvíslegra ráðstafana í starfsemi sinni í því skyni að draga úr rekstraráhættu er ekki hægt að útiloka að félagið geti orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna slíkra áhættuþátta sem þá hefði áhrif á afkomu, efnahag og framtíðarhorfur VÍS. Nánar er vikið að framangreindum ráðstöfunum í köflum 1.9.1 til 1.9.4 sem fara hér á eftir.

### 1.9.1 Starfsfólk og skipulag

#### 1.9.1.1 Innri stjórnun og eftirlit

Stefna félagsins er að vera með vel skipulagða og áreiðanlega innri stjórnun og eftirlit sem er órjúfanlegur hluti samhæfðrar áhættustýringar. Innri stjórnun og eftirlit er ferli sem mótað er af stjórn félagsins, stjórnendum þess og starfsmönnum og er ætlað að veita hæfilega vissu um að félagið nái markmiðum sínum um:

- Árangur og skilvirkni í starfseminni (rekstartengd markmið).
- Að upplýsingar séu áreiðanlegar (markmið um réttar upplýsingar).
- Að lögum og reglum sé fylgt í hvívetna (markmið um reglufylgni).

Innri stjórnun og eftirlit félagsins greinist í fimm meginþætti sem eiga að stuðla að því að félagið nái framangreindum markmiðum sínum:

- Eftirlitsumhverfi.
- Áhættumat.
- Eftirlitsaðgerðir.
- Upplýsingar og samskipti.
- Stjórnendaeftirlit.

Stjórn VÍS hefur sett sér stefnu um innri stjórnun og eftirlit. Innri stjórnun og eftirlit birtist m.a. í verklagsreglum félagsins, starfsháttum, siðareglum og mannauðsstefnu. Hún er eðlilegur hluti af starfsemi félagsins og er samtvinnað rekstri þess. Innri stjórnun og eftirlit er þó háð mannlegum takmörkunum eins og mistökum og ásetningi þess efnis að sniðganga reglur félagsins og öðru sem er ófyrirsjáanlegt. Þannig veitir innri stjórnun og eftirlit einungis hæfilega vissu um að félagið nái markmiðum sínum.

Ætlun hvers félags er að ná markmiðum þess. Sókn félagsins í átt að markmiðum þess felur m.a. í sér að grípa þau tækifæri sem gefast, að stuðla að vexti og að taka áhættu og stýra henni. Skortur á viðeigandi áhættutöku og stýring þeirrar áhættu sem tekin er getur leitt til þess að félagið nær ekki markmiðum þess. Það verður ávallt núningur milli aðgerða sem eiga að auka virði félagsins og aðgerða sem eiga að varðveita virði félagsins. Þessi stefna formgerir og skapar grundvöll til þess að tillit sé tekið til áhættu og stýringar á henni í daglegum rekstri.

#### 1.9.1.2 Áhætta vegna lykilstarfsmanna

Innan félagsins er yfirgripsmikil reynsla af og þekking á íslenska váttryggingamarkaðinum. Félaginu er skylt að meta hæfi lykilstarfsmanna og hefur það sett sér innri reglur sem snúa að því hæfismati. Framtíðarþróun félagsins veltur á þekkingu, reynslu og einurð stjórnenda þess og annarra lykilstarfsmanna. Það gæti haft neikvæð áhrif á félagið ef einn eða fleiri þessara lykilstarfsmanna hætta störfum hjá því. Ef félagið getur ekki ráðið til sín nýja hæfa starfsmenn gæti það haft neikvæð áhrif á getu þess til að þróa reksturinn áfram. Það er mikilvægt fyrir félagið að geta laðað til sín og haldið í hæft starfsfólk. Félagið leggur mikla áherslu á að bjóða



upp á góð starfsskilyrði og samkeppnishæf laun, en ekki er víst að því takist ávallt að laða til sín og halda í þá starfsmenn sem það þarfnast.

### **1.9.1.3 Fylgni við reglur og sviksamleg háttsemi**

Þótt VÍS telji að starfsmenn þess sinni starfi sínu af heiðarleika og fagmennsku er starfsemi félagsins umfangsmikil sem leiðir til þess að til staðar er sú hættu á öllum stigum rekstrarins að sviksamleg háttsemi geti átt sér stað. VÍS hefur mótað stefnu/reglur um innri stjórnun og eftirlit sem hafa verið staðfestar af FME og er félagið með stöðugt eftirlit í gangi til að lágmarka þessa áhættu, sem felst m.a. í viðeigandi bókhalds- og öryggiseftirliti og annars konar eftirlitsferlum á öllum stigum rekstrarins.

## **1.9.2 Skjölun og samningsgerð**

### **1.9.2.1 Endurtryggingasamningar**

VÍS endurtryggir hluta af frumtryggingaráhættu sinni og er því aðili að endurtryggingasamningum. VÍS endurtryggir eingöngu hjá erlendum endurtryggingafélögum. Þar sem um mjög mikilvæga samninga er að ræða fyrir VÍS eru gerðar miklar kröfur til endurtryggjenda af hálfu félagsins. Ef einhver af endurtryggjendum félagsins yrði ófær um að standa við skuldbindingar sínar, hætti eða neitaði af einhverjum ástæðum að gera það, gæti slíkt haft verulega neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir félagið. Endurtryggjendur hafa langflestir styrkleikamat A eða herra skv. Standard & Poors eða sambærilegt, þ.e.a.s. 100% af endurtryggingaiðgjöldum félagsins renna til aðila sem eru með fyrrgreint styrkleikamat.

Aðallega er um tvenns konar samninga að ræða, annars vegar óhlutfallslega samninga (e. Excess of Loss) og hins vegar hlutfallslega samninga (e. Quota Share). Í óhlutfallslegum samningum ber frumtryggjandinn tiltekna eigin áhættu í hverju tjóni og endurtryggjandinn það sem umfram er, upp að samningsmörkum. Iðgjöld til endurtryggjenda eru tiltekinn hundradshluti af iðgjöldum ársins, fyrir endurtryggðar áhættur í greininni. Í hlutfallslegum samningum ber frumtryggjandinn tiltekinn hundradshluta í eigin áhættu og endurtryggjandinn einnig. Iðgjöldum og tjónum er skipt í sama hlutfalli.

Óhlutfallslegir samningar eru algengastir hjá VÍS og eru notaðir fyrir sjótryggingar, eignatryggingar, ökutækjatryggingar, ábyrgðartryggingar, slysatryggingar og kortatryggingar. Hlutfallslegir samningar eru notaðir fyrir véla-, rafeinda- og verktakatryggingar og stjórnendatryggingar. Auk þess er Lífis með hlutfallslega samninga fyrir líftryggingar, sjúkdómatryggingar og afkomutryggingar.

Endurtryggingasamningum félagsins sem ekki snúa að sjótryggingum eða hryðjuverkamatryggingum má segja upp fyrirvaralaust verði breyting á eignarhaldi samningsaðila, t.d. með samruna eða breytingu á stjórnun þess. Stjórnendur VÍS telja áhættu þessu tengdu óverulega og snúi þá helst að því ef annað váttryggingafélag myndi eignast ráðandi hlut í félaginu.

Allir endurtryggingasamningar félagsins utan einn lúta íslenskum lögum. Ágreining vegna þeirra skal leysa fyrir íslenskum dómstólum utan eins þeirra sem lýtur enskum lögum og skal leysa ágreining fyrir enskum dómstólum. Samningarnir eru allir á ensku og byggja á erlendra fyrirmynd. Íslenskir dómstólar hafa hingað til lítið þurft að fjalla um ágreining vegna erlendra endurtryggingasamninga.

Helstu samningsaðilar félagsins vegna endurtrygginga eru Munich Re (AA-), Swiss Re Germany (AA-), Lloyds (nokkrir aðilar, A+) og Hannover Re (AA-). Endurtryggingasamningar eru gerðir til eins árs í senn.

### **1.9.2.2 Endurtryggingar umfram samningsmörk reglulegra samninga**

Sumar áhættur sem VÍS tekur að sér að frumtryggja fara yfir samningsmörk reglulegra endurtryggingasamninga og er þá metið af hálfu félagsins hvort nauðsynlegt er að endurtryggja þær áhættur sérstaklega. Enn fremur getur VÍS tekið að sér að frumtryggja áhættu sem fellur ekki undir reglulega endurtryggingasamninga félagsins. Á þessum tímapunkti sé endurtryggir VÍS um 30 frumtryggingaáhættur og er gerður endurtryggingasamningur um hverja áhættu fyrir sig.

Endurtryggingasamningum sem gerðir eru vegna sértækra áhætta er að öllu jöfnu ætlað að spegla frumtryggingarskilmála og tryggja þátttöku endurtryggjenda ef tjón verður. Svokölluðum „follow the fortunes“ ákvæðum í samningunum er ætlað að tryggja slíka þátttöku en þau kveða að jafnaði á um að endurtryggjendur verði að lúta tjónauppgjörum frumtryggjanda. Slík skylda endurtryggjenda getur þó takmarkast af ákvæðum váttryggingaskilmálanna og eftir atvikum alvarlegum frávikum frá þeim af hálfu frumtryggjanda.

### 1.9.3 Ytri atburðir

#### 1.9.3.1 Lagaleg áhætta

VÍS er hlutafélag með starfsleyfi sem váttryggingafélag og starfar því skv. lögum nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi. Þá heyrir starfsemi þess undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins, sbr. lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Að auki er starfsemin háð ýmsum reglum og leiðbeinandi tilmælum sem Fjármálaeftirlitið hefur sett, bæði hvað varðar sjálfan váttryggingareksturinn og rekstur félagsins að öðru leyti. Yfirlit yfir þau lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um váttryggingastarfsemi félagsins er að finna í kafla 3 í útgefandalýsingu þessari. Félagaréttarleg lagaumgjörð félagsins fer eftir lögum nr. 2/1995, um hlutafélög og byggja samþykktir VÍS á þeim lögum. Einnig gilda um bókhald og reikningsskil félagsins lög nr. 3/2006, um ársreikninga, og lög nr. 145/1994, um bókhald. Skattalög svo sem lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og reglugerðir settar á grundvelli fyrrgreindra laga gilda einnig um félagið.

Starfsemi félagsins er þess eðlis að nauðsynlegt er að afla ýmissa leyfa og heimilda frá þar til bærum yfirvöldum. Fjármálaeftirlitið hefur veitt VÍS starfsleyfi í samræmi við IV. kafla laga um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010. Samkvæmt starfsleyfinu hefur FME veitt VÍS heimild til starfsemi á sviði tiltekinna váttryggingagreina skaðatrygginga og endurtrygginga auk þess sem FME hefur veitt Lífis, dótturfélagi VÍS, heimild til starfsemi á sviði persónutrygginga. Ef þessi leyfi og/eða heimildir yrðu afturkölluð eða þeim breytt á einhvern hátt gæti það haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins, sérstaklega ef öll leyfin yrðu afturkölluð. FME getur í samræmi við XII. kafla laga um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010 afturkallað starfsleyfi váttryggingafélaga.

Fjármálaeftirlitið hefur viðtækar heimildir og skyldur, m.a. varðandi útgáfu leiðbeinandi tilmæla, gagnaöflunar, sértæks eftirlits, álagningu févita og tilkynningarskyldu til lögreglu og ráðherra um meint refsiverð brot. Fram koma gjarnan fyrirspurnir, athugasemdir, ábendingar eða úttektir stjórnvalda og er þeim svarað af hálfu VÍS og brugðist við þeim ábendingum sem þar koma fram.

Hvað varðar hinn eiginlega váttryggingarekstur hafa ákvæði laga nr. 30/2004, um váttryggingasamninga, veruleg áhrif á umgjörð allra váttryggingasamninga sem gerðir eru. Sama gildir um ákvæði í ýmsum lögum þar sem mælt er fyrir um skyldu til kaupa á váttryggingum, einkum á sviði ábyrgðartrygginga, svo sem í umferðarlögum nr. 50/1987 og ýmsum lögum varðandi einstaka starfsstéttir þar sem mælt er fyrir um skyldu til kaupa á starfsábyrgðartryggingum.

Brot á framangreindum lögum, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og reglum Kauphallarinnar og Fjármálaeftirlitsins getur valdið félaginu tjóni sem áhrif gæti haft á rekstur, efnahag og framtíðarhorfur VÍS. Breytingar á þeim lögum sem gilda um félagið, eða ný lög sem sett eru um starfsemi þess, gætu haft áhrif á hvernig það hagar starfsemi sinni.

#### 1.9.3.2 Verðbréfulöggjöf

Hlutabréf VÍS eru til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ Iceland hf. (hér eftir „Kauphöllin“) og þarf félagið að fylgja lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta í Kauphöllinni, eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lögum nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti og reglugerðum settum á grundvelli laganna, reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012, um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja og reglum Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga.

Brjótí félagið gegn framangreindum lögum eða reglum gæti það haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir félagið. Brot gætu leitt til þess að eftirlitsaðilar veittu félaginu áminningu og beittu það jafnvel fésektum. Enn fremur gætu brot á umræddum reglum haft neikvæð áhrif á orðspor félagsins og þar með leitt til verðlækkunar á verðbréfum þess. Alvarleg brot gætu leitt til þess að NASDAQ Iceland hf. tæki hlutabréf félagsins úr viðskiptum.

### **1.9.3.3 Málafæri og ágreiningsmál**

Vegna eðlis rekstrar félagsins er það á hverjum tíma aðili að fjölmörgum dómsmálum og ágreiningsmálum fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna og Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum. Nær öll ágreiningsmál félagsins snúa að bótarétti hinna váttryggðu og því um leið greiðsluskyldu félagsins.

Þó flest ágreiningsmál félagsins séu vegna deilna við váttryggða einstaklinga og lögaðila geta þau verið af ýmsum toga og geta til dæmis snert endurtryggjendur félagsins, mótaðila í fjárfestingum, birgja, starfsfólk, opinberar stofnanir og fleiri sem eru í samskiptum við félagið á hverjum tíma.

VÍS og dótturfélag þess eru sjaldan aðilar að stjórnarsýslu-, dóms- eða gerðardómsmálum sem skera sig úr frá hefðbundnum dómsmálum sem félagið rekur að jafnaði. Í dag er eitt óhefðbundið mál á leið til Hæstaréttar. Um er að ræða mál Lífsverks gegn VÍS og sjö fyrrum stjórnarmönnum sjóðsins (mál nr. E-2942/2014) Málið lýtur að kröfu Lífsverks í ábyrgðartryggingu stjórnar og stjórnenda þar sem VÍS er váttryggjandi.

Upplýsingar í tengslum við Lífsverksmálið voru sendar til markaðarins með tilkynningum félagsins dags. 25. apríl 2016, 26. apríl 2016, 3. júní 2016 og 24. júní 2016. VÍS var með dómi héraðsdóms dæmt til að greiða 852.511.441 kr., auk vaxta og dráttarvaxta sem nema um 754.196.014 kr., samtals 1.606.707.455 kr. Greint var frá því að félagið teldi vexti héraðsdóms ranglega dæmda því sem nemur 306.596.921 kr.

Þann 24. júní 2016 barst félaginu afstaða endurtryggjenda til þátttöku í greiðslu vaxta og kostnaðar VÍS umfram hámarksfjárhæð váttryggingarinnar sem upplýst var um samdægurs. Afstaða endurtryggjenda hvað þetta mál varðar er sú að þeir telja sér ekki skylt að taka þátt í greiðslu vaxta og kostnaðar félagsins umfram hámarksfjárhæð váttryggingar að frádreginni eigin áhættu VÍS sem er 15%. VÍS telur að endurtryggjendum beri að öllu leyti að fylgja skuldbindingum félagsins (e. follow the fortunes) sem kunna að stofnast þegar Hæstiréttur hefur kveðið upp dóm sinn í Lífsverksmálinu, samkvæmt ákvæði þar um í endurtryggingasamningi. Þá ber að geta þess að íslensk lög gilda um endurtryggingasamninginn, auk þess sem íslenskir dómstólar dæma um hvern þann ágreining sem upp kann að koma varðandi samninginn. VÍS mun í framhaldi af þessari afstöðu endurtryggjenda fara nánar yfir réttarstöðu sína gagnvart endurtryggjendum með lögmönnum félagsins. Tekið skal fram að óvíst er hvort reyna muni á þennan ágreining milli VÍS og endurtryggjenda, en það fer eftir niðurstöðu Hæstaréttar í Lífsverksmálinu.

Að frátöldu framangreindu eru hvorki í gangi né hafa verið í gangi síðastliðna tólf mánuði einstök stjórnarsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál sem geta haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi félagsins.

### **1.9.3.4 Vörumerki og hugverkaréttindi**

Félagið á fjölda vörumerkja og önnur hugverkaréttindi í gegnum rekstrareiningar sínar, sem það telur sig hafa tryggt sér eignarrétt yfir. Það gæti haft áhrif á rekstur félagsins ef það gæti af einhverjum ástæðum ekki reitt sig áfram á mikilvæg hugverkaréttindi. Áhrifin á rekstur félagsins gætu til dæmis falist í því að nauðsynlegt væri að fjárfesta í nýju vörumerki.

### **1.9.3.5 Skattar**

Félagið hefur orðið fyrir áhrifum af breytingum á íslenskri skattalöggjöf og líklegt er að frekari breytingar í framtíðinni muni hafa áhrif á rekstur þess. Frá hrúni íslensku bankanna í október 2008 og gengishrúni krónunnar og þeim mikla samdrætti hagkerfisins sem fylgdi í kjölfarið hefur skattbyrði þungst. Tekjuskattur einstaklinga og fyrirtækja hefur verið hækkaður, en tekjuskattur fyrirtækja er nú 20%, auk þess sem sértækir skattstofnar hafa verið lagðir á og má þar nefna fjársýsluskattinn.

Samkvæmt lögum um fjársýsluskatt nr. 165/2011 leggst fjársýsluskattur sem er 5,5% af skattstofni á fjármála fyrirtæki og þá sem stunda váttryggingastarfsemi. Útibú, umboðsmenn og aðrir sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka starfsemi hér á landi samkvæmt framansögðu falla undir sama skatt. Þessir þættir kunna að leiða til þess að eftirspurn eftir vörum félagsins breytist og því hafa þeir áhrif á rekstur félagsins.

Félaginu er ekki kunnugt um að nokkur skattrannsókn sé í gangi á félaginu sjálfu eða dótturfélögum þess sem gæti haft veruleg áhrif á fjárhag þess. Eins og gildir um öll önnur félög er hugsanlegt að skattagögn félagsins verði tekin til athugunar á síðari stigum í samræmi við gildandi lög og reglugerðir, sem gæti haft áhrif á rekstur

Þess. Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 96. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt nær til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram. Félagið og skattyfirvöld gætu verið ósammála um hvernig skuli farið með hinar ýmsu fjárhagslegu ráðstafanir sem gerðar eru innan félagsins í skattalegu tilliti. Félagið telur að það uppfylli öll viðeigandi lög og reglur um skatta og á því ekki von á að skattyfirvöld geri kröfur á hendur því vegna meðferðar þess á tekjum eða öðrum fjárhagslegum atriðum.

#### **1.9.3.6 Stjórn mála umhverfi**

Félagið gæti orðið fyrir áhrifum af þróun stjórn mála á Íslandi. Félagið er í samskiptum við ýmsar opinberar og óopinberar stofnanir til þess að tryggja að sjónarmiðum viðskiptavina og starfsmanna þess sé komið á framfæri. Enn fremur lýtur félagið fjölda mismunandi laga og reglugerða og geta breytingar á mikilvægum sviðum ráðist af stjórn mála umhverfinu á hverjum tíma.

Breytingar á lögum, reglum og stjórnsýsluframkvæmd, t.d. varðandi erlend viðskipti, skatta og eftirlit, gætu haft jákvæð eða neikvæð áhrif á félagið. Ennfremur gætu hugmyndir að lagabreytingum og umræður um þær mögulega haft neikvæð áhrif á starfsumhverfi félagsins. Pólitískur óstöðugleiki gæti þannig mögulega haft neikvæð eða jákvæð áhrif á rekstur, efnahag og framtíðarhorfur VÍS. Áhrifin geta verið á innlenda váttryggingaþjónustu, erlenda váttryggingaþjónustu, fjárfestingar og endurtryggingavernd sem keypt er erlendis.

#### **1.9.3.7 Áhætta tengd reikningsskilastöðlum**

Frá og með fjárhagsárinu 2005 hafa ársreikningar félagsins verið gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (International Financial Reporting Standards, IFRS).

Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir breytast og þróast og taka sífellt á fleiri þáttum, og breytingar á þeim gætu haft áhrif á reiknaðan hagnað félagsins.

#### **1.9.3.8 Váttryggingar**

VÍS er váttryggt gegn tjóni að því marki sem það telur unnt. Félagið er með allar lögboðnar váttryggingar, svo sem brunatryggingu og váttryggingavernd fyrir starfsmenn. Einnig er félagið með starfsábyrgðartryggingu fyrir stjórnendur. Þrátt fyrir það er ekki hægt að ábyrgjast að váttryggingar veiti fullkomna vörn gegn tjóni í öllum tilfellum. Þættir sem hafa áhrif á þetta eru sjálfsábyrgð váttryggingartaka, mögulegar undanþágur frá greiðslu tjónabóta eða takmarkanir á bótaskyldu. Af þessu leiðir að félagið gæti í einhverjum tilfellum sjálft þurft að bera kostnað vegna tjóna þar sem váttryggingarfjárhæð er takmörkuð eða bótaskylda ekki til staðar.

### **1.9.4 Upplýsingatækni**

Rekstur félagsins þarfnast skilvirkra tölvukerfa. Bilanir í tölvukerfum félagsins, t.d. í tengslum við viðskiptamannakerfi, myndu hafa neikvæð áhrif á rekstur þess. Félagið gerir sér grein fyrir því mikilvæga hlutverki sem tölvukerfi gegna í skilvirkum rekstri félagsins og að það geti náð viðskiptalegu forskoti með því að innleiða tækninýjungar sem bæta þjónustu við viðskiptavinum og auðvelda starfsmönnum að sinna starfi sínu. Eftirlitsferlar eru til staðar hjá félaginu sem tryggja öryggi og skilvirkni tölvukerfa þess.

VÍS festi kaup á staðlaðri heildarlausn fyrir tryggingafélög af danska hugbúnaðarframleiðandanum TIA Technology A/S árið 2014. Unnið er að gangsetningu kerfisins og gera áætlanir ráð fyrir að henni ljúki í september 2016. Um er að ræða fjárfestingu í innviðum félagsins sem efla á þjónustu og skilvirkni og draga úr rekstraráhættu.

## 2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Lýsing þessi er gefin út vegna umsóknar útgefanda um að skuldabréf útgefin af VÍS verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar, sem er skipulegur verðbréfamarkaður. Lýsingin samanstendur af tveimur sjálfstæðum skjölum: Útgefandalýsingu þessari dagsettri 20. júlí 2016 og verðbréfalýsingu dagsettri 20. júlí 2016. Lýsingin, sem einungis er birt á íslensku, hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu og birt opinberlega.

Lýsingin er útbúin í samræmi við núverandi lög og reglugerðir og taka skuldabréfanna til viðskipta er í samræmi við íslensk lög og reglugerðir og reglur Kauphallarinnar, dagsettar 17. desember 2013, sem gilda um töku skuldabréfa til viðskipta. Um gerð lýsinga og töku skuldabréfanna til viðskipta gilda lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, reglugerð nr. 245/2006 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll, reglugerð nr. 243/2006 og reglugerð nr. 837/2013 um almenn útböð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5 milljónir evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Útgefandalýsingin getur verið notuð síðar í tengslum við töku annarra skuldabréfaflokka, útgefnum af VÍS, til viðskipta hjá Kauphöllinni á meðan gildistíma hennar stendur að því gefnu að hún verði uppfærð í samræmi við ákvæði 49. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

VÍS lýtur reglum Kauphallarinnar sem og lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 um viðvarandi upplýsingaskyldu. Samkvæmt reglum þessum skal birta allar upplýsingar sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð verðbréfa VÍS eins fljótt og unnt er. Þær upplýsingar sem birtar eru í samræmi við þessar reglur skulu birtar opinberlega og samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda Fjármálaeftirlitinu og Kauphöllinni upplýsingarnar í eftirlitsskyni. Meðan skuldabréf útgefanda eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði mun VÍS birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef félagsins, á slóðinni [www.vis.is/fjarfestar](http://www.vis.is/fjarfestar).

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér efni lýsingarinnar til hlítar og jafnframt að kynna sér lagalega stöðu sína, þ.á m. skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með skuldabréfin. Allar upplýsingar sem lýsingin inniheldur eru réttar á birtingardegi hennar. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er sérstaklega bent á að kynna sér vel kafla 1 þar sem finna má upplýsingar um áhættuþætti sem geta haft áhrif á getu útgefandans til að uppfylla skuldbindingar gagnvart fjárfestum í tengslum við skuldabréfin. Einnig er fjárfestum bent á að kynna sér vel kafla 1 í verðbréfalýsingunni þar sem finna má upplýsingar um áhættuþætti sem skipta máli fyrir skuldabréfin svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim.

Komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á skuldabréfunum og koma fram á tímabilinu frá því að lýsingin er staðfest og þar til viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast, mun VÍS útbúa viðauka við lýsinguna sem verður birtur opinberlega þar sem greint verður frá viðkomandi atriðum í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Aðgengi að útgefandalýsingunni er tryggt á meðan útgefandalýsingin er í gildi með birtingu á vefsíðu VÍS, [www.vis.is/fjarfestar](http://www.vis.is/fjarfestar). Þá getur fjárfestir fengið afhenta lýsinguna á prentuðu formi á starfsstöð félagsins honum að kostnaðarlausu óski hann þess. Á meðan lýsingin er í gildi er heimilt eftir atvikum að skoða eftirfarandi skjöl, sem eru hluti af útgefandalýsingunni, á rafrænu formi á vefsíðu VÍS, [www.vis.is/fjarfestar](http://www.vis.is/fjarfestar):

- Samþykktir VÍS, dagsettar 16. mars 2016.
- Endurskoðaður ársreikningur samstæðu VÍS fyrir árið 2015.
- Endurskoðaður ársreikningur samstæðu VÍS fyrir árið 2014.

Lýsingunni skal ekki dreift og má ekki senda eða miðla á annan hátt til eða í landi þar sem birting krefst frekari skráningaraðgerða eða annarra aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi.

Í sumum lögsagnarumdæmum kunna lög að setja skorður við dreifingu lýsingarinnar. Því gerir útgefandinn kröfu um að allir viðtakendur lýsingarinnar kynni sér og breyti í samræmi við slíkar skorður. Útgefandinn og umsjónaraðilinn eru ekki skaðabótaskyldir vegna dreifingar lýsingarinnar í neinni lögsögu.

## 2.1 Yfirlýsingar ábyrgðaraðila útgefandalýsingar

Stjórn og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík, lýsa hér með yfir að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 20. júlí 2016

Fyrir hönd stjórnar Vátryggingafélags Íslands hf.



Herdís Dröfn Fjeldsted,  
stjórnarformaður

Fyrir hönd Vátryggingafélags Íslands hf.



Sigrún Ragna Ólafsdóttir,  
forstjóri

## 2.2 Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda


KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, hefur endurskoðað samstæðuársreikninga Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir árin 2014 og 2015, sem gerðir voru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. KPMG ehf. er endurskoðunarfélag VÍS.

Við áritun á samstæðuársreikning VÍS fyrir árið 2014 var það álit KPMG ehf. að ársreikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir höfðu þá verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Við áritun á samstæðuársreikning VÍS fyrir árið 2015 var það álit KPMG ehf. að ársreikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir höfðu þá verið staðfestir af Evrópusambandinu.

KPMG ehf. staðfestir að upplýsingar í útgefandalýsingunni sem varða framangreind reikningsskil eru í samræmi við endurskoðaða ársreikninga VÍS.

Reykjavík, 20. júlí 2016



KPMG ehf.  
Hlynur Sigurðsson,  
Löggiltur endurskoðandi



Sæmundur Valdimarsson,  
Löggiltur endurskoðandi

## 2.3 Hugsanlegir hagsmunarárekstrar

Engin hagsmunatengsl eru á milli útgefandans og umsjónaraðila svo vitað sé, nema að útgefandi greiðir umsjónaraðila þóknun fyrir umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar og ráðgjöf við gerð lýsingarinnar. Umsjónaraðili er Arctica Finance hf., Höfðatorgi, 105 Reykjavík. Mandat slf. hefur séð um að útbúa verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, sem undirverktakar hjá Arctica Finance hf.

## 2.1 Skilgreiningar

Í útgefandalýsingunni vísa hugtökin;

„VÍS“, „útgefandinn“ og „félagið“ til Vátryggingafélags Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík, Íslandi, ásamt dótturfélögum,

„Kauphöllin“ til NASDAQ Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi,

„umsjónar- og söluaðilarnir“ til Arctica Finance hf., Höfðatorgi, 105 Reykjavík,

„útgefandalýsingin“ til útgefandalýsingar þessarar, dagsettrar 20. júlí 2016,

„lýsingin“ til lýsingar VÍS dagsettrar 20. júlí 2016 sem samanstendur af útgefandalýsingu þessari og verðbréfalýsingu dagsettri 20. júlí 2016,

„Standard & Poor’s“ til Standard & Poor’s Financial Services LLC,

„Aðalmarkaður“ til Aðalmarkaðar NASDAQ Iceland hf. sem er skipulegur verðbréfamarkaður í skilningi laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, nema annað megi skilja af samhenginu eða sé tekið fram í textanum.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í útgefandalýsingunni er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

## 2.2 Skammstafanir og hugtök

|          |                              |
|----------|------------------------------|
| DKK      | danskar krónur               |
| EES      | Evrópska efnahagssvæðið      |
| ehf.     | einkahlutafélag              |
| ESB      | Evrópusambandið              |
| EUR      | evrur                        |
| f.h.     | fyrir hönd                   |
| GBP      | bresk pund eða sterlingspund |
| gr.      | grein                        |
| hf.      | hlutafélag                   |
| ISK      | íslenskar krónur             |
| kr.      | íslenskar krónur             |
| kt.      | kennitala                    |
| m        | milljónir                    |
| m.a.     | meðal annars                 |
| mgr.     | málgrein                     |
| m.kr.    | milljónir króna              |
| NOK      | norskar krónur               |
| nr.      | númer                        |
| sbr.     | samanber                     |
| SEK      | sænskar krónur               |
| skv.     | samkvæmt                     |
| þ.e.a.s. | það er að segja              |
| þ.á m.   | þar á meðal                  |

|         |                      |
|---------|----------------------|
| USD     | bandarískir dollarar |
| þ.e.    | það er               |
| þús.    | þúsund               |
| þús.kr. | þúsund krónur        |

### 2.3 Hugtök í váttryggingastarfsemi <sup>2</sup>

|                                |   |
|--------------------------------|---|
| Aðlagð gjaldþol                | Aðlagð gjaldþol er gjaldþol samstæðu að frádregnum eignarhlutum minnihluta í dótturfélögum auk þess sem tekið er tillit til gagnkvæmra krafna innan samstæðu.   |
| Bókfærð iðgjöld                | Heildarfjárhæð iðgjalda vegna þeirra váttryggingasamninga sem félagið hefur gert á reikningstímabilinu.   |
| Bókfærð tjón                   | Heildarfjárhæð greiddra tjóna á reikningstímabilinu. Ekki skiptir máli hvenær tjón urðu nema það sé sérstaklega tilgreint.  |
| Eigin iðgjöld                  | Heildariðgjöld að frádregnum endurtryggingaiðgjöldum. Ljóst þarf að vera hverju sinni hvort átt er við eigin iðgjöld ársins eða bókfærð iðgjöld í eigin hlut.   |
| Eigin tjón ársins              | Tjónakostnaður að frádregnum hluta endurtryggjenda í tjónum. Þessi liður er sýndur í rekstrarreikningi.   |
| Endurtryggingaeignir           | Hluti endurtryggjenda í váttryggingaskuld.  |
| Endurtryggingaiðgjöld          | Sá hluti iðgjalda sem váttryggingafélag greiðir fyrir endurtryggingavernd. Ljóst þarf að vera hverju sinni hvort átt er við endurtryggingaiðgjöld ársins eða bókfærð endurtryggingaiðgjöld.   |
| Gjaldþol                       | Gjaldþol er það fjármagn sem váttryggingafélag þarf að hafa tiltækt til að mæta óvæntum áföllum sem ekki er gert ráð fyrir í váttryggingaskuld þess. Oftast er fjárhæð þess jöfn eigin fé félagsins eftir atvikum að frádregnum frádráttarliðum. Gjaldþol er byggt á viðurkenndum gjaldþolsliðum sem geta verið í efnahagsreikningi eða utan hans. Gjaldþolsliðir eru flokkaðir eftir gæðum í þrjá gjaldþolsþætti. Notkun gjaldþolsliða af lægri gæðum er takmörkuð við ákveðin mörk. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að váttryggingafélög flokki gjaldþolsliði rétt. |
| Gjaldþolshlutfall              | Gjaldþol/Gjaldþolskrafa   |
| Gjaldþolskrafa                 | Krafa eftirlitsstjórnvalda um ákveðið lágmark gjaldþols váttryggingafélags, einnig kallað lágmarksgjaldþol.   |
| Lágmarksfjármagn               | Lágmarksfjármagn er lágmark þeirrar fjárhæðar sem váttryggingafélag getur haft til að fjárhæð gjaldþolsliða sé innan marka.   |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum | Sá hluti tjónakostnaðar sem endurtryggjendur bera.  |
| Iðgjald                        | Það gjald sem váttryggingataki greiðir fyrir váttryggingavernd.   |

<sup>2</sup> Við lestur skilgreininga þarf að hafa frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, sem lagt var fyrir á Alþingi á 145. lögjafarþingi 2015-2016, þskj. 542 – 396. mál, í huga. Þegar lýsing þessi er samþykkt og útgefin hafa löggin ekki tekið gildi, en hugtökin eru í samræmi við hugtakanotkun í váttryggingarétti. Sjá: <http://www.althingi.is/altext/145/s/0542.html>



|                       |  |
|-----------------------|--|
| Iðgjöld ársins        | Iðgjöld fyrir váttryggingavernd sem veitt er á reikningsárinu. Bókfærð iðgjöld að frádreginni breytingu á iðgjaldaskuld. Iðgjöld ársins eru sýnd í rekstrarreikningi.  |
| Iðgjaldaskuld         | Sá hluti bókfærðra iðgjalda sem er vegna váttryggingaverndar eftir reikningsskiladag.  |
| Kostnaðarhlutfall     | Rekstrarkostnaður/Iðgjöld ársins. Getur verið brúttó eða nettó, eftir því hvort deilt er með heildariðgjöldum eða eigin iðgjöldum.   |
| Samsett hlutfall      | Tjónahlutfall + Kostnaðarhlutfall. Til er bæði nettó og brúttó samsett hlutfall, sbr. lýsingu á kostnaðarhlutfalli og tjónahlutfalli í þessum kafla. Þegar talað er um samsett hlutfall hjá VÍS þá er átt við nettó samsett hlutfall nema annað sé tekið fram. |
| Samhæfð áhættustýring | Samhæfð áhættustýring ( <i>e. enterprise risk management</i> ) byggist á því að tilgreina, meta, mæla, stýra og milda áhættu með hliðsjón af starfsemi váttryggingafélags eða samstæðu váttryggingafélags í heild.   |
| Tjón                  | Er notað í tveimur merkingum:<br>1. Tjónakostnaður (sbr. neðar)<br>2. Tjónsatburður.   |
| Tjón ársins           | Tjónakostnaður sem er gjaldfærður á reikningsárinu, hvort sem er vegna nýrra tjóna eða matsbreytinga á tjónum sem urðu á fyrri árum. Bókfærð tjón + Breyting á tjónaskuld.   |
| Tjónahlutfall         | Tjón ársins/Iðgjöld ársins. Getur verið brúttótjónahlutfall, sem er heildartjón á móti heildariðgjöldum, eða nettótjónahlutfall, það er eigin tjón sem hlutfall af eigin iðgjöldum.  |
| Tjónakostnaður        | Kostnaður vegna orðinna tjóna, hvort sem hann er greiddur eða ógreiddur og hvort sem tjónin hafa verið tilkynnt félaginu eða ekki. Kostnaður vegna orðinna en ótilkynntra tjóna er áætlaður.   |
| Tjónaskuld            | Heildarskuldbinding vegna tjóna sem orðið hafa en eru ekki að fullu uppgærd.   |
| Váttryggingaskuld     | Skuldbinding váttryggingafélags vegna gerðra váttryggingarsamninga.  |

## 3 UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

### 3.1 Útgefandi

Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda skuldabréfanna er Vátryggingafélag Íslands hf., kennitala 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík, Ísland. Sími á skrifstofu félagsins er 560-5000. Skráningarstaður útgefanda er í Reykjavík á Íslandi. Útgefandi var stofnaður 5. febrúar 1989 og starfar samkvæmt lögum nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi.

|   |   |
|---|---|
| <b>Lögformlegt heiti:</b>   | Vátryggingafélag Íslands hf.  |
| <b>Viðskiptaheiti:</b>  | VÍS   |
| <b>Félagiform:</b>  | Skráð og starfrækt hlutafélag í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög. |
| <b>Kennitala:</b>   | 690689-2009.  |
| <b>Höfuðstöðvar og heimilisfang:</b>                                  | Ármúli 3, 108 Reykjavík, Ísland.  |
| <b>Vefsíða:</b>   | <a href="http://www.vis.is">www.vis.is</a>                                |
| <b>Símanúmer:</b>   | +354 560 5000   |
| <b>Heildarfjöldi hluta:</b>   | 2.296.436.567 hlutir.   |
| <b>Auðkenni hjá NASDAQ Iceland hf. og Nasdaq verðbréfamiðstöð hf.</b> | VIS   |
| <b>ISIN númer:</b>  | IS0000007078.   |

### 3.2 Fjárhagsdagatal

2. ársfjórðungur: 25. ágúst 2016.  
3. ársfjórðungur: 26. október 2016.  
Ársuppgjör 2016: 23. febrúar 2017.  
Aðalfundur 2017: 16. mars 2017.

### 3.3 Tilgangur útgefanda og lög sem hann starfar eftir

Samkvæmt 2. grein samþykkt VÍS er tilgangur félagsins rekstur vátryggingarstarfsemi, þ.á m. endurtryggingarstarfsemi, önnur en líftryggingarstarfsemi, bæði á Íslandi og erlendis. Félaginu er einnig heimil hliðarstarfsemi sem er í samræmi við ákvæði laga um vátryggingastarfsemi hverju sinni, s.s. rekstur fasteigna, lánastarfsemi og kaup og sala verðbréfa.

VÍS er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og starfar samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 sem tóku gildi 17. júní 2010. Þau komu í stað laga nr. 60/1994. VÍS starfar einnig í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og lög um verðbréfavíðskiptin nr. 108/2007. Líftryggingafélag Íslands hf., dótturfélag VÍS, starfar enn fremur í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 sem og lög nr. 2/1995 um hlutafélög.

Þar sem Ísland er aðili að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði (EES) þarf VÍS að stunda sína starfsemi í samræmi við lagasetningu sem stafar frá Evrópusambandinu og er innleidd hér á landi.

Helstu lög, reglugerðir, reglur og tilmæli sem gilda um starfsemi félagsins sem vátryggingafélags eru eftirtalin (lög þessi og stjórnvaldsfyrirmæli má finna á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is)). Ekki er um tæmandi talningu að ræða:

## Lög:

- Lög nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi.
- Lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
- Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
- Lög nr. 30/2004, um váttryggingasamninga.
- Lög nr. 32/2005, um miðlun váttrygginga.
- Lög nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
- Lög um fjarsölu á fjármálaþjónustu nr. 33/2005.
- Samkeppnislög nr. 44/2005.

## Reglugerðir:

- Reglugerð nr. 459/2003, um útreikning gjaldþols váttryggingafélaga.
- Reglugerð nr. 954/2001, um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli váttryggingafélaga.
- Reglugerð nr. 216/2011, um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld frumtryggingafélaga.
- Reglugerð nr. 397/2010, um beitingu dagsekta og févítis í opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.
- Reglugerð nr. 562/2001, um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila.
- Reglugerð nr. 632/2003, um eignir sem telja má til gjaldþols váttryggingafélaga og útreikning lágmarksgjaldþols.
- Reglugerð nr. 590/2005, um fjárvörslureikninga váttryggingamiðlara og váttryggingaumboðsmanna.
- Reglugerð nr. 811/2008, um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla með tilliti til aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Reglugerð nr. 175/2016, um meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningaþvætti.

Lög um váttryggingastarfsemi eru sá rammi sem rekstur váttryggingafélags tekur að stórum hluta mið af. Í þeim er t.a.m. sérstaklega tiltekið hvaða hliðarstarfsemi váttryggingafélög mega reka, sbr. umfjöllun í 11.-13. gr. laganna. Þá má geta þess að eigendur virks eignarhlutar í váttryggingafélagi þurfa að uppfylla skilyrði laganna sem sett eru fyrir því eignarhaldi en FME metur hæfi aðila til að halda á slíkum hlut og auka við hann eftir ákvæðum laga um váttryggingastarfsemi. Löginn innihalda sérreglur um fjárhagslega endurskipulagningu, slit og gjaldþrot váttryggingafélags. Ef til gjaldþrots skaðatryggingafélags kemur skulu váttryggingakröfur á hendur þrotabúi ganga næst á undan kröfum skv. 113. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991.

Ýmis löggjöf snertir enn fremur váttryggingafélög í tengslum við váttryggingaskilmála þeirra og tjónaafgreiðslu, t.d. bótaskyldu og uppgjör bóta, og má sem dæmi nefna umferðarlög nr. 50/1987, lög um mannvirki nr. 160/2010, lög um sjúklingatryggingu nr. 111/2000, skaðabótalög nr. 50/1993 og lög um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015.

Fjármálaeftirlitið hefur samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi heimild til þess að gefa út leiðbeinandi tilmæli til váttryggingafélaga. Sem dæmi má nefna leiðbeinandi tilmæli um stjórnarhætti váttryggingafélaga nr. 5/2015, um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá váttryggingafélögum nr. 3/2014, um verklagsreglur váttryggingafélaga um verðbrefaviðskipti félagsins, stjórnar þess og starfsmanna nr. 6/2002, um starfshætti váttryggingasölumanna, váttryggingamiðlara, váttryggingaumboðsmanna og váttryggingafélaga nr. 3/2007 og um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila nr. 2/2014. Fjármálaeftirlitið hefur einnig sett sérstakar reglur með heimild í lögum, s.s. reglur um kaupaukakerfi váttryggingafélaga nr. 299/2012, reglur um mat á tjónaskuld og gagnaskil í því sambandi nr. 903/2004, reglur um skráningu váttryggingaumboðsmanns nr. 236/2011 og reglur um framkvæmd hæfismats stjórnarmanna og framkvæmdastjóra váttryggingafélaga nr. 886/2012.

## 3.4 Stofnun VÍS og ágríp af sögu félagsins

Váttryggingafélag Íslands hf. var stofnað 5. febrúar 1989 af Brunabótafélagi Íslands (síðar Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands) og Samvinnutryggingum gt. (gagnkvæmt tryggingafélag), í þeim tilgangi að efla

starfsemi félaganna á váttryggingamarkaði og ná fram aukinni hagkvæmni og arðsemi í rekstri. Við stofnun VÍS var meginhluti váttryggingastofna Brunabótafélagsins og Samvinnutrygginga færður yfir til nýja félagsins og tók það yfir mestallan rekstur stofnfélaga sinna frá og með 1. janúar 1989 og hóf rekstur alhliða váttryggingastarfsemi. Viðskiptavinir VÍS voru frá upphafi einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir.

Brunabótafélag Íslands var sett á laggirnar árið 1917, með lögum frá Alþingi um brunatryggingar á Íslandi, í því skyni að færa brunatryggingar fasteigna inn í landið og tryggja að öll hús í landinu væru brunatryggð. Með samningum við sveitarfélög tók félagið að sér brunatryggingar húsa utan Reykjavíkur og hafði einkarétt á þeim váttryggingum til ársins 1954. Fljótlega eftir 1954 hóf Brunabótafélagið einnig sölu annarra váttrygginga en brunatrygginga fasteigna og stundaði félagið alhliða váttryggingastarfsemi til ársins 1989, er meginhluti váttryggingastofna þess var fluttur til VÍS.

Samvinnutryggingar gt. voru stofnaðar árið 1946 að frumkvæði Sambands íslenskra samvinnufélaga og kaupfélaganna í landinu. Viðskiptavinir Samvinnutrygginga voru frá stofnun öll kaupfélög í landinu og aðrir rekstraraðilar sem tengdir voru Sambandi íslenskra samvinnufélaga, svo og mikill fjöldi einstaklinga um land allt. Félagið varð á nokkrum árum stærsta íslenska váttryggingafélagið, metið eftir iðgjaldamagni. Þegar einkaréttur Brunabótafélags Íslands á brunatryggingum húsa utan Reykjavíkur var afnuminn með lögum frá Alþingi árið 1954 tóku Samvinnutryggingar gt. að sér brunatryggingar húsa með samningum við allmörg sveitarfélög, auk þess sem félagið beitti sér fyrir nýjungum í vörubætur, einkum fyrir einstaklinga. Á árinu 1949 keypti félagið líftryggingastofn hinnar norsku Andvaka sem hér hafði starfað mjög lengi, og stofnað var nýtt félag, Líftryggingafélagið Andvaka gt., um þann rekstur.

#### 3.4.1 Helsta þróun á eignarhaldi

Landsbanki Íslands hf. keypti 44,2% hlut í VÍS af Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands árið 1997. Hlutabréf VÍS voru skráð á Tilboðsmarkað Kauphallar Íslands 12. júlí 2002. Landsbankinn seldi nær allan hlut sinn í VÍS í ágúst 2002 og febrúar 2003, til Eignarhaldsfélagsins Andvöku, Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga, Kers hf. og Samvinnulífeyrissjóðsins.

Hesteyri ehf. keypti 25% hlut í VÍS í nóvember 2002, en sá hlutur hafði þar til fyrr í mánuðinum verið í eigu Kers hf. Kaupþing banki hf. keypti 19,9% hlut í VÍS af Keri hf. í mars 2003 og átti þá 24%. Í október 2004 gerðu eigendur samtals 91,3% hlutafjár í VÍS með sér samkomulag um stjórnun félagsins og gerðu í kjölfarið öðrum hluthöfum VÍS yfirtökutilboð í nóvember sama ár en þá voru hluthafar félagsins 258 talsins. Þetta voru Eignarhaldsfélagið Hesteyri ehf. (33,6%), Kaupþing banki hf. (32,3%), Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar svf. (28,3%) og Eignarhaldsfélagið Andvaka gt. (5,8%), sem eignuðust eftir yfirtökutilboðið 99,910% í VÍS sem átti á þeim tíma 0,086% eigin hluti. Félagið var tekið úr viðskiptum á Tilboðsmarkaði Kauphallar Íslands 22. desember 2004.

Klakki (áður Exista hf./ehf.) eignaðist um 20% hlut í VÍS árið 2005, þar af 16% við hlutafjárukningu, og félagið að fullu árið 2006.

Árið 2013 voru hlutabréf í VÍS skráð á hlutabréfamarkað. Skráningarlýsing var gefin út þann 27. mars 2013 og fór almennt útboð á tæplega 70% hlut í félaginu fram 12. til 16. apríl sama ár. Hlutirnir voru teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallar Íslands þann 24. apríl 2013.

VÍS var að 69,07% í eigu almennings, þ.á m. einstaklingar, fyrirtækja og lífeyrissjóða, í kjölfar almenns útboðs á þessum hluta félagsins. Klakki ehf. hélt á 30,93% hlut í félaginu fram á mitt ár 2014 þegar Klakki hóf að selja hluti sína til fagfjárfesta með utanþingsviðskiptum. Klakki hafði þann 17. nóvember selt alla hluti sína í VÍS. Í lok árs 2014 voru hluthafar félagsins um 1100 talsins. Umfjöllun um 20 stærstu hluthafa VÍS má finna í kafla 6 í útgefandalýsingu þessari.

#### 3.4.2 Helsta þróun á samstæðu VÍS

Árið 1996 keypti félagið ásamt Líftryggingafélagi Íslands hf. (Lífis) þrjú fyrirtæki hins sænska Skandia á Íslandi, sem voru váttryggingafélag, líftryggingafélag og löggilt verðbréfafyrirtæki. Váttryggingafélögin voru sameinuð VÍS og Lífis í lok sama árs en verðbréfafyrirtækið var rekið undir nafninu Fjárvangur hf. fram til ársloka 1999,

er það var sameinað Samvinnusjóði Íslands hf. í Frjálsa fjárfestingarbankann hf. VÍS seldi hlut sinn í Frjálsa fjárfestingarbankanum í árslok 2000.

Rekstur Lífis hefur verið í höndum VÍS frá því Lífis var stofnað með samruna Líftryggingafélagsins Andvöku gt. og B.Í. líftrygginga gt. árið 1990. Félagið er nú í eigu VÍS, eftir kaup af Klakka í mars 2012, en Lífis hafði þá verið systurfélag VÍS innan samstæðu Klakka (áður Exista hf./ehf.) frá 2006. Árið 2003 hafði VÍS keypt 50% hlut Landsbanka Íslands hf. í Lífis og átti þá 75% í félaginu en 25% voru í eigu Eignarhaldsfélagsins Andvöku gt. Landsbankinn hafði eignast stærstan hluta þessara bréfa með kaupum á 44% hlut í Lífis af Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands árið 1997.

VÍS keypti Vörð váttryggingarfélag hf. af Baugi Group árið 2004 og var það systurfélag VÍS innan samstæðu Klakka frá 2006 til 2007 þegar Vörður var seldur.

Í ársbyrjun 2005 keypti VÍS 100% hlutafjár í fjármögnunarfyrirtækinu Lýsingu hf. af Kaupþingi banka hf. og 56% hlut í Íslandstryggingu hf., sem var sameinuð Verði, en Lýsing varð systurfélag VÍS innan samstæðu Klakka frá 2006.

Árið 2005 keypti VÍS 54% í breska váttryggingafélaginu IGI Group Ltd. og hlut í norska váttryggingafélaginu Protector. Það eignarhald færðist til VÍS eignarhaldsfélags hf. árið 2006 sem sameinaðist Klakka sama ár. Eignarhluturinn í IGI Group Ltd. var seldur 2007.

Árið 2005 eignaðist VÍS meirihluta í Öryggismiðstöð Íslands hf. Það eignarhald færðist til VÍS eignarhaldsfélags hf. árið 2006 sem sameinaðist Klakka sama ár, en 2011 keypti VÍS hlut Klakka í Öryggismiðstöðinni og seldi aftur í desember 2012.

VÍS var skipt upp í ársbyrjun 2006, þannig að upphaflega félagið annaðist áfram kjarnastarfsemi váttryggingafélagsins VÍS, en öll dóttur- og hlutdeildarfélög þess ásamt hluta varanlegra rekstrarfjármuna voru flutt í nýtt félag, VÍS eignarhaldsfélag hf., sem fór með fjárfestingar og eignarhald á VÍS, Lýsingu, Öryggismiðstöðinni, Verði, IGI, Protector og fleiri félögum. Eignarhaldsfélagið var svo sameinað Klakka í lok maí 2006, í kjölfar þess að Klakki hafði eignast félagið að fullu. Á árinu 2007 var VÍS aftur skipt upp og voru þá eignir að andvirði um 31 ma.kr. færðar yfir í Exista BV, systurfélags VÍS, en eigið fé VÍS lækkaði um sömu fjárhæð og samhliða kom 11 ma.kr. hlutafjárukning sem greidd var með reiðufé. Þær eignir sem færðar voru frá VÍS til Exista BV samanstóðu að mestu af hlutabréfaeign í Kaupþingi banka hf. og var þessi aðgerð liður í að draga úr markaðsáhættu VÍS.

## 4 STARFSEMI

VÍS er íslenskt váttryggingafélag og er leiðandi á sviði váttrygginga á Íslandi. VÍS nýtur sterkrar stöðu á íslenskum váttryggingamarkaði með liðlega þriðjungs markaðshlutdeild. Félagið býður upp á víðtæka váttryggingaþjónustu til viðskiptavina sinna þar sem rík áhersla er lögð á viðeigandi ráðgjöf um váttryggingavernd, gæði í þjónustu, skilvirkni og sveigjanleika.

Megin starfsemi VÍS felst í að gefa út váttryggingasamninga sem flytja váttryggingalega áhættu frá viðskiptavinum, til félagsins. Kjarni váttrygginga er sá að váttryggingartakinn fær, gegn greiðslu iðgjaldsins, loforð um að váttryggjandinn greiði honum eða þriðja manni bætur ef tiltekin áhætta verður virk. Í þessu sambandi er það undirskilið að váttryggjandinn taki að sér fleiri áhættur og jafni þeim niður eftir lögmálum tölfræðinnar. Að því leyti sem váttryggingastarfsemi snýr að inntaki einstakra váttrygginga og ákvörðun iðgjalds byggist hún fyrst og fremst á lögmálum hinna stóru talna í þeim skilningi að áhættumatíð byggist á reynslu, sem safnað hefur verið í tímans rás, af tjónatíðni í stóru safni sambærilegra váttryggingarsamninga.

Eitt megin einkenni váttrygginga er að þeirri áhættu sem einstaklingur eða lögaðili býr við er dreift milli fleiri aðila sem allir búa við sömu eða sams konar áhættu. Þörf fyrir að takmarka eða útiloka hættu á fjárhagslegu tjóni að því marki sem unnt er að fullnægja með váttryggingum hefur lengi verið fyrir hendi en hefur aukist með viðgangi umfangsmikils atvinnurekstrar, tæknivæðingar og hvers konar tækjavæðingar í atvinnurekstri og í lífi einstaklinga.

Meginstarfsemi VÍS er á sviði skaðatrygginga. Helstu váttryggingagreinar félagsins eru eignatryggingar, sjó- og farmtryggingar, lögboðnar ökutækjatryggingar, frjálssar ökutækjatryggingar, ábyrgðartryggingar, slysatryggingar og erlendar endurtryggingar. Auk þess á félagið og rekur líftryggingafélagið Lífis sem býður upp á persónutryggingar á borð við líf- og sjúkdómatryggingar.

### 4.1 Samstæðan

Samstæða VÍS samanstendur af móðurfélaginu (VÍS) og dótturfélagi þess, Líftyggingafélagi Íslands hf. (Lífis). VÍS á 99,9% eignarhlut í Lífis á móti 0,1% eignarhluta Múlabergs ehf., sem er í 100% eigu VÍS. VÍS keypti Lífis af þáverandi móðurfélagi sínu, Klakka ehf., í mars 2012. Tilgangur Lífis er rekstur hverskonar líftryggingastarfsemi með það að markmiði að stuðla að bættri þjónustu við váttryggingartaka og hagkvæmari rekstri. Einnig er félaginu heimil lánastarfsemi og rekstur fasteigna. Starfssvæði félagsins eru þau ríki sem aðild eiga að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Lífis annast líftryggingastarfsemi sem skv. lögum þarf að vera í sérstöku félagi.<sup>3</sup> Daglegur rekstur og starfsemi Lífis er samkvæmt þjónustusamningi í höndum VÍS. Með samningnum annast VÍS fyrir Lífis verkefni á borð við sölu váttrygginga, skráningu og ákvörðun bótaskyldu, áhættustýringu, eignastýringu, sölu- og markaðsmál, bókhald, starfsmannahald og samskipti við yfirvöld og eftirlitsaðila. VÍS fær greiddar þóknanir fyrir hina veittu þjónustu samkvæmt samningnum. Í þjónustusamningnum er sérstaklega kveðið á um að fjármunir Lífis skuli aldrei standa til ábyrgðar skuldbindingum VÍS.


### 4.2 Skipulag

Höfuðstöðvar VÍS eru að Ármúla 3 í Reykjavík. Félagið starfrækir 32 þjónustuskrifstofu víðsvegar um land og eru starfsmenn fyrirtækisins um 200 talsins í um 190 stöðugildum. VÍS leggur áherslu á það að starfsmenn og umboðsmenn félagsins vinni eftir grunngildum félagsins sem eru umhyggja, fagmennska og árangur.

Nýtt skipurit tók gildi í apríl 2015 sem skerpir áherslu félagsins á markaðinn og þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga. Starfsemi VÍS fer fram á sex sviðum sem heyra undir forstjóra félagsins. Forstjóri og framkvæmdastjórnar sviðanna sex skipa framkvæmdastjórn félagsins.

<sup>3</sup> Lög nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi, 12. gr.

## Mynd 1: Skipurit VÍS



### 4.2.1 Undirnefndir stjórnar

Stjórn VÍS hefur skipað tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Samkvæmt lögum um ársreikninga skal vera skipuð endurskoðunarnefnd hjá váttryggingafélögum. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja mæla með því að starfskjaranefnd sé einnig skipuð. VÍS hefur ekki skipað tilnefningarnefnd.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættugreiningu og virkni innra eftirlits. Hún á að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess. Starfsreglur endurskoðunarnefndar má finna á heimasíðu VÍS. Endurskoðunarnefnd starfar á ábyrgð stjórnar félagsins. Í endurskoðunarnefnd eru Vignir Rafn Gíslason, Helga Hlín Hákonardóttir og Benedikt Gíslason.

Hlutverk starfskjaranefndar er í meginatriðum að gera tillögu að starfskjarastefnu félagsins og fylgjast með að henni sé framfylgt. Tryggja að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög og góða stjórnarhætti með hag félagsins og starfsmanna að leiðarljósi. Starfskjaranefnd skal taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins. Í starfskjaranefnd eru Herdís D. Fjeldsted, Josten Sorvoll og Reynir F. Grétarsson.

### 4.2.2 Innri endurskoðun

Rekstur innri endurskoðunardeildar er hluti af skipulagi VÍS og þáttur í eftirlitskerfi félagsins. Innri endurskoðandi er ráðinn af stjórn félagsins og starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og starfslýsingu frá stjórn.

Megin verkefni innri endurskoðunar er að meta hvort innra eftirlit í daglegri starfsemi sé fullnægjandi. Innri endurskoðandi félagsins er Örn Þorbergsson.

#### 4.2.3 Skrifstofa forstjóra

Forstjóri félagsins er Sigrún Ragna Ólafsdóttir. Forstjóri er ráðinn af stjórn og ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og ákvörðun stjórnar. Forstjóri ber ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættu sem starfsemi félagsins fylgja. Honum ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir. Lagarammi váttryggingafélaga gerir einnig kröfur um hæfi forstjóra váttryggingafélags en hann þarf að gangast undir sérstakt hæfismat Fjármálaeftirlitsins. Forstjóri VÍS hefur staðist það hæfismat.

Framkvæmdastjórn VÍS er skipuð forstjóra og framkvæmdastjórum þeirra sex sviða sem félagið skiptist í. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á váttryggingarekstri félagsins og því sem honum tengist. Undir skrifstofu forstjóra heyra áhættustýring, tryggingastærðfræðistofa, lögfræði/regluvarsla og fjárfestingar. Skv. komandi váttryggingalöggjöf, Solvency II, skulu váttryggingafélög hafa lykilstarfssviðin áhættustýringu, tryggingastærðfræðing og regluvörslu auk þess sem innri endurskoðun telst til lykilstarfssviðs. Innri endurskoðun heyrir beint undir stjórn. Lykilstarfssviðin sinna og munu sinna þeim verkefnum sem ný váttryggingalöggjöf mun mæla fyrir um.

#### 4.2.4 Áhættustýring

Helstu verkefni áhættustýringar eru að hafa eftirlit með að unnið sé eftir stefnu félagsins um samhæfða áhættustýringu, yfirumsjón með ORSA-ferli félagsins og gjaldþolsútreikninga. Áhættustýring hefur sett sér starfsreglur sem meðal annars lista upp helstu verkefni, upplýsingagjöf og hagsmunaárekstra. Forstöðumaður áhættustýringar er Þórir Óskarsson.

#### 4.2.5 Tryggingastærðfræðistofa

Helstu verkefni tryggingastærðfræðiskrifstofu eru mat á váttryggingaskuld félagsins, ráðgjöf við gerð og endurskoðun stefnu um váttryggingaáhættu og stefnu um endurtryggingar auk ráðgjafar vegna áhættutöku félagsins. Stofan skal tryggja gæði gagna við útreikning og kemur að útreikningi á gjaldþoli og ORSA-ferli félagsins. Forstöðumaður tryggingastærðfræðistofu er Ragnar Þ. Ragnarsson.

#### 4.2.6 Lögfræði/Regluvarsla

Lögfræði/Regluvarsla annast lögfræðiráðgjöf við öll svið félagsins og hefur ennfremur umsjón með samskiptum við opinbera aðila. Lögfræði/Regluvarsla sinnir einnig undirbúningi stjórnar- og hluthafafunda og ritarastörfum fyrrgreindra funda og sinnir regluvörslu skv. Solvency II tilskipuninni og lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Forstöðumaður Lögfræði/Regluvörslu er Ólafur Lúther Einarsson, hdl. Regluvörður skv. lögum um verðbréfavíðskipti er Margrét Arnheiður Jónsdóttir, lögfræðingur.

#### 4.2.7 Fjárfestingar

Fjárfestingar sjá um að halda utan um og ávaxta eignir í eignasafni VÍS. Fjárfestingar móta fjárfestingastefnu með stjórn félagsins, greina fjárfestingakosti og annast kaup og sölu fjármálagerna. Forstöðumaður fjárfestinga er Tryggvi Guðbrandsson.

#### 4.2.8 Mannauðssvið

Mannauðssvið ber ábyrgð á mannauðsmálum félagsins. Ennfremur er rekstur þjónustunets um landið allt í umsjón mannauðssviðs. Anna Rós Ívarsdóttir er framkvæmdastjóri mannauðssviðs.



#### 4.2.9 Einstaklingssvið

Einstaklingssvið ber ábyrgð á þjónustu, ráðgjöf og sölu til einstaklinga og fjölskyldna. Sviðið ber einnig ábyrgð á stofnstýringu og verðlagningu áhættu. Friðrik Bragason er framkvæmdastjóri einstaklingssviðs.

#### 4.2.10 Fyrirtækjasvið

Fyrirtækjasvið ber ábyrgð á þjónustu, ráðgjöf og sölu til fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Sviðið ber einnig ábyrgð á stofnstýringu og verðlagningu áhættu. Auður Björk Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs.

#### 4.2.11 Tjónasvið

Tjónasvið ber ábyrgð á afgreiðslu allra tjóna sem tilkynnt eru til félagsins, allt frá skráningu og ákvörðun bótaskyldu, til mats á tjónsfjárhæð. Agnar Óskarsson er framkvæmdastjóri tjónasviðs.

#### 4.2.12 Fjármálasvið

Fjármálasvið ber ábyrgð á ytri og innri uppgjörum félagsins, áætlanagerð auk innheimtu og greiðslur vegna tjóna og rekstrarkostnaðar, og ennfremur eignausjón og rekstur mótuneytis. Guðmar Guðmundsson er framkvæmdastjóri fjármálasviðs.

#### 4.2.13 Þróunarsvið

Þróunarsvið ber ábyrgð á þróun og viðhaldi tækniinnviða félagsins, en einnig á LEAN-starfi og verkefnastýringu félagsins. Ennfremur heyra þjónustu og markaðsmál undir sviðið. Þorvaldur Jacobsen er framkvæmdastjóri þróunarsviðs.

## 5 STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN

### 5.1 Stjórn

Stjórnarmenn og forstjóri VÍS þurfa að fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og lögum nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. Fjármálaeftirlitið metur hæfi forstjóra og stjórnarmanna VÍS en í því felst annars vegar yfirferð yfir skrifleg gögn og hins vegar munnlegt hæfismat.

Forstjóri skal undirgangast munnlegt hæfismat en Fjármálaeftirlitið metur hvort stjórnarmenn skuli ganga undir slíkt hæfismat sbr. reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 886/2012 um framkvæmd hæfismats framkvæmdarstjóra og stjórnarmanna váttryggingafélaga. Forstjóri félagsins hefur staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins. Allir stjórnarmenn félagsins hafa gengist undir hæfismat FME og verið metnir hæfir til stjórnarsetu í VÍS.

Tafla 13. Stjórn VÍS

| Nafn                      | Fæðingarár | Staða                 | Fyrst valinn í stjórn VÍS | Lokadagur skipunartíma |
|---------------------------|------------|-----------------------|---------------------------|------------------------|
| Herdís Dröfn fjeldsted    | 1971       | Stjórnarformaður      | 10. nóv. 2015             | 16. mars 2017          |
| Jostein Sorvoll           | 1949       | Varaformaður stjórnar | 10. nóv. 2015             | 16. mars 2017          |
| Benedikt Gíslason         | 1974       | Meðstjórnandi         | 16. mars 2016             | 16. mars 2017          |
| Helga Hlín Hákonardóttir  | 1972       | Meðstjórnandi         | 16. mars 2016             | 16. mars 2017          |
| Reynir Finndal Grétarsson | 1972       | Meðstjórnandi         | 16. mars 2016             | 16. mars 2017          |
| Soffía Lárusdóttir        | 1975       | Varamaður í stjórn    | 16. mars 2016             | 16. mars 2017          |
| Andri Gunnarsson          | 1980       | Varamaður í stjórn    | 10. nóv. 2015             | 16. mars 2017          |

#### *Herdís Dröfn Fjeldsted*

**Menntun:** Bsc. á alþjóðamarkaðssviði frá Háskólanum í Reykjavík 2004 og Msc. fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík 2011, próf í verðbréfmíðlun frá árinu 2005. Námskeið um ábyrgð og árangur stjórnarmanna hjá HR, námskeið á vegum Eruopean Venure Capital Association.

**Aðalstarf:** Framkvæmdastjóra Framtakssjóðs Íslands slhf.

**Starfsreynsla:** Framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands slhf. frá 2014, Fjárfestingastjóri Framtakssjóðs Íslands 2010-2014, sérfræðingur í fjárfestingum fyrirtækja hjá Thule Investments 2004-2010.

**Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta:** Icelandic Group (stjórnarformaður), Invent Farma ehf. (varamaður), IEI II hf. (meðstjórnandi), Medicopack (stjórnarmaður).

**Hlutfjáreign í VÍS:** Engin.

**Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS sem og stóra hluthafa í félaginu:** Engin.  
**Mat á óhæði gagnvart félaginu:** Telst vera óháður.

#### *Jostein Sorvoll*

**Menntun:** Tryggingastærðfræðingur frá Háskólanum í Osló 1973.

**Aðalstarf:** Stjórnarformaður í norska váttryggingafélaginu Protector Forsikring ASA.

**Starfsreynsla:** Rúmlega 40 ára reynsla af ýmsum stjórnunarstöðum í tryggingafélögum í Noregi með starfsemi á alþjóðlegum tryggingamarkaði. Forstjóri Protector Forsikring AS 2003-2006, forstjóri SwissRe Norway 2000-2002, verkefnastjóri Computer Sciences Corporation 1998-1999, forstjóri Norske Liv AS 1992-1998, framkvæmdastjóri PAXUS UK 1990-1991 og ýmis stjórnunarstörf hjá Storebrand á árinum 1975-1990.

**Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta:** Protector Forsikring ASA (stjórnarformaður) og Gabler Rådgivning AS í Noregi.

**Hlutfjáreign í VÍS:** Jostein á 0,066% í VÍS í gegnum félag sitt Dagrún Invest AS og telst óháður VÍS.

**Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS sem og stóra hluthafa í félaginu:** Engin.  
**Mat á óhæði gagnvart félaginu:** Telst vera óháður.

### ***Benedikt Gíslason***

**Menntun:** C.Sc. í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 1998. Próf í verðbréfamíðlun.

**Aðalstarf:** Sjálfstætt starfandi ráðgjafi.

**Starfsreynsla:** Í verkefnahópi íslenskra og breskra stjórnvalda um sæstreng til Bretlands frá 2015, ráðgjafi fjármála- og efnahagsráðherra varðandi afnám fjármagnshafna frá 2013, framkvæmdastjóri fjárfestingabankasviðs MP banka hf. (nú Kvika banki hf. ) 2011-2013, ALMC hf. m.a. uppsetning á Straumi fjárfestingabanka hf. (Kvika banki hf.) 2009-2011, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf. 2008-2009, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta FL Group hf. 2007-2008, fjárfestingastjóri og framkvæmdastjóri hjá Straumi-Burðaráss fjárfestingabanka/fjárfestingafélagi 2001-2007. Markaðsviðskipti Íslandsbanka FBA hf. 1998-2000.

**Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta:** Brekkuás ehf. (varamaður).

**Hlutfjáreign í VÍS:** Engin.

**Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS sem og stóra hluthafa í félaginu:** Engin.

**Mat á óhæði gagnvart félaginu:** Telst vera óháður.

### ***Helga Hlín Hákonardóttir***

**Menntun:** Cand. Jur. í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1997 og fékk héraðsdómslögmannsréttindi 2003. Próf í verðbréfavíðskiptum frá árinu 2001.

**Aðalstarf:** Lögmaður og ráðgjafi hjá Strategíu ehf.

**Starfsreynsla:** Lögfræði- og lögmannsstörf á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum frá 1996 - 2011, sjálfstætt starfandi lögmaður og ráðgjafi frá 2011 hjá Lixia lögmannsstofu og meðeigandi og ráðgjafi hjá Strategíu frá 2014.

**Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta:** Festi hf. (meðstjórnandi), Kaupás ehf. (meðstjórnandi), WOW air ehf. (meðstjórnandi), Greiðsluveitan ehf. (meðstjórnandi), Meniga Ltd.

**Hlutfjáreign í VÍS:** Engin.

**Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS sem og stóra hluthafa í félaginu:** Engin.

**Mat á óhæði gagnvart félaginu:** Telst vera óháður.

### ***Reynir Finndal Grétarsson***

**Menntun:** Cand. Juris frá Háskóla Íslands 1997, diplom í þróunarfræði 2013, BA í mannfræði 2014.

**Aðalstarf:** Forstjóri Creditinfo Group hf.

**Starfsreynsla:** Stofnandi Lánstrausts ehf. 1997, þá framkvæmdastjóri og síðar forstjóri fyrirtækisins sem nú heitir Creditinfo Group ehf. Starfsstöðvar Creditinfo eru í 20 löndum og starfsmenn rúmlega 400. Hefur einnig komið að stofnun annarra fyrirtækja sem starfa meðal annars á upplýsingatæknisviði og í fasteignaviðskiptum.

**Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta:** Creditinfo erlendis ehf. (stjórnarmaður), InfoCapital ehf. (stjórnarmaður), Creditinfo Group hf. (meðstjórnandi), Creditinfo Lánstraust hf. (meðstjórnandi).

**Hlutfjáreign í VÍS:** Engin.

**Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS sem og stóra hluthafa í félaginu:** Engin.

**Mat á óhæði gagnvart félaginu:** Telst vera óháður.

### ***Soffía Lárusdóttir***

**Menntun:** MSc Finance frá Strathclyde University í Glasgow 2003 og Cand Oecon í viðskiptafræði frá HÍ árið 2000.

**Starfsreynsla:** Fjármálastjóri Mentors ehf. 2011-2016, sérfræðingur á fyrirtækjasviði fyrir skilanefnd Sparisjóðabanka Íslands 2009, forstöðumaður hjá Stoðum Invest ehf. 2008, verkefna- og fjárfestingastjóri hjá Baugi Group hf. 2003-2008, sjóðstjóri skuldabréfasjóða hjá Búnaðarbankanum Verðbréfum 2000-2002.

**Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta:** Heilindi og heilsa ehf. (meðstjórnandi).

**Hlutfjáreign í VÍS:** Engin.

**Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS sem og stóra hluthafa í félaginu:** Engin.

**Mat á óhæði gagnvart félaginu:** Telst vera óháður.

### *Andri Gunnarsson*

**Menntun:** Magister Legis í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík 2007, héraðsdómslögmannsréttindi 2009 og lauk LL.M í félagarétti frá Stanford University 2013.

**Aðalstarf:** Lögmaður og meðeigandi á lögmannsstofunni Nordik lögfræðipjónustu.

**Starfsreynsla:** 2005-2010 Deloitte hf., skatta- og lögfræðisvið. Fulltrúi frá 2005 og verkefnastjóri frá 2007.

Lögmaður og meðeigandi á lögmannsstofunni Nordik lögfræðipjónustu frá 2010.

**Önnur trúnaðarstörf og stjórnarseta:** Eitt Hótel ehf. (stjórnarformaður), Varpland hf. (stjórnarformaður), Sænautafell ehf. (meðstjórnandi), Lexía ehf. (meðstjórnarmaður), Kolefni ehf. (meðstjórnandi), Teknetín ehf. (meðstjórnandi), Aflamark ehf. (meðstjórnandi), Flatfish ehf. (meðstjórnandi), Dock ehf. (meðstjórnandi), Silfurhvönn ehf. (meðstjórnandi), Afurð ehf. (meðstjórnandi), Hvannir (meðstjórnandi), Arm ehf. (stjórnarmaður), Tröllahvannir ehf. (stjórnarmaður), Gjald ehf. (stjórnarmaður), Óskabein ehf. (stjórnarmaður), Nitur ehf. (stjórnarmaður), 2G Trading ehf. (varamaður), Keahótel ehf. (varamaður), 2G fasteignir ehf. (varamaður), Íshestar ehf. (varamaður), ID ehf. (varamaður), Gef ehf. (varamaður), Bjarnahvönn ehf. (varamaður), Hrossavhönn ehf. (varamaður), Sæhvönn ehf. (varamaður), Selen ehf. (varamaður), Tiberius ehf. (varamaður), Menningarsjóður Lögréttu.

**Hlutfjáreign í VÍS:** Andri á 0,64% í VÍS gegnum félagið Óskabein ehf.

**Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS sem og stóra hluthafa í félaginu:** Engin.

**Mat á óhæði gagnvart félaginu:** Telst vera óháður.

## 5.2 Framkvæmdastjórn

Forstjóri og framkvæmdastjóri VÍS mynda saman framkvæmdastjórn VÍS. Starfsstöð aðila að framkvæmdastjórn er á lögheimili félagsins.

**Tafla 14. Framkvæmdastjórn VÍS**

| Nafn                     | Fæðingarár | Staða                              |
|--------------------------|------------|------------------------------------|
| Sigrún Ragna Ólafsdóttir | 1963       | Forstjóri                          |
| Agnar Óskarsson          | 1963       | Framkvæmdastjóri tjónasviðs        |
| Anna Rós Ívarsdóttir     | 1977       | Framkvæmdastjóri mannauðssviðs     |
| Auður B. Guðmundsdóttir  | 1966       | Framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs   |
| Friðrik Bragason         | 1968       | Framkvæmdastjóri einstaklingssviðs |
| Guðmar Guðmundsson       | 1968       | Framkvæmdastjóri fjármálasviðs     |
| Þorvaldur Jacobsen       | 1963       | Framkvæmdastjóri þróunarviðs       |

### *Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri.*

**Menntun:** Cand. Oecon frá Háskóla Íslands árið 1987, varð löggiltur endurskoðandi árið 1990 og lauk MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2007.

**Starfsreynsla:** Forstjóri VÍS og Lífis frá september 2011. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandsbanka frá 2010, Framkvæmdastjóri Fjármála og reksturs hjá Íslandsbanka frá stofnun hans í október 2008, Forstöðumaður fjárhagssviðs Glitnis banka frá 2007, Endurskoðandi hjá Deloitte frá 1986 og eigandi frá 1992 til 2007.

### *Agnar Óskarsson, framkvæmdastjóri tjónasviðs.*

**Menntun:** B.A. próf frá Háskóla Íslands í félags- og fjölmiðlafræði árið 1987. MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2008.

**Starfsreynsla:** Framkvæmdastjóri tjónasviðs VÍS hf. frá 2008, Framkvæmdastjóri váttryggingaþjónustu frá 2006. Hóf störf hjá VÍS árið 1990 við bíla- og eignatryggingar. Var deildarstjóri sjótrygginga, fyrirtækjaþjónustu og stofnstýringar. Áður en hann hóf störf hjá VÍS starfaði hann við blaðamennsku frá 1987.

***Anna Rós Ívarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs***

**Menntun:** B.A. í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 2001

**Starfsreynsla:** Framkvæmdastjóri mannauðssviðs VÍS hf. frá 2006. Hóf störf hjá VÍS árið 1999 fyrst við sölu- og þjónustustörf en síðan á starfsmannasviði sem sérfræðingur 2001 – 2005. Starfaði sem forstöðumaður almannatengsla og aðstoðarmaður forstjóra árin 2005 og 2006.

***Auður B. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs***

**Menntun:** B.A. fjölmiðla- og markaðsfræði frá University of South Alabama árið 1993. MBA frá Háskólanum í Reykjavík árið 2002.

**Starfsreynsla:** Framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs VÍS frá 2014. Framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs VÍS frá 2005. Deildarstjóri kynningardeildar Olíufélagsins ehf. frá 2002. Markaðsstjóri Frjálsrar fjölmiðlunar frá 1998. Kynningarfulltrúi Eimskips frá 1994.

***Friðrik Bragason, framkvæmdastjóri einstaklingssviðs***

**Menntun:** Próf í bygginga- og brunaverkfræði frá Háskólanum í Lundi árið 1994.

**Starfsreynsla:** Framkvæmdastjóri einstaklingssviðs VÍS hf frá 2014. Framkvæmdastjóri váttryggingasviðs VÍS frá 2008. Sérfræðingur hjá VÍS frá 2006. Starfaði hjá Inpro árið 2006 og hjá Tryggingamiðstöðinni árin 1995-2006. Starfaði hjá Slökkviliði Reykjavíkur 1994-1995.

***Guðmar Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs***

**Menntun:** Cand. Oecon. frá Háskóla Íslands árið 1993.

**Starfsreynsla:** Framkvæmdastjóri fjármálasviðs VÍS hf. frá 2010. Framkvæmdastjóri fjármála hjá Nýherja frá 2008. Fjármálastjóri hjá TM Software frá 1999.

***Þorvaldur Jacobsen, framkvæmdastjóri þróunarsviðs***

**Menntun:** Rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1987. B.Sc. í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands árið 1988. MSEE frá University of Texas at Austin árið 1990.

**Starfsreynsla:** Framkvæmdastjóri þróunarsviðs VÍS frá árinu 2012. Framkvæmdastjóri Vörusviðs Nýherja 2012. Framkvæmdastjóri Tæknisviðs Nýherja 2011-2012. Ýmis stjórnunarstörf hjá Nýherja 2001-2011. Framkvæmdastjóri Vísir.is ehf. 1999-2001. Sölustjóri Teymi hf. 1996-1999. Sölustjóri Opin kerfi hf. 1990-1996.

Engir hagsmunaárekstrar eru milli skyldustarfa aðila í framkvæmdastjórn og stjórnarmanna og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

## 6 HLUTAFÉ OG HLUTHAFAR

### 6.1 Hlutafé

Útgefnir hlutir í VÍS eru 2.296.436.567 (tveir milljarðar tvö hundruð níutíu og sex milljónir fjögur hundruð þrjátíu og sex þúsund og fimmhundruð sextíu og sjö krónur) – og skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti. Allir hlutir í VÍS tilheyra sama flokki og eru jafnrétt háir skv. samþykktum félagsins. Allir útgefnir hlutir í félaginu eru greiddir og teljast allir til hlutafjár.

Félagið kynnti endurkaupaáætlun þann 24. apríl 2016 og hafði þann 30. maí 2016 keypt 33,1 milljón hluti og átti þá 1,44% af heildarhlutafé félagsins. Alls er heimilt að kaupa allt að 70 milljón hluta samkvæmt áætluninni.

### 6.2 Hluthafar

Neðangreind tafla sýnir 20 stærstu hluthafa VÍS miðað við þann 14. júlí 2016.

Tafla 15. Stærstu hluthafar

| Eigandi                                  | Eignarhlutur | Hlutfall |
|--|--------------|----------|
| Lífeyrissjóður verslunarmanna            | 226.154.367  | 9,85%    |
| Stefnir – ÍS 15                          | 186.491.201  | 8,21%    |
| Grandier ehf.                            | 174.000.000  | 7,58%    |
| Gildi lífeyrissjóður                     | 161.046.033  | 7,01%    |
| Virðing safnreikningur                   | 138.918.417  | 6,05%    |
| Óskabein ehf.                            | 135.136.943  | 5,89%    |
| Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild          | 135.100.000  | 5,88%    |
| Steinunn Margrét Tómasdóttir             | 60.000.000   | 2,61%    |
| Vátryggingafélag Íslands hf.             | 55.538.849   | 2,42%    |
| SNV Holding ehf.                         | 55.082.711   | 2,40%    |
| Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarf. | 54.584.756   | 2,38%    |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn              | 51.285.171   | 2,23%    |
| Lífeyrissjóður starfsm.rík. B-deild      | 49.215.000   | 2,14%    |
| Stapi lífeyrissjóður                     | 46.331.333   | 2,02%    |
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn                | 40.841.779   | 1,78%    |
| Íslandsbanki hf.                         | 38.605.446   | 1,68%    |
| Stefnir – ÍS 5                           | 35.690.000   | 1,55%    |
| Fagfjárfestastjóðurinn IHF               | 30.711.284   | 1,34%    |
| A.C.S. safnreikningur I                  | 29.851.710   | 1,30%    |
| Lífeyrissjóður starfsm. Rvborgar         | 27.005.754   | 1,18%    |

VÍS er ekki kunnugt um að félaginu sé stjórnað af öðrum aðilum en að framan greinir. VÍS er ekki kunnugt um að til staðar séu réttindi í félaginu sem leitt geta til breytinga á yferráðum í félaginu. Hagsmunir minnihlutaeigenda eru varðir samkvæmt ákvæðum samþykktu félagsins og laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

## 7 FJÁRHAGSYFIRLIT

Sögulegar fjárhagsupplýsingar í lýsingunni ná yfir tímabilið 1. janúar 2014 til 31. desember 2015. Ársreikningar VÍS fyrir árin 2014 og 2015 eru felldir inn í lýsinguna með tilvísun.

Ársreikningarnir eru samstæðureikningar en samstæða VÍS samanstendur af móðurfélaginu Vátryggingafélagi Íslands hf. og einu dótturfélagi; Líftyggingafélagi Íslands hf. (Lífis).

Ársreikningarnir hafa verið endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum VÍS og innihalda áritun endurskoðanda. Löggiltir endurskoðendur VÍS, KPMG ehf. hafa ekki hafnað að veita áritun á reikninga VÍS og áritun þeirra er án fyrirvara. Í útgefendalýsingunni eru engar aðrar upplýsingar en þær sem byggja á endurskoðuðum ársreikningum VÍS.

Ársreikningar árána 2014 og 2015 eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og hafa lagagildi á Íslandi samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Í lok árs 2015 breytti félagið um reikningsskilaaðferð við mat á vátryggingaskuld í tengslum við innleiðingu á löggjöf um vátryggingastarfsemi, Solvency II, sem átti að taka gildi hér á landi snemma árs 2016, en hefur enn ekki tekið gildi. Þrátt fyrir að löggjöfin hefur ekki tekið gildi er starfað samkvæmt henni í samráði við Fjármálaeftirlitið, m.a. á grundvelli undirbúningstilmæla Fjármálaeftirlitsins. Upptaka nýrrar löggjafar þýðir meðal annars að áhætta í rekstri félagsins er nú mæld með öðrum hætti en áður. Þessi breyting hefur í för með sér áhrif á stöðu eigin fjár, vátryggingaskuldar og tekjuskatts og eru rekstrarreikningur ársins 2014 og efnahagsreikningar árána 2013 og 2014 lagaðir að breytingunni. Vátryggingaskuld í ársbyrjun 2014 lækkar um 5.001 milljón króna og eigið fé hækkar um 3.694 milljónir króna vegna þessa, en nánar er fjallað um breytingarnar í skýringu 4 með ársreikningi 2015.

Í lok febrúar 2016 gaf félagið út víkjandi skuldabréf að nafnverði 2.500 milljónir króna. Skuldabréfin tilheyra eiginfjárbætti 2 og teljast til gjaldþols félagsins. Þau bera fasta 5,25% verðtryggða vexti og eru til 30 ára með uppgreiðsluheimild og þrepahækkun á vöxtum í 6,25% 10 árum eftir útgáfu. Á aðalfundi félagsins þann 16. mars 2016 var ákveðið að greiða arð að fjárhæð 2.067 milljónir króna. Greiðsludagur var 15. apríl 2016.


### 7.1 Rekstrarreikningur 2014-2015

Hér á eftir er umfjöllun um rekstrarreikning VÍS fyrir árin 2014 og 2015.

Tekjur VÍS eru annars vegar iðgjaldatekjur og hins vegar fjárfestingatekjur. VÍS tekur að sér að bæta tiltekin tjón viðskiptavina gegn greiðslu iðgjalds. Iðgjald er greitt í upphafi þess tímabils sem vátryggingaverndin nær yfir, tjónin verða seinna og tjónsuppgjör getur síðan tekið nokkurn tíma, háð eðli tjónsins og aðstæðum. Iðgjöld og væntanlegar tjónabætur þarf að varðveita þar til kemur að greiðslu og hefur félagið fjárfestingartekjur af þeim fjármunum þangað til.

Þekktur mælikvarði á afkomu af vátryggingastarfsemi er samsett hlutfall, þ.e. eigið tjónahlutfall að viðbættu hlutfalli rekstrarkostnaðar eða kostnaðarhlutfalli. Samsett hlutfall ársins 2015 var 101,5% sem er ekki í samræmi við markmið félagsins, að það sé undir 100%. Samsett hlutfall var 104,5% árið 2014.

## Mynd 2. Samsett hlutfall



Tafla 16. Rekstrarreikningur (þús.kr.)

| þús.kr.                                    | 2015                | 2014                |
|--|---------------------|---------------------|
| Iðgjöld ársins                             | 16.596.739          | 15.958.546          |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum     | (581.220)           | (602.823)           |
| <b>Eigin iðgjöld</b>                       | <b>16.015.519</b>   | <b>15.355.723</b>   |
| Fjármunatekjur                             | 464.222             | 654.142             |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna             | 3.611.893           | 1.784.816           |
| <b>Fjárfestingatekjur</b>                  | <b>4.076.115</b>    | <b>2.438.958</b>    |
| Aðrar tekjur                               | 166.096             | 163.429             |
| <b>Heildartekjur</b>                       | <b>20.257.730</b>   | <b>17.958.110</b>   |
| Tjón ársins                                | (12.732.260)        | (12.837.147)        |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum             | 20.055              | 177.862             |
| <b>Eigin tjón</b>                          | <b>(12.712.205)</b> | <b>(12.659.285)</b> |
| Breyting á áhættuálagi                     | (66.460)            | (29.407)            |
| Rekstrarkostnaður                          | (4.077.392)         | (3.918.914)         |
| Virðisrýmun óefnislegra eigna              | (1.429.988)         | 0                   |
| Vaxtagjöld                                 | (3.347)             | (2.792)             |
| Virðisrýmun viðskiptakrafna                | 31.499              | (28.278)            |
| <b>Heildargjöld</b>                        | <b>(18.257.893)</b> | <b>(16.638.677)</b> |
| Hagnaður fyrir tekjuskatta                 | 1.999.837           | 1.319.433           |
| Tekjuskattar                               | 75.954              | (79.077)            |
| <b>Heildarhagnaður ársins</b>              | <b>2.075.791</b>    | <b>1.240.356</b>    |
| Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut | 0,87                | 0,50                |



Í árslok 2015 breytti félagið um reikningsskilaaðferð við mat á váttryggingaskuld. Samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2014 hefur verið breytt til samræmis við nýja aðferð. Upptaka nýrrar löggjafar þýðir meðal annars að áhætta í rekstri félagsins er nú mæld með öðrum hætti en áður. Þessi breyting hefur áhrif á stöðu eigin fjár, váttryggingaskuldar og tekjuskatts og er rekstrarreikningur ársins 2014 og efnahagsreikningar árunna 2013 og 2014 lagaðir að breytingunni.

Iðgjöld ársins 2015 námu 16.597 milljónum króna og hækkuðu um 638 milljónir frá árinu 2014, sem svarar til 4% hækkunar. Eigin iðgjöld námu 16.016 milljónum króna á árinu 2015 og var vöxtur þeirra 4,3% frá fyrra ári.

Tjónakostnaður á árinu 2015 nam 12.732 milljónum króna og lækkaði um 105 milljónir króna frá fyrra ári. Stór brunni í Skeifunni hafði áhrif á rekstur ársins 2014 en segja má að mikil óveður hafi einkennt tjónaárið 2015. Óveðrið í mars 2015 var það versta í mörg ár og leita þarf aftur til ársins 1991 til að finna samanburð. Einnig komu tveir nokkuð öflugir stormar í desember. Tilkynnt óveðurstjón vegna þessara þriggja atburða voru alls 961 og heildartjónakostnaður vegna þeirra nam 465 milljónum króna. Tjónatiðni í ökutækjatrýggingum óx einnig, en hækkanir á iðgjöldum hafa ekki dugað til viðunandi afkomu þar sem tjónum hefur fjölgað jafnt og þétt. Sem dæmi má nefna að framrúðutjónum fjölgaði um 24% frá fyrra ári og voru alls um 6.500 talsins.

Eigin tjón voru 12.712 milljónir króna miðað við 12.659 milljónir króna árið 2014. Nemur hækkun tjóna í eigin reikning því 53 milljónum króna.

Framlegð af váttryggingarekstri var neikvæð um 1.588 milljónir króna, en fyrir afskriftir óefnislegra eigna var framlegðin neikvæð um 158 milljónir króna. Framlegð af váttryggingarekstri árið 2014 var neikvæð um 588 milljónir króna.

Rekstrarkostnaður án virðisrýrnunar hækkaði um 4% á milli ára. Vísitala neysluverðs hækkaði á sama tíma um 1,6% og launavísitala um 7,2%. Um helmingur af rekstrarkostnaði félagsins er launakostnaður. Meðal rekstrarkostnaðar er færður fjársýsluskattur sem lagður er á launakostnað félagsins, 98 milljónir króna. Á árinu var unnið að hagræðingu í rekstrinum og fækkaði stöðugildum hjá félaginu úr 195 í 191.

Tekjur af fjárfestingastarfsemi voru 4.076 milljónir króna. Árið 2014 námu fjárfestingatekjur 2.439 milljónum króna svo vöxturinn milli ára var 67%. Jákvæð afkoma var af öllum eignaflokkum og nam ávöxtun eignasafnsins alls 12,2% á árinu. Afkoma af innlendum hlutabréfum var sérlega góð eða 2.228 milljónir króna.

Hagnaður af váttryggingastarfsemi árið 2015 var 988 milljónir fyrir virðisrýrnun óefnislegra eigna en að teknu tilliti til virðisrýrnunar var tap að fjárhæð 442 milljónir. Árið 2014 var hagnaður af váttryggingastarfseminni 433 milljónir. Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt nam 2.000 milljónum króna samanborið við 1.319 milljónir króna árið áður. Hagnaður ársins var 2.076 milljónir króna en var 1.240 milljónir króna árið 2014.

### 7.1.1 Starfsþáttayfirlit

Rekstur VÍS skiptist í þrjá starfsþætti; skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur. Umsvif VÍS eru að mestu leyti í skaðatryggingum en að litlu leyti í líftryggingum og fjármálarekstri. Þannig nema iðgjöld af líf- og heilsutryggingum einungis um 6,1% af heildariðgjöldum á meðan iðgjöld af skaðatryggingum eru um 93,9% af heildariðgjöldum ársins 2015. Rekstrarafkoma af skaðatryggingarekstri var ekki góð á árinu 2015 en líftryggingareksturinn gekk vel, og einnig var ágæt afkoma af fjárfestingum.


Tekjur af fjárfestingastarfsemi félagsins dreifast í starfsþáttayfirliti á starfsþættina þrjá, skaðatryggingar, líftryggingar og fjármálastarfsemi. Hver starfsþáttur ber sinn rekstrarkostnað en kostnaðurinn er mestur í skaðatryggingum enda umsvifin mest þar. Fjármagnsgjöld og virðisrýrnun fjáreigna telst til fjármálareksturs.

Tafla 17. Starfsþáttayfirlit (þús.kr.)

|  | Skaðatryggingarekstur |                   | Líftryggingarekstur |                | Fjármálarekstur  |                  | Samstæða          |                   |
|--|-----------------------|-------------------|---------------------|----------------|------------------|------------------|-------------------|-------------------|
|  | 2015                  | 2014              | 2015                | 2014           | 2015             | 2014             | 2015              | 2014              |
| Iðgjöld ársins                         | 15.585.809            | 15.034.515        | 1.010.929           | 924.031        |                  |                  | 16.596.739        | 15.958.546        |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | -417.217              | -447.150          | -164.003            | -155.673       |                  |                  | -581.220          | -602.823          |
| Fjárfestingatekjur                     | 1.111.795             | 987.218           | 33.418              | 33.380         | 2.930.902        | 1.418.360        | 4.076.115         | 2.438.958         |
| Aðrar tekjur                           | 166.096               | 163.429           |                     |                |                  |                  | 166.096           | 163.429           |
| <b>Heildartekjur</b>                   | <b>16.446.483</b>     | <b>15.738.012</b> | <b>880.344</b>      | <b>801.738</b> | <b>2.930.902</b> | <b>1.418.360</b> | <b>20.257.730</b> | <b>17.958.110</b> |
| Tjón ársins                            | -12.454.784           | -12.492.656       | -277.476            | -344.492       |                  |                  | -12.732.260       | -12.837.147       |
| Hluti endurtryggjenda í tjönnum        | -79.673               | 29.661            | 99.727              | 148.201        |                  |                  | 20.055            | 177.862           |
| Breyting á áhættuálagi                 | -105.703              | -36.935           | 39.243              | 7.527          |                  |                  | -66.460           | -29.407           |
| Rekstrarkostnaður                      | -3.284.335            | -3.161.703        | -276.134            | -256.820       | -516.923         | -500.392         | -4.077.392        | -3.918.914        |
| Virðisryrnun óefnislegra eigna         | -1.429.988            |                   |                     |                |                  |                  | -1.429.988        |                   |
| Vaxtagjöld                             |                       |                   |                     |                | -3.347           | -2.792           | -3.347            | -2.792            |
| Virðisryrnun viðskiptakrafna           |                       |                   |                     |                | 31.499           | -28.278          | 31.499            | -28.278           |
| <b>Rekstrarafkoma starfsþátta</b>      | <b>-907.999</b>       | <b>76.380</b>     | <b>465.705</b>      | <b>356.155</b> | <b>2.442.131</b> | <b>886.898</b>   | <b>1.999.837</b>  | <b>1.319.433</b>  |
| Tekjuskattar                           |                       |                   |                     |                |                  |                  | 75.954            | -79.077           |
| <b>Hagnaður ársins</b>                 |                       |                   |                     |                |                  |                  | <b>2.075.791</b>  | <b>1.240.356</b>  |
| Heildareignir                          | 33.874.901            | 36.508.056        | 3.013.393           | 3.463.469      | 7.985.707        | 6.358.869        | 44.874.001        | 46.330.393        |
| Heildarskuldir                         | 25.115.887            | 24.987.325        | 2.206.067           | 2.162.668      |                  |                  | 27.321.953        | 27.149.993        |

## 7.1.2 Afkoma greinaflokka

Mynd 3. Samsett hlutfall váttryggingagreina



Iðgjöld af ökutækjatryggingum, sem samanstanda af lögboðnum tryggingum annarsvegar, og frjálsum hins vegar, vega um 45% af iðgjöldum félagsins og því stærsta greinin. Afkoma lögboðinna ökutækjatrygginga var talsvert betri árið 2015 heldur en árið á undan en mikið tap varð af tekstri frjálsra ökutækjatrygginga. Afkoma ökutækjatrygginga hefur verið óviðunandi um nokkuð skeið. Hækkarir á iðgjöldum hafa ekki dugað til viðunandi afkomu þar sem tjönnum hefur fjölgað jafnt og þétt.

Eignatryggingar skiluðu 96,4% samsettu hlutfalli á árinu 2015, an hagnaður varð af greininni upp á 337 milljónir króna. Sjó- og farmtryggingar skiluðu tapi á árinu eða 108,7% samsettu hlutfalli samanborið við 96,8% samsettu

hlutfalli á árinu 2014. Vegna ótíðar á árinu 2015 var nokkuð um að gámar fragtskipa færðust til eða féllu í hafið með tilheyrandi tjónum.

Ábyrgðatryggingar skiluðu 73,5% samsettu hlutfalli á árinu 2015 sem er mun betri afkoma en á árinu á undan, þegar samsett hlutfall var 124,9%. Ágætur hagnaður var af greininni árið 2015, en árið áður var tap af greininni 91 milljón króna.

Afkoma af slysa- og sjúkratryggingum skilaði 116,2% samsettu hlutfalli. Tap af greininni var 104 milljónir króna en tap ársins 2014 nam 54 milljónum króna. Líftryggingarekstur samstæðunnar er í sérstöku félagi, Lífis hf. Afkoman undanfarin ár hefur verið góð en samsett hlutfall ársins 2015 var 57,2% sem er lækkun frá árinu áður þegar samsett hlutfall var 65,1%.

Félagið starfar á markaði endurtrygginga. Afkoma af endurtryggingum versnaði nokkuð á milli ára, samsett hlutfall var 99,6% árið 2015 samanborið við 78,8% árið 2014.

Á milli árána 2014 og 2015 lækkaði samsett hlutfall samstæðunnar í heild um 3%-stig, eða úr 104,5% árið 2014 í 101,5% árið 2015. Hlutfallið er ekki í samræmi við markmið félagsins, sem er að samsett hlutfall sé undir 100%.

## 7.2 Efnahagsreikningur

Hér á eftir er umfjöllun um efnahagsreikning VÍS í lok árána 2014 og 2015.

Gjaldþol er eigið fé að frádregnum; tillögu um arðgreiðslu og óefnislegum eignum. Gjaldþol VÍS nam 14.604 m.kr. í árslok 2015 en gjaldþolskrafan samkvæmt Solvency II nam 9.455 á sama tíma. Gjaldþolshlutfallið var þar af leiðandi 1,54 miðað við 1,61 árslok 2014. Hér er um að ræða tölur miðað við þá arðgreiðslu sem samþykkt var á aðalfundi 16. mars s.l., en ársreikningur félagsins byggði á öðrum fjárhæðum.

### 7.2.1 Eignir

Í efnahagsreikningi VÍS er fjárfestingaeignum skipt í fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur, fjáreignir haldið til gjalddaga, skuldabréf og aðrar langtímakröfur, viðskiptakröfur, aðrar kröfur og handbært fé. Í árslok 2015 nam fjárfestingasafn VÍS 33.634 milljónum króna í árslok 2015 en í árslok 2014 námu það 34.658 milljónum króna.

Eigið fé var 17.552 milljónir króna og var eiginfjárlutfallið 39,1% samanborið við 41,4% í árslok 2014. Skuldir voru 27.322 milljónir króna í árslok 2015 en voru 27.150 milljónir króna í árslok 2014. Vátryggingaskuld er stærsta skuldin í efnahagsreikningi og nam hún í árslok 2015 23.466 milljónum króna.

Fjárfestingasafnið vegur 74,95% af heildareignum félagsins sem námu 44.874 milljónum króna.

Handbært fé nam 1.428 m.kr. í árslok 2015 sem jafngildir 4,25% af fjárfestingasafninu.

Rekstrarfjármunir félagsins námu 166 m.kr. í árslok 2015 og skiptast í skrifstofuáhöld, tölvubúnað, bifreiðar og að litlu leyti fasteignir. Húsnæði sem VÍS notar í starfsemi sinni er tekið að leigu, þar með talda höfuðstöðvar félagsins að Ármúla 3.

Óefnislegar eignir námu 881 milljónum króna í árslok 2015 og voru annars vegar viðskiptavild að fjárhæð 475 milljónir króna vegna kaupa á Lífis árið 2012, viðskiptasambanda að fjárhæð kr. 338 milljónir króna og eignfærðs hugbúnaður að fjárhæð 68 milljónir króna.

Hlutur endurtryggjenda í vátryggingaskuld er færður sem endurtryggingaeignir en þær námu 1.255 milljónum króna í árslok 2015.

Viðskiptakröfur námu 5.482 milljónum króna í árslok 2015. Hlutfall viðskiptakrafna í árslok af iðgjöldum ársins er 33,03%.



Tafla 18. Samsetning fjárfestingaeigna

| Samsetning eigna (þús.kr.)          | 31.12.2015 | %     | 31.12.2014 | %     |
|-------------------------------------|------------|-------|------------|-------|
| Ríkistryggð, verðtryggð             | 5.575.444  | 16,6% | 7.929.764  | 22,9% |
| Ríkistryggð, óverðtryggð            | 2.784.738  | 8,3%  | 4.866.048  | 14%   |
| Ríkistryggð til gjalddaga           | 4.319.826  | 12,8% | 4.284.837  | 12,4% |
| Skuldabr., skbr.sj. og lausafj.sj.  | 8.078.463  | 24,0% | 6.728.960  | 19,4% |
| Skráð hlutabréf og hlutabréfasjóðir | 6.907.220  | 20,5% | 4.266.206  | 12,3% |
| Önnur hlutabréf                     | 2.924.798  | 8,7%  | 3.381.239  | 9,8%  |
| Fagfjárfestasjóðir                  | 1.615.447  | 4,8%  | 1.801.018  | 5,2%  |
| Handbært fé                         | 1.428.183  | 4,2%  | 1.399.904  | 4%    |
|                                     | 33.634.119 | 100%  | 34.657.976 | 100%  |

Tafla 19. Efnahagsreikningur (þús.kr.)

|  | 2015              | 2014              |
|--|-------------------|-------------------|
| <b>Eignir</b>  |                   |                   |
| Rekstrarfjármunir  | 166.263           | 117.553           |
| Óefnislegar eignir   | 880.725           | 2.054.227         |
| Skatteign  | 360.850           | 0                 |
| Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur                      | 27.837.680        | 28.880.089        |
| Fjáreignir haldið til gjalddaga                            | 4.319.826         | 4.284.837         |
| Skuldabréf og aðrar langtímakröfur                         | 48.431            | 93.145            |
| Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka     | 1.338.485         | 1.284.696         |
| Viðskiptakröfur  | 5.482.145         | 5.283.955         |
| Endurtryggingaeignir                                       | 1.255.208         | 1.391.507         |
| Aðrar kröfur   | 1.756.206         | 1.540.480         |
| Handbært fé  | 1.428.183         | 1.399.904         |
| <b>Eignir samtals</b>                                      | <b>44.874.001</b> | <b>46.330.394</b> |
| <b>Eigið fé</b>  |                   |                   |
| Hlutfé   | 2.296.437         | 2.438.481         |
| Lögbundinn varasjóður                                      | 625.620           | 625.620           |
| Óráðstafað eigið fé  | 14.629.991        | 16.116.300        |
| <b>Eigið fé samtals</b>                                    | <b>17.552.048</b> | <b>19.180.401</b> |
| <b>Skuldir</b>   |                   |                   |
| Tekjuskattsskuldbinding                                    | 0                 | 1.005.512         |
| Vátryggingaskuld   | 23.465.959        | 23.208.048        |
| Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | 1.338.485         | 1.284.696         |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir                          | 2.517.509         | 1.651.737         |
| <b>Skuldir samtals</b>                                     | <b>27.321.953</b> | <b>27.149.993</b> |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>                         | <b>44.874.001</b> | <b>46.330.394</b> |

## 7.2.2 Skuldir

Í starfsemi félagsins felst að bæta tiltekin tjón viðskiptavina samkvæmt váttryggingasamningum. Váttryggingaskuld félagsins samanstendur annars vegar af tjónaskuld og hins vegar af iðgjaldaskuld. Tjónaskuld er mat félagsins á óuppgerðum tjónum og er það stærsta skuldbinding félagsins. Fjárhæð tjónaskuldarinnar byggist á mati á endanlegum kostnaði við öll óuppgerð tjón og er þar bæði um að ræða ótilkynnt tjón og tjón sem þegar hafa verið tilkynnt en eru óuppgerð. Í heild nam váttryggingaskuld VÍS 23.466 m.kr. í árslok 2015. Í kjölfar þess að ákveðið var að meta tjónaskuld félagsins í samræmi við matsreglur Solvency II tilskipunar Evrópusambandsins breytti félagið um reikningsskilaaðferð í árslok 2015. Samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2014 hefur verið breytt til samræmis við nýja aðferð. Áhrif þessarar breytingar er sérstaklega skýrð í skýringu nr. 4 í ársreikningi félagsins 2015.

Iðgjaldaskuld er sá hluti iðgjalda sem tilheyrir næstu reikningsárum. Í langflestum tilfellum gerir félagið váttryggingasamninga til eins árs í senn og felur iðgjaldaskuldin þá í sér iðgjöld næsta árs, en í einstökum tilvikum getur verið um fleiri ár að ræða. Í árslok 2015 nam iðgjaldaskuld félagsins 5.847 m.kr.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir námu 2.517 m.kr. í árslok 2015 en auk viðskiptaskulda er um að ræða skammtímaskuldir og áfallin gjöld, skuldir vegna endurtryggingastarfsemi og ógreiddan tekjuskatt.

Eigið fé nam 17.552 m.kr. í árslok 2015.

## 7.3 Sjóðstreymi

Hér eftir er umfjöllun um sjóðstreymi VÍS fyrir árin 2015 og 2014 en neðangreind tafla sýnir sjóðstreymi félagsins fyrir þessi tvö ár.

Tafla 20. Sjóðstreymi (þús.kr.)

|  | 2015        | 2014        |
|--|-------------|-------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                              |             |             |
| Heildarhagnaður ársins                                 | 2.075.791   | 1.240.356   |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:       |             |             |
| Fjármunatekjur og fjármunagjöld                        | (460.876)   | (651.649)   |
| Gangvirðisbreyting fjáreigna                           | (3.611.893) | (1.784.816) |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna                          | (1.432)     | (10.171)    |
| Aðrar skuldbindingar                                   | (6.924)     | 3.969       |
| Afskriftir og virðisrýmun                              | 1.555.582   | 113.121     |
| <b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</b> |             |             |
| Tekjuskattsskuldbinding / skatteign, breyting          | (1.366.362) | (184.795)   |
| Fjáreignir, breyting                                   | 3.898.672   | 1.465.661   |
| Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, breyting           | 44.714      | 97.922      |
| Viðskiptakröfur, breyting                              | (207.510)   | (358.140)   |
| Endurtryggingaeignir, breyting                         | 136.298     | 34.574      |
| Aðrar eignir, breyting                                 | (217.143)   | (546.421)   |
| Váttryggingaskuld, breyting                            | 303.179     | 1.128.655   |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, breyting            | 1.101.683   | 680.215     |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta             | 3.243.779   | 1.228.481   |

|   |                    |                    |
|---|--------------------|--------------------|
| Innborgaðar vaxtatekjur                           | 1.094.872          | 1.387.033          |
| Innborgaður arður                                 | 104.138            | 85.778             |
| Greidd fjármagnsgjöld                             | (3.347)            | (2.792)            |
| Greiddir tekjuskattar                             | (263.517)          | (476.274)          |
| <b>Handbært fé frá rekstri</b>                    | <b>4.175.926</b>   | <b>2.222.226</b>   |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                    |                    |                    |
| Keyptir rekstrarfjármunir                         | (100.579)          | (36.821)           |
| Seldir rekstrarfjármunir                          | 1.432              | 10.203             |
| Keyptur hugbúnaður                                | (330.211)          | (1.143.151)        |
| Breyting á fjáreignum sem haldið er til gjalddaga | 0                  | 16.485             |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                    | <b>(429.358)</b>   | <b>(1.153.284)</b> |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                     |                    |                    |
| Keypt eign hlutir                                 | (1.216.198)        | (546.781)          |
| Greiddur arður                                    | (2.487.945)        | (1.830.940)        |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                     | <b>(3.704.143)</b> | <b>(2.377.721)</b> |
| <b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>              | <b>42.425</b>      | <b>(1.308.779)</b> |
| <b>Handbært fé í ársbyrjun</b>                    | <b>1.399.904</b>   | <b>2.661.796</b>   |
| <b>Áhrif gengisbreytinga á handbært fé</b>        | <b>(14.146)</b>    | <b>46.887</b>      |
| <b>Handbært fé í árslok</b>                       | <b>1.428.183</b>   | <b>1.399.904</b>   |

## 7.4 Yfirlit um breytingu á eigin fé 1.1.2014-31.12.2015

Neðangreind tafla sýnir breytingar á eigin fé VÍS á árunum 2014 og 2015.

Tafla 21. Breyting á eigin fé

|  | Hlutfé    | Lögbundinn<br>varasjóður | Óráðstafað<br>eigið fé | Samtals    |
|--|-----------|--------------------------|------------------------|------------|
| Eigið fé 31.12.2013                    | 2.502.481 | 625.620                  | 13.496.083             | 16.624.184 |
| Áhrif breytinga á reikningsskilaaðferð |           |                          | 3.693.583              | 3.693.583  |
| Eigið fé 1.1.2014*                     | 2.502.481 | 625.620                  | 17.189.666             | 20.317.767 |
| Heildarhagnaður ársins                 |           |                          | 1.240.356              | 1.240.356  |
| Keyptir eign hlutir                    | -64.000   |                          | -482.781               | -546.782   |
| Greiddur arður 0,73165 kr. á hlut      |           |                          | -1.830.940             | -1.830.940 |
| Eigið fé 31.12.2014*                   | 2.438.481 | 625.620                  | 16.116.301             | 19.180.401 |
| Heildarhagnaður ársins                 |           |                          | 2.075.791              | 2.075.791  |
| Keyptir eign hlutir                    | -142.044  |                          | -1.074.155             | -1.216.199 |
| Greiddur arður 1,03 kr. á hlut         |           |                          | 2.487.945              | -2.487.945 |
| Eigið fé 31.12.2015                    | 2.296.437 | 625.620                  | 14.629.992             | 17.552.048 |

\*Í árslok 2015 breytti samstæðan um reikningsskilaaðferð við mat á tjónaskuld og er mat á skuldinni í árslok í samræmi við matsreglur Solvency II tilskipunar Evrópusambandsins<sup>4</sup>. Samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2014 hefur verið breytt til samræmis við nýja aðferð.

## 7.5 Fjármögnun

Fjármögnun félagsins felst í tímabundnum mismun á greiddum iðgjöldum og eftirágreiddum tjónagreiðslum. Vátryggingaskuld félagsins, sem skiptist eins og áður hefur komið fram í tjónaskuld og iðgjaldaskuld auk áhættuálags, er stærsta skuldbinding félagsins og nam hún 23.466 m.kr. í árslok 2015.

Félagið er jafnframt fjármagnað með eigin fé og nam það 17.552 m.kr. í árslok 2015, sem jafngildir 39,1% af stærð efnahags.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir námu 2.518 m.kr. í árslok 2015 sem jafngildir 5,6% af stærð efnahags.

Tafla 22. Heildarskuldir í lok árs 2015 (þús.kr.)

|   | 2015              |
|---|-------------------|
| <b>Skuldir</b>  |                   |
| Vátryggingaskuld  | 23.465.959        |
| Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka | 1.338.485         |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir                         | 2.517.509         |
| <b>Samtals skuldir</b>                                    | <b>27.321.953</b> |

### 7.5.1 Lausafjárstýring

Til að lágmarka lausafjánhættu hefur félagið stefnu um lágmarks handbært fé á hverjum tíma og til viðbótar er gert ráð fyrir að skráðar fjáreignir félagsins, sem eru stór hluti af heildareignum þess, sé hægt að innleysa með skömmum fyrirvara. Í árslok 2015 nam handbært fé 1.428 m.kr.

<sup>4</sup> <http://www.fme.is/eftirlitsstarfsemi/solvency-ii/>



## 8 AÐRAR UPPLÝSINGAR

### 8.1 Upplýsingar um þróun

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil (ársreikningur fyrir árið 2015) hans voru samþykkt og birt þann 24. febrúar 2016.

### 8.2 Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu

Ekki hafa átt sér stað mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu VÍS og dótturfélags þess síðan síðasta fjárhagstímabili lauk og síðustu reikningsskil (árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2016) hans voru samþykkt og birt þann 3. maí 2016.

### 8.3 Skjöl felld inn með tilvísun

Eftirfarandi skjöl eru, í heild sinni, felld inn í lýsingu þessa með tilvísun og verða þar með hluti af henni:

- Ársreikningur 2014, dagsettur 26. febrúar 2015. Ársreikningurinn er endurskoðaður og birtur opinberlega, en hann má nálgast á vefsíðu VÍS ([www.vis.is/vis/fjarfestar/fjarfestar](http://www.vis.is/vis/fjarfestar/fjarfestar)).
- Ársreikningur 2015, dagsettur 24. febrúar 2016. Ársreikningurinn er endurskoðaður og birtur opinberlega, en hann má nálgast á vefsíðu VÍS ([www.vis.is/vis/fjarfestar/fjarfestar](http://www.vis.is/vis/fjarfestar/fjarfestar)).

### 8.4 Skjöl til sýnis

Meðan lýsingin er í gildi er heimilt að skoða eftirfarandi skjöl (eða afrit þeirra) sem hluta hennar. Hægt er að nálgast eftirfarandi skjöl á rafrænu formi á vefsíðu útgefanda [www.vis.is/vis/fjarfestar/fjarfestar](http://www.vis.is/vis/fjarfestar/fjarfestar).

- Samþykktir útgefanda, dagsettar 16. mars 2016.
- Endurskoðaðir ársreikningar VÍS fyrir fjárhagsárin 2014 og 2015.

## 9 SAMÞYKKTIR VÍS



## SAMÞYKKTIR

fyrir hlutafélagið

### VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF.

#### I. Kafi

##### Heiti félagsins og tilgangur

###### 1. gr. Heiti

Heiti félagsins er Vátryggingafélag Íslands hf.

###### 2. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er rekstur vátryggingarstarfsemi, þ.á m. endurtryggingarstarfsemi, önnur en líftryggingarstarfsemi, bæði á Íslandi og erlendis.

Félaginu er einnig heimil hliðarstarfsemi sem er í samræmi við ákvæði laga um vátryggingastarfsemi hverju sinni, s.s. rekstur fasteigna, lánastarfsemi og kaup og sala verðbréfa.

Þrátt fyrir að félagið reki ekki líftryggingarstarfsemi er því heimilt að eiga beinan eða óbeinan hlut í líftryggingarfélagi, hvort sem um yfirráð er að ræða eða ekki.

#### II. Kafi

##### Hlutafé félagsins

###### 3. gr. Hlutafé

Hlutafé félagsins er 2.296.436.567 – tveir milljarðar tvö hundruð níutíu og sex milljónir fjögur hundruð þrjátíu og sex þúsund og fimmhundruð sextíu og sjö krónur – og skiptist í jafnmarga hluti.

###### 4. gr. Hækkun og lækkun hlutfjár

Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutfjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Hluthafar hafa forgangsrétt að aukningarhlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutfjár. Þarf þá til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum.

###### 5. gr. Hlutabréf og hlutaskrá

Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Eignarskráning að hlut í verðbréfamiðstöð í samræmi við ákvæði laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa veitir skráðum eiganda hans lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart félaginu skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu.

Sá sem eignast hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum.

Skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá félagsins.

#### 6. gr. Hlutir í félaginu

Engar hömlur eru með viðskipti með hluti í félaginu umfram það sem fram kemur í samþykktum þessum eða leiðir af lögum. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Félagið má eigi veita lán út á hluti í félaginu.

#### 7. gr. Eigin hlutir

Félaginu er heimilt að kaupa og eiga eigin hluti að því marki sem lög heimila. Eigin hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa stjórn. Skal slík heimild eigi veitt til lengri tíma en 18 mánaða hverju sinni.

Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálf.

#### 8. gr. Réttindi og skyldur hluthafa

Hluthafar eru skyldir, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar af þeirra hálfu, að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða síðar kann að verða breytt á lögmætan hátt. Hluthafar verða ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutafjáreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum nema til komi heimild samkvæmt lögum. Hluthafar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir hafi sérstaklega tekist slíka skuldbindingu á hendur.

#### 9. gr. Samskipti við hluthafa

Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að send skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal stjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfum aðgengilegur. Þeir hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta það í samræmi við þær reglur sem stjórn setur.

### III. Kafli

#### Stjórnskipulag

#### 10. gr. Stjórnskipulag félagsins

Með stjórnun félagsins fara:

1. Hluthafafundur.
2. Stjórn félagsins.
3. Forstjóri.

#### IV. kafli

##### Hluthafafundur

###### 11. gr. Réttur til fundarsetu

Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, með þeim takmörkunum sem landslög og samþykktir þessar setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

Rétt til þátttöku á hluthafafundum félagsins hafa allir hluthafar, fulltrúar endurskoðunarfélags þess og forstjóri. Endurskoðendum félagsins er jafnframt skylt að mæta á aðalfund félagsins. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, sem hvorki hefur málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Stjórn félagsins getur boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar.

Einnig getur hluthafi falið umboðsmanni sínum að sækja fyrir sig fund og skal hann þá leggja fram skriflegt og dagsett umboð sem eigi má gilda lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar hvort heldur sem fyrir er.

###### 12. gr. Boðun hluthafafundar

Stjórn félagsins skal boða til hluthafafundar þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 5% hlutfjárins, krefjast þess og greina frá fundarefni. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er komin fram skal stjórn skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því að henni sannanlega barst krafan. Hafi stjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að til fundarins verði boðað skv. 2. mgr. 87. gr. hlutfélagalaga.

Til hluthafafundar skal boðað með skemmst þriggja vikna fyrirvara, lengst fjögurra vikna fyrirvara.

Til hluthafafunda skal stjórnin boða með auglýsingu í dagblöðum eða með rafrænum hætti.

Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunar í fundarboði. Hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin fyrir á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til stjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skulu endanleg dagskrá og endanlegar tillögur, sem koma eiga til atkvæða á fundi félagsins, birtar á vefsíðu félagsins og liggja frammi á skrifstofu þess hluthöfum til sýnis. Sé um aðalfund að ræða skal birta framangreindar upplýsingar tveimur vikum fyrir fundinn hið skemmsta, auk þess að birta ársreikning, skýrslu stjórnar, skýrslu endurskoðanda auk tillagna stjórnar um starfskjarastefnu.

Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félaginu, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn.

###### 13. gr. Aðalfundur

Aðalfund skal halda fyrir lok marsmánaðar ár hvert og skulu þar tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á hinu liðna starfsári.
2. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
3. Tekin ákvörðun um tillögur stjórnarinnar um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs. Skulu tillögur þar að lútandi lagðar fram af stjórn félagsins.
4. Kosið í stjórn félagsins.
5. Kosning endurskoðunarfélags í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarinnar.

7. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
8. Önnur mál.

Stjórn skal gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutfjáreign einstakra hluthafa félagsins og rétt þeirra til að greiða atkvæði, svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu. Sambærilegar upplýsingar skulu liggja fyrir um þau samstæðutengsl sem hlutfélagið er í, eigi það við.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 33,33% hlutfjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um liði 2 og 3 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

#### 14. gr. Lögmæti fundar

Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

#### 15. gr. Fundarstaður og -stjórn

Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur fari fram annars staðar en á heimili félagsins.

Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs, og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

#### 16. gr. Rafræn þátttaka

Stjórn er heimilt að halda hluthafafund með rafrænum hætti, annað hvort að hluta eða öllu leyti. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að halda rafrænan fund að hluta eða öllu leyti og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði.

Upplýsingar um nauðsynlegan tæknibúnað fyrir hluthafa, hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína, hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar hluthafar nálgast leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgangsorð til þátttöku á fundinum og aðrar upplýsingar skulu koma fram í fundarboði. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tiltekinn fjarskiptabúnað undirskrift viðkomandi hluthafa og telst staðfesting á þátttöku hans á fundinum.

Hluthafar sem hyggjast sækja fundinn með rafrænum hætti, sé þess kostur, skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með fimm daga fyrirvara og leggja samtímis fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.

Ef stjórn telur ekki framkvæmanlegt að gefa hluthöfum kost á þátttöku í hluthafafundi með rafrænum hætti skal hluthöfum samt sem áður gefinn kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflaga eða rafrænt. Skal í fundarboði kveðið á um hvernig slík atkvæðagreiðsla verði framkvæmd. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist á heimili félagsins fimm dögum fyrir auglýstan hluthafafund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna á heimili félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði.

#### 17. gr. Atkvæðavægi og -greiðsla

Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutfé. Afl atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða.

Atkvæðagreiðslur á hluthafafundi skulu vera skriflegar ef einhver fundarmanna krefst þess.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á samþykktum þessum verði gildar:

1. Að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta.
2. Að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu.
3. Að takmarka heimildir manna til meðferð á hlutum sínum.
4. Að skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess að um slit félagsins sé að ræða.

#### 18. gr. Fundargerð

Rita skal stutta skýrslu um það er gerist á hluthafafundum í sérstaka gerðabók, einkum allar fundarsamþykktir.

Fundargerðir skulu lesnar upp og bornar undir atkvæði í fundarlok og síðan undirritaðar af fundarstjóra og fundarritara.

### V. Kafli

#### Stjórn félagsins

#### 19. gr. Stjórnarkjör

Stjórn félagsins skipa fimm menn og tveir til vara. Stjórnarmenn skulu fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í hlutafélagalögum og lögum um váttryggingastarfsemi.

Hluthafafundur kýs stjórn með hlutfallskosningu milli einstaklinga og skal kjörtímabil stjórnar vera til næsta aðalfundar. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal.

Gæta skal þess að kynjahlutfall í stjórn og varastjórn sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé aldrei lægra en 40%.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna stjórn um framboð sitt skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund á þar til gerðu eyðublaði. Stjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi með sannanlegum hætti kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Ef ljóst er fimm dögum fyrir hluthafafund að komandi stjórn mun ekki uppfylla skilyrði um kynjahlutföll samkvæmt 3. mgr. 19. gr. samþykktar þessa er sitjandi stjórn heimilt að leita eftir framboðum einstaklinga af því kyni sem hallar á. Hafi frambjóðendur af því kyni sem hallar á ekki boðið sig fram tveimur dögum fyrir hluthafafund skal stjórn boða til framhaldsfundar 3-4 vikum eftir hluthafafund og auglýsa að nýju eftir framboðum. Skal boða til framhaldsfundar svo oft sem þörf krefur til þess að ná kynjahlutfalli skv. 3. mgr. 19. gr. og skal stjórn sitja þar til slíku kynjahlutfalli er náð.

Náist kynjahlutföll 3. mgr. 19. gr. ekki við kosningu stjórnar á hluthafafundi skal sá er fékk flest atkvæði af þeim sem náðu ekki kjöri, og er af því kyni sem hallar á, taka sæti þess er fæst atkvæði fékk af þeim sem náðu kjöri, og er af fjölmennara kyninu. Hafi slík kynjahlutföll ekki enn náðst skal sá er fékk næstflest atkvæði af þeim sem náðu ekki kjöri, og er af því kyni sem hallar á, taka sæti þess er næstfæst atkvæði fékk af þeim sem náðu kjöri, og er af fjölmennara kyninu.

#### 20. gr. Skyldur og valdheimildir stjórnar

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni.

Stjórn skal hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og eftirlit með því að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal tryggja að félagið sé rekið á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni váttrygðra, váttryggingartaka, hluthafa og alls samfélagsins að leiðarljósi.

Stjórn veitir prókúruumboð. Undirskrift þriggja stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.

Stjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um starfa hennar, sbr. lög um hlutafélög og lög um váttryggingastarfsemi.

#### 21. gr. Fundir stjórnar

Fundir stjórnar eru ályktunarbærir ef meiri hluti stjórnarmanna sækir þá. Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með fjarskiptabúnaði.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórn skal halda fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

#### 22. gr. Verkaskipting stjórnar

Stjórn félagsins kys sér formann úr sínum hópi, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum eins og þurfa þykir.

Stjórn skal útbúa og staðfesta á stjórnarfundum starfsáætlun stjórnar fyrir næsta reikningsár félagsins. Þar skal m.a. kveðið á um reglulega fundi stjórnar. Stjórnarformanni er skylt að boða til stjórnarfundar ef einn stjórnarmaður, forstjóri eða endurskoðunarfélag félagsins krefst þess.

Varamenn taka sæti í stjórn félagsins í forföllum aðalmanna samkvæmt ákvæðum í starfsreglum stjórnar.

#### 23. gr. Forstjóri

Stjórn félagsins ræður forstjóra fyrir félagið og setur honum erindisbréf.

Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn.

Forstjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Forstjóri ræður starfsmenn félagsins, segir þeim upp og fjallar um launakjör þeirra.

### VI. Kaffi

#### **Reikningshald, endurskoðun, arðsúthlutun og varasjóðir, félagsslit og breyting samþykkt**

#### 24. gr. Reikningshald

Ársreikningur skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings. Einnig skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi myndar eina heild. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningur ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi til afhendingar á heimili félagsins eftir samþykkt hans á aðalfundi.



#### 25. gr. Endurskoðun

Ársreikningur félagsins skal endurskoðaður af endurskoðanda. Aðalfundur kýs endurskoðendur eða endurskoðunarfélag. Sé félagið hluti félagasamstæðu skal endurskoðandi vera sameiginlegur fyrir samstæðuna í heild. Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður váttryggingafélags eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun. Hann má ekki vera skuldugur félaginu, hvorki sem skuldari né ábyrgðarmaður, og sama gildir um maka hans.

Endurskoðendur skulu jafnan hafa aðgang að öllum bókum og skjölum félagsins. Um framkvæmd endurskoðunar félagsins, m.a. varðandi hæfi og starfsskyldur endurskoðenda vísast til laga váttryggingastarfsemi og laga um ársreikninga.

#### 26. gr. Arðsúthlutun og varasjóðir

Aðalfundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs og greiðslur í varasjóð að fenginni tillögu stjórnar um ráðstöfun ágóðans. Aðalfundur tekur sömuleiðis ákvörðun um hvernig mæta skuli halla að fenginni tillögu stjórnar.

Óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykkt úthlutunar.

#### 27. gr. Félagsslit

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi samkvæmt XIII. kafla hlutafélagalaga og ákvæðum laga um váttryggingastarfsemi.

Þegar tekin er ákvörðun um frjáls slit félagsins skal leggja fyrir Fjármálaeftirlitið greinargerð um óuppgerðar váttryggingaskuldbindingar félagsins og á hvern hátt ætlunin sé að ljúka þeim.


Um félagsslitin að öðru leyti fer samkvæmt viðeigandi ákvæðum hlutafélagalaga og ákvæðum laga um váttryggingastarfsemi.

#### 28. gr. Breyting á samþykktum félagsins

Samþykktum félagsins má einungis breyta á löglegum hluthafafundi félagsins, enda sé þessi getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst í meginatriðum. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, sbr. þó ákvæði í lögum um hlutafélög sem leggja ríkari kröfur á samþykki fyrir breytingum á samþykktum.

Þannig samþykkt í Reykjavík, 16. mars 2016.

F.h. stjórnar Váttryggingafélags Íslands hf.

  
Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri



# Vátryggingafélag Íslands hf.

---

Ársreikningur samstæðu

---

**2015**

Vátryggingafélag Íslands hf.  
Ármúla 3  
108 Reykjavík  
Kt. 690689-2009

---

# Vátryggingafélag Íslands hf.

---

Ársreikningur samstæðu

---

## 2015

### **Efnisyfirlit**

|  |      |
|--|------|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra    | 2-3  |
| Áritun óháðs endurskoðanda                     | 4    |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 5    |
| Efnahagsreikningur                             | 6    |
| Eiginfjáryfirlit                               | 7    |
| Sjóðstreymisyfirlit                            | 8    |
| Skýringar                                      | 9-34 |

---

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Samstæðureikningur Vátryggingafélags Íslands hf. („félagið“ eða "VÍS") fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingastarfsemi og fjárfestingum. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess Líftryggingafélags Íslands hf. sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“.

## Rekstur

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður samstæðunnar á árinu 2015 2.076 milljónum króna (2014 nam hagnaðurinn 1.240 milljónum króna). Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 44.874 (2014: 46.330) milljónum króna og bókfært eigið fé nam í árslok 17.552 (2014: 19.180) milljónum króna. Á árinu 2015 var meðalföldi stöðugilda 191 hjá félaginu (2014: 195).

Í lok árs 2015 breytti félagið um reikningsskilaaðferð við mat á vátryggingaskuld í tengslum við innleiðingu á löggjöf um vátryggingastarfsemi, Solvency II sem taka mun gildi hér á landi snemma árs 2016. Uppataka nýrrar löggjafar þýðir meðal annars að áhætta í rekstri félagsins er nú mæld með öðrum hætti en áður. Þessi breyting hefur í för með sér áhrif á stöðu eigin fjár, vátryggingaskuldar og tekjuskatts og eru rekstrarreikningur ársins 2014 og efnahagsreikningar árána 2013 og 2014 lagðir að breytingunni. Vátryggingaskuld í ársbyrjun 2014 lækkar um 5.001 milljón króna og eigið fé hækkar um 3.694 milljónir króna vegna þessa, en nánar er fjallað um breytingarnar í skýringu 4.

Í árslok var gert virðispróf á fjárfestingu félagsins í nýju hugbúnaðarkerfi. Ástæður þessa eru m.a. að innleiðingartími og kostnaður við kerfið hefur reynst umtalsvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Væntingar eru um rekstrarhagræði af kerfinu í samanburði við núverandi hugbúnaðarkerfi, en þó ekki í þeim mæli sem reiknað var með við kaup þess. Félagið hefur á síðastliðnum árum unnið að viðamiklum endurbótum á innri ferlum sínum til að auka skilvirkni á sama tíma og unnið hefur verið að innleiðingu kerfisins. Niðurstaða virðisprófsins leiddi til þess að kerfið var fært niður að fullu. Niðurfærslan nam 1.430 milljónum króna. Áhrif á gjaldþol félagsins og arðgreiðslumöguleika eru engin. Virðisrýrnunin hefur ekki áhrif á fyrirhugaða nýtingu félagsins á hugbúnaðinum sem nú er áætlað að verði tekinn í notkun um mitt ár 2016.

Félagið sendi frá sér tilkynningu þann 18. janúar 2016 þess efnis að gengið hefði verið til samninga um útgáfu og sölu á víkjandi skuldabréfum að nafnverði 2.500 milljónir króna. Hin nýju skuldabréf eru vaxtagreiðslubríf og bera 5,25% fasta verðtryggða vexti. Skuldabréfin eru til 30 ára en í bréfunum er uppgreiðsluheimild og þrepahækkun í vöxtum upp í 6,25% eftir 10 ár. Útgáfan mun tilheyra eiginfjárþætti 2 (Tier 2) sem miðar að því að gera fjármagnsskipan félagsins sem hagkvæmasta. Nánar er sagt frá útgáfunni í skýringu 30 í ársreikningnum.

## Hlutfé og samþykktir

Skráð hlutfé félagsins nam í lok ársins 2.438 milljónum króna, og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Hlutféð er í einum flokki sem skráður er á Nasdaq Iceland. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda.

Félagið keypti eigin hluti á árinu 2015 í samræmi við endurkaupaáætlanir félagsins. Voru á árinu alls keyptir 142 milljón hlutir fyrir 1.216 milljónir króna og á félagið nú 5,83% hlutafjár. Framkvæmd endurkaupaáætlunar lauk 30. nóvember 2015 og hafa engir eigin hlutir verið keyptir síðan.

Hluthafar voru 1.067 í ársbyrjun og 989 í árslok.

Stjórn félagsins mun á aðalfundi leggja til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 2,17 á hlut fyrir árið 2015, eða um 5.000 milljónir króna. Að öðru leyti er vísað í ársreikninginn um breytingar á eigin fé samstæðunnar og ráðstöfun hagnaðar.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Tíu stærstu hluthafar í árslok voru:

| <b>Nafn hluthafa</b>              | <b>Eignarhlutur</b> |
|-----------------------------------|---------------------|
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna     | 9,3%                |
| Stefnir - ÍS 15                   | 7,7%                |
| Gildi - lífeyrissjóður            | 6,6%                |
| Virðing safnreikningur            | 5,7%                |
| Óskabein ehf.                     | 5,5%                |
| Lífeyrirssj. starfsm.rík. A-deild | 5,0%                |
| Stapi lífeyrissjóður              | 2,5%                |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn       | 2,5%                |
| Steinunn Margrét Tómasdóttir      | 2,5%                |
| Kvika banki hf.                   | 2,4%                |

## Stjórnarhættir

Um stjórnarhætti váttryggingafélaga er fjallað í lögum um váttryggingastarfsemi, lögum um hlutafélög, samþykktum og starfsreglum stjórnar félagsins. VÍS hefur fylgt framangreindu en auk þess telur stjórn VÍS stjórnarhætti félagsins í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja að því undanskildu að stjórn hefur ekki skipað sérstaka tilnefningarnefnd. Í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og lög um ársreikninga hefur stjórn félagsins útbúið stjórnarháttayfirlýsingu sem birt verður í ársskýrslu félagsins og sem fylgir með ársreikningi.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

- Að lögum og reglum sé fylgt í hvívetna (markmið um reglufylgni).

## 27.13 Samsett hlutfall og rekstrarhlutfall

Samsett hlutfall sýnir samanlagðan tjónakostnað, rekstrarkostnað og endurtryggingakostnað sem hlutfall af iðgjöldum ársins. Rekstrarhlutfall reiknast eins og samsett hlutfall að öðru leyti en því að í nefnara bætast fjárfestingartekjur og aðrar tekjur af váttryggingarekstri við iðgjöld ársins. Tjónakostnaður, rekstrarkostnaður og endurtryggingakostnaður reiknast sem hlutföll af iðgjöldum ársins.

Hlutföll vegna 2014 og 2015 eru reiknuð samkvæmt aðferðum Solvency II og lýst er hér að ofan. Hlutföll vegna fyrri ára eru reiknuð í samræmi við eldri löggjöf.

Eftirfarandi tafla sýnir samsett hlutfall, rekstrarhlutfall og aðrar helstu lykiltölur váttryggingarekstrar síðastliðin fimm ár. Lífís varð hluti af samstæðunni 1. apríl 2012.

|   | 2015          | 2014          | 2013         | 2012         | 2011          |
|---|---------------|---------------|--------------|--------------|---------------|
| Eigið tjónahlutfall .....                           | 79,4%         | 82,4%         | 75,5%        | 75,6%        | 83,0%         |
| Tjónahlutfall .....                                 | 76,7%         | 80,4%         | 78,7%        | 73,6%        | 82,1%         |
| Rekstrarkostnaðarhlutfall .....                     | 21,5%         | 21,4%         | 21,4%        | 21,6%        | 20,9%         |
| Endurtryggingakostnaðarhlutfall .....               | 3,3%          | 2,7%          | -2,3%        | 3,3%         | 3,1%          |
| <b>Samsett hlutfall .....</b>                       | <b>101,5%</b> | <b>104,5%</b> | <b>97,8%</b> | <b>98,5%</b> | <b>106,1%</b> |
| Fjárfestingateknahlutfall .....                     | 6,9%          | 6,4%          | 7,3%         | 6,8%         | 5,9%          |
| Hlutfall annarra tekna af váttryggingarekstri ..... | 1,0%          | 1,0%          | 1,0%         | 0,8%         | 0,7%          |
| <b>Rekstrarhlutfall .....</b>                       | <b>94,1%</b>  | <b>97,3%</b>  | <b>90,3%</b> | <b>91,6%</b> | <b>99,5%</b>  |

## 28. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar, eða félög í þeirra eigu, sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint. Tengdir aðilar eru fyrrum móðurfélag, stórir hluthafar, stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda stjórnar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra, sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Gerð er grein fyrir launum og hlunnindum stjórnenda í skýringu 10.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

|                                 | Tekjur        | Gjöld         | Eignir        | Skuldir  |
|---------------------------------|---------------|---------------|---------------|----------|
| <b>2015</b>                     |               |               |               |          |
| Tengd félög .....               | 3.033         | 6.983         | 12.022        | 0        |
| Stjórn og lykilstarfsmenn ..... | 5.220         | 2.240         | 72            | 0        |
|                                 | <u>8.253</u>  | <u>9.223</u>  | <u>12.094</u> | <u>0</u> |
| <b>2014</b>                     |               |               |               |          |
| Tengd félög .....               | 16.352        | 26.821        | 16.601        | 0        |
| Stjórn og lykilstarfsmenn ..... | 3.633         | 737           | 437           | 0        |
|                                 | <u>19.986</u> | <u>27.557</u> | <u>17.037</u> | <u>0</u> |

## 29. Ábyrgðir og önnur mál

Samstæðan hefur gert húsaleigusamninga á ýmsum stöðum á landinu. Greiðslubrýði samstæðunnar vegna húsaleigusamninga eru í árslok 2015 18 milljónir króna á mánuði og heildar skuldbindingin er 427 milljónir króna. Samningar þessir eru tímabundnir leigusamningar og gilda til 2017-2019.

Samkvæmt samningum þessum eru leigugreiðslur næsta árs 222 milljónir króna og á árunum 2017-2019 eru þær 204 milljónir króna.

Greidd leiga vegna þessara samninga á árinu 2015 var 215 milljónir króna og á árinu 2014 var hún 212 milljónir króna.

### Samkomulag um niðurfellingu máls slitastjórnar SPRON gegn VÍS

Eins og greint var frá í útgefandalýsingu VÍS 2013, höfðaði slitastjórn SPRON mál á hendur VÍS með stefnu dagsettri þann 18. júlí 2012, þar sem meðal annars var krafist riftunar á endurgreiðslu SPRON þann 31. október 2008 á 2 milljarða króna peningamarkaðsláni sem VÍS veitti SPRON í september 2008. Í lýsingu kemur jafnframt fram að Klakki ehf. fyrrum eigandi VÍS ákvað að halda VÍS skaðlausu af tjóni vegna dómsmálsins. Í því skyni skuldbatt Klakki sig til að auka eigið fé VÍS um allt að 3,5 milljarða króna í því skyni að niðurstaða dómsmálsins hefði ekki áhrif á virði hlutabréfa félagsins („áskriftarskuldbinding“).

Þróun málsins hefur síðan verið rakin í ársreikningum og árs hlutareikningum VÍS.

Í febrúar 2015 komust SPRON og VÍS að samkomulagi um niðurfellingu málsins. Með samkomulaginu féllust samningsaðilar á að þeir ættu engar frekari kröfur á hendur hvor öðrum hverju nafni sem þær kunna að nefnast. Enginn kostnaður fellur á VÍS vegna samkomulagsins fyrir utan eigin málskostnað.

Stjórn VÍS samþykkti að leysa Klakka ehf. undan áskriftarforðri sínu og bankaábyrgð í tengslum við skaðleysi VÍS af SPRON málinu í framhaldi af samkomulaginu.

## 30. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Félagið sendi frá sér tilkynningu þann 18. janúar 2016 þess efnis að gengið hefði verið til samninga við Arctica Finance hf. vegna útgáfu og sölu á víkjandi skuldabréfum að nafnverði 2.500 milljónir króna.

Hin nýju skuldabréf eru vaxtagreiðslubríf og bera 5,25% fasta verðtryggða vexti. Skuldabréfin eru til 30 ára en í bréfunum er uppgreiðsluheimild og þrepahækkun í vöxtum upp í 6,25% eftir 10 ár. Útgáfan mun tilheyra eiginfjárfætti 2 (Tier 2) sem miðar að því að gera fjármagnsskipan félagsins sem hagkvæmasta.

Arctica Finance hefur nú þegar skuldbundið sig gagnvart félaginu til að kaupa heildarvirði skuldabréfaútgáfunnar fyrir hönd fjárfesta. Engu að síður mun félagið í samvinnu við Arctica Finance halda lokað skuldabréfaútbod í þeim tilgangi að bjóða lífeyrissjóðum, verðbréfasjóðum og öðrum fagfjárfestum að fjárfesta í skuldabréfunum. Skuldabréfin verða gefin út þann 29. febrúar 2016 og stefnt er að töku þeirra til viðskipta í Kauphöll síðar á árinu. Áætlað Solvency II gjaldþolshlutfall félagsins í lok árs 2015 eftir útgáfu víkjandi skuldabréfs og arðgreiðslu er 1,55.

## 31. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir:

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum af öllum félögum í samstæðunni. Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem gilda fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2015, Evrópusambandið hefur staðfest og eiga við um starfsemi hennar. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast eftir 1. janúar 2015, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil samstæðunnar hafa ekki verið metin.

Til að auka upplýsingagildi ársreikningsins eru skýringar við hann birtar á grundvelli þess hversu viðeigandi og mikilvægar þær eru fyrir lesendur hans. Því eru upplýsingar sem hvorki eru metnar mikilvægar né viðeigandi fyrir notendur ársreikningsins ekki birtar í skýringum.



## 31.1 Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar innifelur ársreikning móðurfélagsins og dótturfélags þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Samstæðan fer með yfirráð þegar hún ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félagi og getur haft áhrif á arðsemina vegna yfirráða sinna. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með yfirtökudegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Í samstæðureikningnum eru birtar tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og því er viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til samræmis við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Þegar eignarhald móðurfélags á dótturfélagi er minna en 100% er færð hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

## 31.2 Dótturfélög

Kaup á dótturfélögum eru færð samkvæmt kaupaðferð. Samkvæmt kaupaðferð eru eignir, skuldir og eiginfjárgæringar útgefnir af samstæðunni, sem látin eru í skiptum fyrir yfirráð í keyptu félagi, metnar til gangvirðis á yfirtökudegi. Kostnaður tengdur kaupunum er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Ef kaupin fela í sér óvissa greiðslu er eignin eða skuldin sem tengist kaupunum metin á gangvirði á kaupdegi. Síðari breytingar á gangvirði slíkra eigna og skulda eru færðar til jöfnunar á kostnaði tengdum kaupunum þar sem þær uppfylla skilyrði um leiðréttingu á tímabilinu. Allar aðrar síðari breytingar á gangvirði óvissra eigna og skulda eru færðar í samræmi við viðeigandi staðla. Ekki eru færðar breytingar á óvissum greiðslum flokkuðum meðal eigin fjár.

## 31.3 Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast við sameiningar er færð til eignar þann dag sem félagið nær yfirráðum í keyptu félagi. Viðskiptavild er mismunur á kaupverði dótturfélags og hlutdeild í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á yfirtökudegi. Viðskiptavild er ekki afskrifuð heldur metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar eða oftast ef visbendingar eru um virðisrýrnun. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs er viðskiptavildinni skipt niður á fjárskapandi einingar. Þær fjárskapandi einingar sem viðskiptavildinni hefur verið úthlutað á eru prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og ef bókfært verð er herra en virði þeirra hefur virðisrýrnun átt sér stað. Hafi virðisrýrnun átt sér stað er viðskiptavild fyrst færð niður og síðan aðrar eignir sem tilheyra viðkomandi einingu. Óheimilt er að bakfæra áður færða virðisrýrnun viðskiptavilda á síðari tímabilum.

## 31.4 Viðskiptasambönd

Viðskiptasambönd sem urðu til við yfirtöku á rekstri, eru afskrifuð á áætluðum nýtingartíma, 10 árum.

## 31.5 Tekjur

### *Iðgjöld*

Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári en að frádrögnum iðgjöldum til næsta árs sem færast sem iðgjaldaskuld. Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar váttryggingaáhættu sem ekki er útrunninn.

### *Arður og vaxtatekjur*

Arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem arðsréttur hefur stofnast.

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirdir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

## 31.6 Gjöld af váttryggingastarfsemi

Gjaldfærð tjón í rekstrarreikningi eru tjón sem urðu á árinu ásamt endurmati tjóna vegna fyrri ára. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð tilkynnta óuppgerðra tjóna auk tryggingafræðilegrar áætlunar fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum.

## 31.7 Vátryggingasamningar

Félagið gefur út samninga sem flytja bæði vátryggingalega og fjármálalega áhættu frá viðskiptavinum til þess.

### *Skilgreining vátryggingasamninga*

Með vátryggingasamningi tekur vátryggiandinn að sér að bæta vátrygðum fjárhagslegar afleiðingar vátryggingaáburðar sem kveðið er á um í vátryggingaskilmálum.

Vátryggingaáburðurinn er óviss, ekki er vitað hvort hann verður eða hvenær og oftast er ekki vitað hverjar fjárhagslegar afleiðingar hans verða ef til hans kemur.

### *Flokkun vátrygginga*

Vátryggingasamningar sem teljast til skaðatrygginga eru á sviði ábyrgðartrygginga, slysatrygginga og eignatrygginga, þar með talið sjó- og farmtryggingar.

Ábyrgðartryggingar vernda viðskiptavini félagsins gegn þeirri áhættu að valda þriðja aðila fjárhagslegu tjóni eða afleiddu tjóni vegna lögmætrar starfsemi.

Slysatryggingar bæta vátrygðum eigin skaða í samræmi við skilmála.

Eignatryggingar greiða bætur til viðskiptavina samstæðunnar vegna tjóns eða taps á eignum. Viðskiptavinir í atvinnurekstri geta einnig átt kröfu um bætur vegna tapaðs hagnaðar verði hinar tryggðu eignir fyrir tjóni, þannig að atvinnureksturinn dragist saman eða falli niður tímabundið.

Líftryggingar taka til mannlægs lífs, til dæmis dauða og þess að lifa út vátryggingatímamann. Iðgjöld teljast til tekna á því tímabili sem vátryggingasamningurinn gildir og bætur eru gjaldfærðar á því tímabili sem tjónið verður.

### *Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka*

Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka eru fjáreignir í eigu félagsins sem vátryggingatakar í söfnunarlíftryggingum hafa valið og bera fjárfestingaráhættu af samkvæmt skilmálum söfnunarlíftrygginga. Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka er skuldbinding félagsins gagnvart vátryggingatökunum að sömu fjárhæð.

### *Vátryggingaskuld*

Samstæðan metur í lok reikningsárs hvort tilfærð vátryggingaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar samstæðunnar vegna gerðra vátryggingasamninga með því að meta framtíðar fjárflæði vátryggingaskuldar. Allar breytingar á vátryggingaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi. Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar.

### *Endurtryggingasamningar*

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggingasamningar eru ýmist hlutfallslegir eða bera alla áhættu fari tjónsatburður umfram fyrirfram umsamda tjónsfjárhæð.

Kröfur á endurtryggjendur vegna iðgjalda og tjóna eru færðar sem endurtryggingaeignir. Þar er um að ræða kröfur vegna hlutdeildar þeirra í tjónnum samkvæmt endurtrygðum vátryggingasamningum og hlutdeild í iðgjaldaskuld. Skuldbindingar vegna endurtrygginga eru hlutdeild þeirra í iðgjöldum vegna endurtryggingasamninga sem gjaldfærð er í rekstrarreikningi við endurnýjun endurtryggingasamninga.

## 31.8 Erlendir gjaldmiðlar

Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

## 31.9 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

## 31.10 Tekjuskattar

Gjaldfærðir tekjuskattar samanstanda af tekjusköttum til greiðslu og frestuðum tekjusköttum.

### *Tekjuskattar til greiðslu*

Tekjuskattar til greiðslu eru tekjuskattar sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjusköttum til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður er að jafnaði annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaðir tekjuskattar miðast við gildandi skatthlutföll á reikningskiladegi.

### *Frestaðir tekjuskattar*

Frestaðir tekjuskattar stafa af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattsstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil hennar. Frestaðir tekjuskattar eru ekki færðir vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarbær. Frestaðir tekjuskattar miðast við gildandi skatthlutfall á reikningskiladegi.

Skatteign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Frestaðir tekjuskattar eru gjaldfærðir í rekstrarreikningi nema þegar þeir tengjast liðum sem færðir eru beint á eigið fé en þá eru þeir einnig færðir þar.

## 31.11 Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Rekstrarfjármunir eru færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Rekstrarfjármunir eru færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

Hagnaður vegna sölu rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

## 31.12 Hugbúnaður

Hugbúnaður er eignfærður á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð hugbúnaðar samanstendur af kaupverði hans og öllum beinum kostnaði við að koma honum í notkun. Hugbúnaður er afskrifaður línulega á 3 til 10 árum frá því hann er tekinn í notkun.

## 31.13 Fjáreignir

Fjáreignir samstæðunnar skiptast í fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, fjáreignir haldið til gjalddaga og lán og kröfur. Fjáreignir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald að teknu tilliti til viðskiptakostnaðar þegar um er að ræða fjármálagerninga sem ekki eru færðir á gangvirði eftir upphaflega skráningu. Eftir upphaflega skráningu eru fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning færðar á gangvirði en fjáreignir haldið til gjalddaga og lán og kröfur eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði í samræmi við aðferð virkra vaxta.

Fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga eru færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði á viðskiptadegi þegar samstæðan hefur gert samning um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekins tíma. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á gangvirði.

Gangvirði er verð í venjubundnum viðskiptum með eign eða skuld á matsdegi. Nánar tiltekið er gangvirði eigna það verð sem fengist við sölu eigna en gangvirði skulda það verð sem greitt væri fyrir yfirfærslu skuldar í hefðbundnum viðskiptum markaðsaðila.

## 31.13 Fjáreignir (frh.)

### *Virkir vextir*

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla vaxtaberandi fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

### *Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning*

Fjáreignir eru flokkaðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning þegar tilgangurinn er að hagnast á skammtímabreytingum. Sama á við um allar aðrar fjáreignir sem samstæðan tilgreinir á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Gangvirðisbreyting fjárfestinga í verðbréfum samanstendur af breytingum á gangvirði, arðstekjum, vaxtatekjum og verðbótum.

Fjáreign má tilgreina sem fjáreign á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- fjáreignin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við skráða stefnu samstæðunnar við áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- fjáreignin er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og heimilt er að allur samsetti fjármálagerningurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

### *Fjárfestingar til gjalddaga*

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjárfestingar til gjalddaga þegar samstæðan á fjárfestingar í skuldabréfum, og hefur fyrirætlanir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

### *Lán og kröfur*

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkuð sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánnum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti.

### *Virðisrýrnun fjáreigna*

Á reikningsskiladegi er bókfært verð fjáreigna, annarra en fjáreigna á gangvirði gegnum rekstrarreikning, metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð, þó aldrei umfram áður færða lökkun.

Eignasafn fjáreigna er metið til virðisrýrnunar ef einstakar eignir eru þess eðlis að þær verði ekki metnar hver fyrir sig.

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Fjáreign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlæg vísbendingar eru um að atburður hafi átt sér stað, eftir upphaflega skráningu eignarinnar, sem leiðir til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið og hægt er að meta áhrif atburðarins með áreiðanlegum hætti.

Við mat á virðisrýrnun einstakra flokka fjáreigna styðst félagið við sögulega reynslu af slíkum eignum, þá dagsetningu sem hægt væri að endurheimta tapið og fjárhæð taps, með tilliti til mats stjórnenda á hvort núverandi efnahags- og lánasamstæður leiði til að tapið verði í raun hærra eða lægra en söguleg reynsla segir til um.

## 31.13 Fjáreignir (frh.)

### *Afskráning fjáreigna*

Samstæðan afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annan aðila.

## 31.14 Virðisrýrnun annarra eigna

Á reikningsskiladegi fara stjórnendur yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna í þeim tilgangi að kanna hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspeglja mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

Óefnislegar eignir með óskilgreindan endingartíma og óefnislegar eignir sem eru ekki tilbúnar til notkunar eru á hverju ári prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og oftast ef vísbending er um virðisrýrnun.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færirst í rekstrarreikning. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

## 31.15 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Fjárhæð skuldbindingar er byggð á besta mögulega mati á skuldinni sem er fyrirbyggjandi á reikningsskiladegi. Ef skuldbindingin er metin út frá áætluðu framtíðarsjóðstreymi er hún færð miðað við núvirt áætlað sjóðstreymi.

Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er fjárhæð hennar færð til eignar.

## 31.16 Fjárskuldir og eiginfjárgerningar

### *Flokkun í skuldir og eigið fé*

Skuldir og eiginfjárgerningar eru flokkaðir sem fjárskuldir eða eigið fé, eftir eðli samnings.

### *Eiginfjárgerningar*

Eiginfjárgerningur er hvers konar samningur sem felur í sér eftirstæða hagsmuni í eignum félags eftir að allar skuldir hans hafa verið dregnar frá.

### *Ábyrgðarskuldbindingar*

Ábyrgðarskuldbindingar vegna fjárskulda eru upphaflega færðar á gangvirði. Við síðara mat eru aðrar ábyrgðarskuldbindingar, en þær sem flokkaðar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning, færðar við því sem hærra reynist:

- fjárhæð undirliggjandi skuldar sem metin er í samræmi við IAS 37 - *Skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*,
- fjárhæð upphaflegs samnings að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum í samræmi við reglur um skráningu tekna.

### *Fjárskuldir*

Fjárskuldir samstæðunnar samanstanda af viðskiptaskuldum og öðrum skuldum. Fjárskuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði og eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar samstæðunnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla út gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

# Vátryggingafélag Íslands hf.

---

Ársreikningur samstæðu

---

**2014**

Vátryggingafélag Íslands hf.  
Ármúla 3  
108 Reykjavík  
Kt. 690689-2009

---

# Vátryggingafélag Íslands hf.

---

Ársreikningur samstæðu

---

## 2014

### **Efnisyfirlit**

|  |      |
|--|------|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra    | 2-3  |
| Áritun óháðs endurskoðanda                     | 4    |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 5    |
| Efnahagsreikningur                             | 6    |
| Eiginfjáryfirlit                               | 7    |
| Sjóðstreymisyfirlit                            | 8    |
| Skýringar                                      | 9-31 |

---

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samstæðureikningur Vátryggingafélags Íslands hf. („félagið“ eða "VÍS") fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingastarfsemi og fjárfestingum. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess Líftryggingafélags Íslands hf. sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“.

## Rekstur

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður samstæðunnar á árinu 2014 1.710 milljónum króna (2013 nam hagnaðurinn 2.154 milljónum króna). Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 46.466 (2013: 46.368) milljónum króna og bókfært eigið fé nam í árslok 15.956 (2013: 16.624) milljónum króna. Á árinu 2014 var meðalfjöldi stöðugilda 195 hjá félaginu (2013: 210).

## Hlutfé og samþykktir

Skráð hlutfé félagsins nam í lok ársins 2.502 milljónum króna, og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Hlutféð er í einum flokki sem skráður er á Nasdaq OMX Nordic Exchange. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda.

Félagið keypti eigin hluti á árinu 2014 í samræmi við endurkaupaáætlanir félagsins. Þann 13. maí 2014 var sett af stað fyrri endurkaupaáætlunin en samkvæmt henni voru keyptir 55 milljón hlutir sem greiddar voru 463 milljónir króna fyrir, og lauk þeirri áætlun 21. nóvember 2014. Þann 28. nóvember 2014 var síðan tilkynnt um nýja endurkaupaáætlun um að kaupa allt að 55 milljón hluti til viðbótar fyrir að hámarki 500 milljónir króna. Á árinu 2014 keypti félagið alls 64 milljón hluti fyrir 547 milljónir króna. Nú hefur félagið keypt alls 73 milljón hluti sem það hefur samtals greitt 631 milljón króna fyrir og á félagið í dag 2,93% hlutafjár. Framkvæmd endurkaupaáætlunar lýkur á aðalfundardegi félagsins 2015.

Hluthafar voru 1.303 í ársbyrjun og 1.067 í árslok.

Tíu stærstu hluthafar í árslok voru:

| <b>Nafn hluthafa</b>                | <b>Eignarhlutur</b> |
|-------------------------------------|---------------------|
| Lífeyrissjóður verslunarmanna       | 9,9%                |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins | 9,7%                |
| Stefnir - ÍS 15                     | 6,8%                |
| Gildi lífeyrissjóður                | 6,1%                |
| Hagamelur ehf.                      | 5,4%                |
| Stapi lífeyrissjóður                | 3,7%                |
| Virðing safnreikningur              | 3,6%                |
| SNV Holding ehf.                    | 3,1%                |
| Stefnir - ÍS 5                      | 2,8%                |
| Steinunn Margrét Tómasdóttir        | 2,5%                |

Stjórn félagsins mun á aðalfundi leggja til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 1,03 á hlut fyrir árið 2014. Heildarfjárhæð arðsins er um 2.500 milljónir króna. Að öðru leyti er vísað í ársreikninginn um breytingar á eigin fé samstæðunnar og ráðstöfun hagnaðar.



# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

## Stjórnarhættir

Um stjórnarhætti váttryggingafélaga er fjallað í lögum um váttryggingastarfsemi, lögum um hlutafélög, samþykktum og starfsreglum stjórnar félagsins. VÍS hefur fylgt framangreindu en auk þess telur stjórn VÍS stjórnarhætti félagsins í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja að því undanskildu að stjórn hefur ekki skipað sérstaka tilnefningarnefnd. Í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og lög um ársreikninga hefur stjórn félagsins útbúið stjórnarháttayfirlýsingu sem birt verður í ársskýrslu félagsins og sem fylgir með ársreikningi.

## Ný váttryggingalöggjöf

Félagið vinnur að innleiðingu á væntanlegri váttryggingalöggjöf, Solvency II, sem er samræmd á Evrópska efnahagssvæðinu og tekur gildi frá og með 1. janúar 2016. Löggjöfin felur meðal annars í sér umtalsverða breytingu á því hvernig áhætta í starfsemi váttryggingafélaga er mæld og hvernig gjaldþol og gjaldþolskrafa eru ákvörðuð. Gjaldþolskrafan er áhættumiðað mat á þeirri áhættu sem felst í rekstri félagsins, váttryggingastofni og eignasafni. Meginbreyting á reiknuðu gjaldþoli eftir Solvency II felst í að staða váttryggingaskuldar umfram varfærnislegt mat telst til gjaldþols þó að frádrægnum tekjusköttum. Þetta hefur í för með sér að gjaldþol félagsins reiknast hærra samkvæmt Solvency II en samkvæmt gildandi reglum. Félagið hefur reiknað gjaldþol og gjaldþolskröfu miðað við árslok 2014 og nemur gjaldþol samkvæmt Solvency II 15,0 milljörðum króna, gjaldþolskrafan er 9,1 milljarður króna og gjaldþolshlutfallið 1,65. Í útreikningunum er gert ráð fyrir arðgreiðslu á árinu 2015 að fjárhæð 2,5 milljörðum króna. Þessi útreikningur miðast jafnframt við þær forsendur og upplýsingar sem liggja fyrir um væntanlega löggjöf.

Samhliða innleiðingu á löggjöfinni er unnið að því að setja félaginu ný markmið um gjaldþolskröfu, gjaldþol og arðgreiðslustefnu. Félagið mun upplýsa um niðurstöður þessarar vinnu þegar henni er lokið og allar nauðsynlegar upplýsingar um nýja löggjöf liggja fyrir.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðureikningur Váttryggingafélags Íslands hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2014 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2014. Jafnframt er það álit okkar að samstæðureikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við. Frekari upplýsingar sem tengjast áhættustýringu má finna í skýringum 26.3-26.13 í ársreikningnum.

Stjórn og forstjóri Váttryggingafélags Íslands hf. hafa í dag farið yfir samstæðureikning félagsins fyrir árið 2014 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 26. febrúar 2015

## Í stjórn

Friðrik Hallbjörn Karlsson  
stjórnarformaður

Guðrún Þorgeirsdóttir  
varaformaður

Steinar Þór Guðgeirsson

Helga Jónsdóttir

Ásta Dís Óladóttir

## Forstjóri

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Vátryggingafélags Íslands hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur Vátryggingafélags Íslands hf. gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2014, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 26. febrúar 2015

**KPMG ehf.**

Hlynur Sigurðsson

Sæmundur Valdimarsson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2014

|  | Skýr. | 2014                | 2013                |
|--|-------|---------------------|---------------------|
| Iðgjöld ársins .....                             |       | 16.022.802          | 16.090.039          |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum .....     |       | (602.789)           | (642.770)           |
| <b>Eigin iðgjöld</b>                             | 7     | <u>15.420.013</u>   | <u>15.447.269</u>   |
| <br>   |       |                     |                     |
| Fjármunatekjur .....                             | 8     | 654.142             | 492.330             |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna .....             | 8     | 1.784.816           | 2.138.399           |
| <b>Fjárfestingatekjur</b>                        |       | <u>2.438.958</u>    | <u>2.630.729</u>    |
| <br>   |       |                     |                     |
| Aðrar tekjur .....                               |       | 163.429             | 154.782             |
| <b>Heildartekjur</b>                             |       | <u>18.022.400</u>   | <u>18.232.781</u>   |
| <br>   |       |                     |                     |
| Tjón ársins .....                                |       | (12.296.578)        | (12.667.260)        |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum .....             |       | 177.887             | 1.004.633           |
| <b>Eigin tjón</b>                                | 9     | <u>(12.118.691)</u> | <u>(11.662.627)</u> |
| <br>   |       |                     |                     |
| Rekstrarkostnaður .....                          | 10    | (3.918.914)         | (3.934.148)         |
| Vaxtagjöld .....                                 |       | (2.792)             | (2.420)             |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna .....               | 11    | (28.278)            | (77.808)            |
| <b>Heildargjöld</b>                              |       | <u>(16.068.675)</u> | <u>(15.677.003)</u> |
| <br>   |       |                     |                     |
| <b>Hagnaður fyrir tekjuskatta</b>                |       | 1.953.725           | 2.555.778           |
| Tekjuskattar .....                               | 12    | (243.705)           | (401.732)           |
| <b>Heildarhagnaður ársins</b>                    |       | <u>1.710.020</u>    | <u>2.154.046</u>    |
| <br>   |       |                     |                     |
| <b>Hagnaður á hlut:</b>                          |       |                     |                     |
| Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut ..... | 13    | 0,69                | 0,86                |

Skýringar á blaðsíðum 9-31 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2014

|  | Skýr. | 2014              | 2013              |
|--|-------|-------------------|-------------------|
| <b>Eignir</b>  |       |                   |                   |
| Rekstrarfjármunir .....  | 14    | 117.553           | 126.848           |
| Óefnislegar eignir .....   | 15    | 2.054.227         | 978.113           |
| Skatteign .....  | 12    | 135.569           | 115.402           |
| Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur .....                      | 16    | 28.880.089        | 29.438.641        |
| Fjáreignir haldið til gjalddaga .....                            | 16    | 4.284.837         | 4.288.871         |
| Skuldabréf og aðrar langtímakröfur .....                         | 16    | 93.145            | 191.067           |
| Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka .....     | 17    | 1.284.696         | 1.221.236         |
| Viðskiptakröfur .....  | 18    | 5.283.955         | 4.925.815         |
| Endurtryggingaeignir .....                                       | 19    | 1.391.781         | 1.426.354         |
| Aðrar kröfur .....   | 20    | 1.540.480         | 994.059           |
| Handbært fé .....  | 21    | 1.399.904         | 2.661.796         |
| <b>Eignir samtals</b>  |       | <u>46.466.237</u> | <u>46.368.201</u> |
| <b>Eigið fé</b>  |       |                   |                   |
| Hlutafé .....  | 22    | 2.438.481         | 2.502.481         |
| Lögbundinn varasjóður .....                                      |       | 625.620           | 625.620           |
| Óráðstafað eigið fé .....  |       | <u>12.892.382</u> | <u>13.496.083</u> |
| Eigið fé samtals   |       | <u>15.956.483</u> | <u>16.624.184</u> |
| <b>Skuldir</b>   |       |                   |                   |
| Vátryggingaskuld .....   | 24    | 27.577.235        | 27.082.870        |
| Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka ..... | 17    | 1.284.696         | 1.221.236         |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir .....                          | 25    | 1.647.823         | 1.439.911         |
| Skuldir samtals  |       | <u>30.509.754</u> | <u>29.744.017</u> |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>                               |       | <u>46.466.237</u> | <u>46.368.201</u> |

Skýringar á blaðsíðum 9-31 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

## Eiginfjáryfirlit árið 2014

---

|   | Hlutafé   | Lögbundinn<br>varasjóður | Óráðstafað<br>eigið fé | Samtals     |
|---|-----------|--------------------------|------------------------|-------------|
| Eigið fé 1.1.2013 .....                 | 2.502.481 | 625.620                  | 11.342.037             | 14.470.137  |
| Heildarhagnaður ársins .....            |           |                          | 2.154.046              | 2.154.046   |
| Eigið fé 1.1.2014 .....                 | 2.502.481 | 625.620                  | 13.496.083             | 16.624.184  |
| Heildarhagnaður ársins .....            |           |                          | 1.710.020              | 1.710.020   |
| Keyptir eigin hlutir .....              | (64.000)  |                          | (482.781)              | (546.781)   |
| Greiddur arður 0,73165 kr. á hlut ..... |           |                          | (1.830.940)            | (1.830.940) |
| Eigið fé 31.12.2014 .....               | 2.438.481 | 625.620                  | 12.892.382             | 15.956.483  |

Skýringar á blaðsíðum 9-31 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2014

|  | Skýr. | 2014               | 2013               |
|--|-------|--------------------|--------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>  |       |                    |                    |
| Heildarhagnaður ársins .....                                     |       | 1.710.020          | 2.154.046          |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:                 |       |                    |                    |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....                           |       | (651.649)          | (489.910)          |
| Gangvirðisbreyting fjáreigna .....                               |       | (1.784.816)        | (2.138.399)        |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna .....                              |       | (10.171)           | 0                  |
| Aðrar skuldbindingar .....                                       |       | 3.969              | 3.515              |
| Afskriftir .....   |       | 113.121            | 140.112            |
| <b>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</b>            |       |                    |                    |
| Skatteign, (hækkun) .....  |       | (20.167)           | (74.542)           |
| Fjáreignir, lækkun, (hækkun) .....                               |       | 1.037.009          | (2.688.257)        |
| Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, lækkun .....                 |       | 97.922             | 61.042             |
| Viðskiptakröfur, (hækkun) .....                                  |       | (358.140)          | (11.607)           |
| Endurtryggingaeignir, lækkun, (hækkun) .....                     |       | 34.574             | (859.633)          |
| Aðrar eignir, (hækkun) .....                                     |       | (546.421)          | (80.779)           |
| Vátryggingaskuld, hækkun .....                                   |       | 494.364            | 879.268            |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, hækkun .....                  |       | 680.215            | 336.315            |
| <b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) án vaxta og skatta</b> |       | <u>799.829</u>     | <u>(2.768.829)</u> |
| Innborgaðar vaxtatekjur .....                                    |       | 1.815.685          | 1.683.310          |
| Innborgaður arður .....  |       | 85.778             | 63.128             |
| Greidd fjármagnsgjöld .....                                      |       | (2.792)            | (2.420)            |
| Greiddir tekjuskattar .....                                      |       | (476.274)          | (606.438)          |
| <b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>                    |       | <u>2.222.226</u>   | <u>(1.631.249)</u> |
| <b>Fjárfestingahreyfingar</b>                                    |       |                    |                    |
| Keyptir rekstrarfjármunir .....                                  | 14    | (36.821)           | (5.817)            |
| Seldir rekstrarfjármunir .....                                   |       | 10.203             | 0                  |
| Keyptur hugbúnaður .....   | 15    | (1.143.151)        | 0                  |
| Breyting á fjáreignum sem haldið er til gjalddaga .....          |       | 16.485             | 15.898             |
|  |       | <u>(1.153.284)</u> | <u>10.081</u>      |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                                    |       |                    |                    |
| Keyptir eigin hlutir .....                                       |       | (546.781)          | 0                  |
| Greiddur arður .....   |       | (1.830.940)        | 0                  |
|  |       | <u>(2.377.721)</u> | <u>0</u>           |
| Lækkun handbærs fjár .....                                       |       | (1.308.779)        | (1.621.169)        |
| Handbært fé í upphafi árs .....                                  |       | 2.661.796          | 4.318.165          |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....                        |       | 46.887             | (35.200)           |
| Handbært fé í lok árs .....                                      |       | <u>1.399.904</u>   | <u>2.661.796</u>   |

Skýringar á blaðsíðum 9-31 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, samstæðan eða VÍS, er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 3, Reykjavík.

Samstæðuársreikningur Vátryggingafélags Íslands hf. hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess, Líftryggingafélags Íslands hf. (Lífis). Samstæðan starfar á sviði skadatrygginga, líftrygginga og fjármála.

## 2. Grundvöllur reikningskila

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn var samþykktur og leyfður til birtingar á stjórnarfundi þann 26. febrúar 2015. Samantekt á helstu reikningskilaaðferðum samstæðunnar er að finna í skýringu 30.

## 3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

## 4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningskil samstæðunnar:

- vátryggingaskuld sjá skýringu nr. 24
- fjáreignir sjá skýringu nr. 16 og 26.2
- viðskiptavild sjá skýringu nr. 15
- virðisrýrnun viðskiptakrafna sjá skýringu nr. 11

## 5. Breytt framsetning

Samstæðan hefur breytt framsetningu fjárfestingatekna í rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu og telja stjórnendur samstæðunnar að breytt framsetning sýni gleggri mynd af rekstri hennar í heild. Vaxtatekjur fjáreigna á gangvirði gegnum rekstur eru nú hluti af gangvirðisbreytingu fjáreigna en voru áður hluti af fjármunatekjum. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu samstæðunnar eða eigið fé hennar. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Jafnframt hafa viðskiptaskuldir og aðrar skuldir verið sameinaðar í eina línu í efnahag og hefur skýringum verið breytt til samræmis. Þá er hugbúnaður flokkaður sem óefnislegar eignir en var áður talinn meðal rekstrarfjármuna. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis.

## 6. Starfsþáttgreining

Samstæðunni er skipt í þrjá rekstrarstarfsþætti: Skadatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Afkoma starfsþáttanna fyrir árið 2014 var eftirfarandi:

|  | Skadatrygginga-<br>rekstur | Líftrygginga-<br>rekstur | Fjármála-<br>rekstur | Samtals      |
|--|----------------------------|--------------------------|----------------------|--------------|
| Iðgjöld ársins .....                         | 15.099.279                 | 923.522                  | 0                    | 16.022.802   |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum ..... | (447.151)                  | (155.638)                | 0                    | (602.789)    |
| Fjárfestingatekjur .....                     | 1.148.394                  | 37.716                   | 1.252.848            | 2.438.958    |
| Aðrar tekjur .....                           | 163.429                    | 0                        | 0                    | 163.429      |
| Heildartekjur .....                          | 15.963.951                 | 805.600                  | 1.252.848            | 18.022.400   |
| Tjón ársins .....                            | (11.947.905)               | (348.673)                | 0                    | (12.296.578) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum .....         | 29.660                     | 148.227                  | 0                    | 177.887      |
| Rekstrarkostnaður .....                      | (3.161.703)                | (256.819)                | (500.391)            | (3.918.914)  |
| Vaxtagjöld .....                             | 0                          | 0                        | (2.792)              | (2.792)      |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna .....           | 0                          | 0                        | (28.278)             | (28.278)     |
